# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

266. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 10. NÓVEMBER 2016


# Sátt í sjónmáli við norsku barnaverndina

**Viðræður við norsk barnaverndaryfirvöld um örlög íslensks drengs sem flytja á til Noregs þvert á óskir aðstandenda lofa góðu. Hæstiréttur úrskurðaði í málinu í gær. Málið er sagt á viðkvæmu stigi.**

**DÓMSMÁL** Ágætar líkur eru taldar á því að barnaverndaryfirvöld í Kristiansand í Noregi fallist á tillögu Barnaverndarstofu um að íslenskur drengur sem Hæstiréttur Íslands úrskurðaði í gær að ætti að vera í forsjá norskra yfirvalda verði fóstraður hér á landi.

Samskipti þess efnis hafa nú átt sér stað í nokkurn tíma milli stofnana hér og í Noregi, en norsk barnaverndaryfirvöld vildu fá lokaniðurstöðu um forsjá drengsins áður en ákvörðun yrði tekin. Sú niðurstaða fékkst í gær þegar Hæstiréttur staðfesti dóm héraðsdóms um að barnaverndaryfirvöld í Kristiansand ættu að fara með forsjá drengins og að afhenda skyldi hann þeim yfirvöldum.

Aðkomu norskra yfirvalda að málinu má rekja til grunsemda um vanrækslu af hálfu móður drengsins. Eftir að móðirin var svipt forræði ákvað amma hans að fara með drenginn til Íslands í leyfisleysi. Pattstaða hefur verið í málinu síðan í sumar.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er málið á viðkvæmu stigi. Barnaverndarstofa hefur boðið norskum yfirvöldum aðstoð við að finna fósturforeldra hér á landi og hefur raunar hafið vinnu við það. Til greina kæmi að það yrði eitthvert af skyldmennum drengsins hér á landi sem tæki drenginn í fóstur. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins eru aðstandendur drengsins í bæði móður- og föðurætt sáttir við slíka tilhögun. Allt veltur nú á norskum yfirvöldum sem geta í krafti niðurstöðu Hæstaréttar frá því gær krafist þess að drengurinn verði sendur til Noregs í fóstur þann 4. desember næstkomandi. Sem fyrr segir herma heimildir Fréttablaðsins úr stjórnkerfinu að ágætar líkur séu á að norsk yfirvöld fallist á þessa lausn. Áhersla sé þó lögð á það úr þeirri átt að faglegt ferli eigi sér stað við mat á hæfum fósturforeldrum og að velferð barnsins verði tryggð.

Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, vildi ekki tjá sig um málið þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gærkvöldi fyrir utan það að samstarf væri í gangi um lausn sem væri drengnum fyrir bestu. – aó



NORDICPHOTOS/GETTY

Gríðarleg viðbrögð hafa orðið um allan heim við kjöri Donalds Trump sem bandaríkjaforseta. Til dæmis kom hópur fólks saman við bandaríska sendiráðið í London í gær og mótmælti. Fréttablaðið fjallar í dag ítarlega um kosningarnar, niðurstöðurnar og áhrifin sem þær kunna að hafa. Sjá bls. 8, 10, 12, 16, 18 og 20 og leiðara á bls. 24.

# Afþakkar 600 þúsund


Gunnar I. Birgisson.

**KJARAMÁL** Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Fjallabyggð, hefur afþakkað 600 þúsund króna launahækkun sem átti að koma í hans hlut í kjölfar umdeildrar ákvörðunar kjararáðs um hækkun þingfararkaups. „Ég þekki náttúrlega ekki forsendurnar sem þetta fólk vinnur eftir en þetta er algjörlega úr takti,“ segir Gunnar.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar frestaði í gær tillögu minnihlutans um að ákvörðun kjararáðs hafi ekki áhrif á launakjör bæjarfulltrúa í Hafnarfirði.

– gar / sjá síðu 4

# Ætla að bylta tækniheiminum

**TÆKNI** Sprotafyrirtækið Magic Leap ætlar að bylta tækniheiminum með nýjum sýndarveruleikagleraugum. Ólíkt sams konar gleraugum sem eru á markaði í dag ætlar fyrirtækið að framleiða linsur í gleraugu sem varpa myndum beint í augu notandans svo sýndarveruleikinn blandist raunverulegu umhverfi.

Fyrirtækið er eitt það umtalaðasta í tæknigeiranum og hefur safnað um 155 milljörðum króna í hlutafé. Á meðal fyrirtækja sem hafa fjárfest eru Google og JPMorgan.

„Við erum að gera eitthvað sem er virkilega frábrugðið öllu öðru,“ segir Rony Abovitz, stofnandi Magic Leap, í samtali við Forbes.

Ef hugsjónir hans rætast gætu gleraugun gert tækni á borð við sjónvarpið úrelta þar sem hver sem er gæti í raun varpað skjá upp á vegg heima hjá sér. – þea / sjá síðu 22

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Einar Páll Gunnarsson skrifar um innherja í pólitík. 32

**SPORT** Guðmundur fór vel með erfiða stöðu að mati dansks blaðamanns. 38

**MENNING** Sálumessa sungin í minningu Jóns Stefánssonar og ný bók frá Einari Kárasyni. 48

**LÍFIÐ** Hannes Óli leikur einleik í verkinu Hún pabbi, sem frumsýnt verður í Borgarleikhúsinu 6. janúar. 64




**PLÚS 1 SÉRBLAÐ ● FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Hæg sunnanátt og úrkomulítið í dag, en hvessir og fer að rigna vestan til seinni partinn. Hiti 1 til 6 stig. SJÁ SÍÐU 46

# Hælisleitendur flestir frá Evrópu

**SAMFÉLAG** 168 af þeim 201 sem sóttu um hæli á Íslandi í október voru frá Evrópu. Þar af var rúmur helmingur frá Makedóníu og að miklu leyti fjölskyldur. Næstflestir voru frá Albaníu, fjörutíu talsins. Þá sóttu átján Georgíumenn um hæli. Umdeilt er hvort Georgía tilheyri Evrópu en ef georgískir umsækjendur eru ekki taldir með eru evrópskir hælisleitendur 150.

136 hælisleitendanna eru fullorðnir karlmenn. 23 konur sóttu um hæli og 42 börn, þar af þrjú sem eru fylgdarlaus.

Ekkert lát virðist vera á fjölgun umsækjenda. Tæplega sjötíu komu til landsins í fyrstu viku nóvembermánaðar. Fjöldi umsókna á árinu er því kominn yfir 800 en til samanburðar höfðu tæplega 300 umsóknir borist á sama tímabili á síðasta ári.

Niðurstaða fékkst í samtals 107 umsóknum í október en Útlendingastofnun segist aldrei hafa afgreitt jafn margar umsóknir í einum mánuði. Þá voru 25 mál afgreidd með ákvörðun um endursendingu á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar, fjórum umsækjendum var hafnað þar sem þeir höfðu þegar fengið vernd annars staðar og sextán drógu umsóknir sínar til baka.

Fjórtán málum lauk með ákvörðun um veitingu verndar, viðbótarverndar eða dvalarleyfis af mannúðarástæðum. Þar af voru fjórir umsækjenda frá Íran og jafnmargir frá Marokkó og Nígeríu. **– þea**

**201**

**sótti um hæli, þar af voru169 frá Evrópu.**

## Með barnavagninn í þingsal



Í gær var haldið nýliðanámskeið á Alþingi fyrir nýja þingmenn. Þrjátíu og einn nýr þingmaður tekur sæti á Alþingi og aldrei hafa fleiri konur verið kjörnar á þing. Þingmenn voru meðal annars fræddir um kaup kjör og mannasiði í þingsal. Eva Pandora Baldursdóttir, þingmaður Pírata, er einn nýliðanna sem taka sæti á Alþingi. Með Evu í för á námskeiðinu í gær var tveggja mánaða gömul dóttir hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Tuttugu féllu í loftárás nærri Raqqa

**SÝRLAND** Loftárás bandalags herja Kúrda og Araba í Sýrlandi, sem nýtur stuðnings Bandaríkjahers, felldi að minnsta kosti tuttugu almenna borgara í smábæ norðan við borgina Raqqa. Borgin hefur verið kölluð höfuðborg Daish, hryðjuverkasamtakanna sem kenna sig við íslamskt ríki. Frá þessu greinir BBC og hefur eftir mannúðarsamtökum í landinu. Á meðal þeirra sem féllu voru sex konur og eitt barn.

John Dorrian, einn talsmanna bandalagsins, staðfesti árásina. „Nánari upplýsinga er þörf til þess að skera úr um hvort almennir borgarar hafi fallið í árásinni,“ sagði hann við BBC.

Annar talsmaður sagði allar fregnir af mannfalli almennra borgara áróður runninn undan rifjum Daish. Stórsókn hernaðarbandalagsins stendur nú yfir og er vonast til að ná borginni úr höndum Daish sem fyrst. **– þea**




# Viðræður þurfa að hefjast fyrir vikulok

**Formaður Sjálfstæðisflokksins segir mögulegt að hann nái ekki að mynda stjórn. Stjórnarmyndunarviðræður þurfi að hefjast fyrir vikulok. Formenn flokka geri of mikið af því að útiloka valkosti í stjórnarmyndunarviðræðum.**

„Mér finnst að í þessari viku þá þurfi annaðhvort að setja af stað einhverjar viðræður eða horfast í augu við það að menn ná þessu ekki saman,“ sagði Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins. Hann fundaði með þingflokki Sjálfstæðisflokksins í Valhöll í gær um framgang viðræðna. Átta dagar eru nú liðnir frá því að Bjarni fékk stjórnarmyndunarumboð frá forsetanum.

Frá þeim tíma hefur hann rætt við forystumenn annarra stjórnmálaflokka á Alþingi, án þess að til eiginlegra viðræðna hafi komið. „Ég get svo sem sagt að í þessum samtölum sem ég hef átt við formenn annarra flokka þá hafa línurnar verið að skýrast. En það er eftir sem áður staðan að það er ekki alveg auðsótt að mynda ríkisstjórn,“ segir hann.

Hann segist aldrei hafa útilokað þann möguleika að hann næði ekki að mynda stjórn. „Ég hef alltaf sagt að þetta væri krefjandi. Ég hef bundið vonir við þann tón sem hefur verið sleginn af mörgum að menn vilji vinna með þá niðurstöðu sem við fengum í kosningunum, að það sé ákall um það að menn sýni samstarfsvilja. En mér finnst menn hafa gert fullmikið af því í næsta orði að útiloka ýmsa valkosti. Og það þrengir stöðuna mjög mikið,“ segir Bjarni.

Enn er möguleiki á meirihlutasamstarfi milli Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar, með eins manns meirihluta. „Það er auðvitað ekki bara það að sú ríkisstjórn væri með tæpan meirihluta en menn verða líka að ná saman málefnalega. Af þeim samtölum sem hafa átt sér stað eru vissulega margir snertifletir en alls ekki sjálfgefið að menn nái saman um megináherslur.“



Á þessari stundu er ekkert víst að Bjarni Benediktsson muni hefja stjórnarmyndunarviðræður. Hann segir snúið að mynda stjórn eftir kosningarnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Mér finnst menn hafa gert fullmikið af því í næsta orði að útiloka ýmsa valkosti. Og það þrengir stöðuna mjög mikið.**
>
> Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins

Hvorki Óttarr Proppé, formaður Bjartrar framtíðar, né Benedikt Jóhannesson, formaður Viðreisnar, sögðu að fyrirhugaðir væru fundir um stjórnarmyndunarviðræður með þeim þegar Fréttablaðið náði tali af þeim eftir hádegi í gær.

Engin takmörk eru fyrir því hversu langan tíma stjórnarmyndunarviðræður mega taka og hefur tímalengd þeirra verið mjög mismunandi. Allt frá árinu 1991 hefur gengið nokkuð snurðulaust fyrir sig að mynda ríkisstjórn. Allar stjórnir frá þeim tíma hafa verið myndaðar af tveimur stjórnmálaflokkum. Sá möguleiki er ekki fyrir hendi núna.

**jonhakon@frettabladid.is**

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FÍNT FYRIR JÓLIN

# TAX FREE MARAÞON

## HÚSASMIÐJUNNAR

Öll málning • Allt parket • Allar flísar • Allar innihurðir
Öll hreinlætistæki • Öll rafmagnsverkfæri
Öll blöndunartæki • Öll ljós og perur
Allur True North útivistarfatnaður

**Hefst í dag**

Tax free* af mörgum vöruflokkum 10.-20. nóvember




TAX FREE • TAX FREE • TAX FREE • TAX FREE • TAX FREE • TAX FREE • TAX FREE

*Tax free gildir ekki af vörum merktum „lægsta lága verð Húsasmiðjunnar“ og tilboðsvörum. Tax free jafngildir 19,35% afslætti.

# Afþakkar 600 þúsund króna launahækkun og gagnrýnir kjararáð

**KJARAMÁL** „Þetta er ekki til eftirbreytni þannig að það var fljótafgreitt af minni hálfu,“ segir Gunnar I. Birgisson, sem afþakkað hefur mikla launahækkun sem bæjarstjóri í Fjallabyggð.

Samkvæmt ákvörðun kjararáðs um 44 prósenta hækkun á þingfararkaupi áttu mánaðarlaun Gunnars að hækka um 600 þúsund krónur þar sem bæjarstjóralaunin taka mið af þingfararkaupinu.

„Mér finnst þessi úrskurður vægast sagt sérkennilegur. Og það var bæði mín hugsun og niðurstaða að taka þetta ekki. Ég náttúrlega þekki ekki forsendurnar sem þetta fólk vinnur eftir en þetta er algerlega úr takti,“ segir Gunnar, sem tekur þó skýrt fram að hann hafi verið fylgjandi því að hækka laun alþingismanna.

„En þetta er kannski of mikið í lagt. Menn hljóta að breyta þessu eitthvað, ég trúi ekki öðru. Ég veit bara ekki hvaða heimildir þingið hefur til að gera það en mér finnst þetta út úr kortinu,“ segir bæjarstjórinn.

> **Ég tilkynnti það bara launafulltrúanum að vera ekki að bæta þessu á mín laun.**
>
> Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Fjallabyggð



„Ég bara veit það ekki, ég hef nú ekkert verið að auglýsa þetta,“ svarar Gunnar aðspurður um viðbrögðin við ákvörðun hans. „Ég tilkynnti það bara launafulltrúanum að vera ekki að bæta þessu á mín laun.“

Laun annarra starfsmanna í Fjallabyggð og þóknanir bæjarfulltrúa eru ekki tengd þingfararkaupi.

Í bæjarstjórn Hafnarfjarðar í gær var frestað afgreiðslu tillögu minnihluta Samfylkingar og Vinstri grænna um að nýjasta ákvörðun kjararáðs hafi ekki áhrif á launakjör bæjarfulltrúa í Hafnarfirði. „Það eru kaldar kveðjur til almennra launþega sem ekki hafa fengið viðlíka hækkanir á sínum launakjörum,“ bókaði minnihlutinn vegna frestunar meirihlutans sem vill bíða eftir útspili frá Alþingi eins og mörg sveitarfélög. **– gar**



**Um það bil tveir þriðju kaupsamninganna voru vegna kaupa á íbúðum í fjölbýlishúsum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Færri hús seld

**FASTEIGNIR** Þinglýstir kaupsamningar um fasteignir á höfuðborgarsvæðinu voru rúmlega nítján prósentum færri í október í ár en í fyrra. Þetta kemur fram í tilkynningu á vef Þjóðskrár Íslands. Um það bil tveir þriðju kaupsamninganna voru vegna kaupa á íbúðum í fjölbýlishúsum.

Heildarveltan nam um 30 milljörðum króna og var meðalupphæð á hvern kaupsamning um 45 milljónir króna í ár. Lítill munur er á veltu milli ára en veltan í fyrra nam um 31 milljarði króna. Meðalupphæð kaupsamninga í ár er um 20 prósentum hærri en í fyrra en þá var meðalupphæð kaupsamninga um 38 milljónir króna.

Lítil aukning er á milli mánaða. Í október voru kaupsamningar 662 talsins en í septembermánuði var 636 kaupsamningum þinglýst. **– þh**

## Afturför ógnar aðildarumsókn

**TYRKLAND** Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins lýsir yfir miklum áhyggjum af því sem hún kallar afturför í tyrknesku stjórnarfari allt frá misheppnaðri valdaránstilraun þann 15. júlí síðastliðinn. BBC greinir frá þessu.

Tyrkir sækjast eftir því að fá aðild að Evrópusambandinu en heimildarmaður BBC innan framkvæmdastjórnarinnar segir stjórnarhætti Receps Tayyips Erdogan forseta vera að koma í veg fyrir að aðild verði að veruleika. **– þea**

# Niðurrif 109 ára húss heimilað

**Bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar í Hafnarfirði gaf í skyn á bæjarstjórnarfundi að vinskapur húseiganda við formann skipulagsráðs hefði áhrif á leyfi fyrir niðurrifi aldargamals húss og stórauknu byggingarmagni.**

**SKIPULAGSMÁL** Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti í gær að leyfa niðurrif á 109 ára gömlu húsi og breytt deiliskipulag fyrir lóðirnar Hellubraut 5 og 7 sem gerir eigandanum kleift að byggja þar tvö mun stærri hús en áður var heimilt.

Nágrannar í húsunum í kring gerðu margar athugasemdir við áformin en skipulagsfulltrúi bæjarins lagði til að breytingin yrði samþykkt og var það gert í gær.

„Það hafa verið lagðar fram skuggavarpsmyndir og sneiðingar í byggðina sem sýna glögglega að fyrirhugað hús er lægra en núverandi hús sem verður rifið. Og það dregur úr skuggavarpi og eykur útsýni nærliggjandi húsa,“ sagði Ólafur Ingi Tómasson, formaður skipulagsráðs og bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, sem er í meirihlutasamstarfi við Bjarta framtíð.

Adda María Jóhannsdóttir úr Samfylkingu minnti á að meirihluti bæjarstjórnar hefði á síðasta kjörtímabili hafnað sambærilegri ósk húseigandans, meðal annars vegna þess að húsafriðunarnefnd taldi að varðveita ætti húsið til framtíðar. Við afgreiðslu málsins nú liggur hins vegar fyrir umsögn Minjastofnunar sem leggst ekki gegn niðurrifi hússins.

„Mér er eiginlega ómögulegt að átta mig á því hvað hafi raunverulega breyst,“ sagði Adda María um þessu stefnubreytingu varðandi varðveislugildi hússins. Þá gagnrýndi hún að verið væri að deiliskipuleggja tvær lóðir inn á reit sem hafi verið deiliskipulagður fyrir aðeins fimm árum. Nýtingarhlutfall lóðarinnar væri aukið um 60 prósent miðað við það sem var í gildi fyrir 2011.

„Þarna er erindi sem er búið að vera í kerfinu, það er að koma aftur, það er búið að vera lengi, þetta er sami eigandi, hann ætlar sér greinilega í gegn með þetta. Hann er að ná aðeins betri árangri núna. Ég velti fyrir mér bara yfir hvaða kaffibolla eða á hvaða holu þetta var ákveðið eða rætt,“ sagði Adda María og var þar að vísa til vinfengis húseigandans við Ólaf Inga bæjarfulltrúa og það að þeir leika golf saman og eru flokksbræður í Sjálfstæðisflokknum.



**„Við viljum að það sama gildi fyrir alla í hverfinu,“ segir Sölvi Sveinbjörnsson, einn nágrannanna sem mótmæltu breyttu deiliskipulagi fyrir Hellubraut 5 og 7.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> **Ég velti fyrir mér bara yfir hvaða kaffibolla eða á hvaða holu þetta var ákveðið.**
>
> Adda María Jónsdóttir, bæjarfulltúi Samfylkingar



> **Það dregur úr skuggavarpi og eykur útsýni nærliggjandi húsa.**
>
> Ólafur Ingi Tómasson, bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokks



Ólafur Ingi lét þessari athugasemd ósvarað. Hann sagði hins vegar að til þess að nauðsynlegt hafi verið að breyta byggingarreitunum vegna staðsetningar gömlu húsanna. Auk einbýlishússins eru bílskúr og geymsla byggð 1940 og 1945 á lóðinni.

Borghildur Sturludóttir arkitekt, bæjarfulltrúi Bjartrar framtíðar, sagði einnig að ekki hafi verið hægt að fylgja fyrra deiliskipulagi.

„Við höfum verið að spyrja krítískra spurninga. Við teljum að verkefnið sem slíkt og það sem verið er að kynna okkur sé bara gott og sé sannfærandi á þessum stað,“ sagði Borghildur og vísaði til skipulagslaga. „Það má taka út lóðir og gera breytingar á þeim þegar reitur í gildi er til staðar.“ **gar@frettabladid.is**





★★★★

*„... afskaplega vel kveðin bók.“*

SÖLVI SVEINSSON / MORGUNBLAÐIÐ

*„... enn ein rósin í hnappagat skáldsins.“*

ÞÓRDÍS EDDA JÓHANNESDÓTTIR / HUGRÁS

*www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39*



# Vistvænir dagar HEKLU

## 10.-12. nóvember 2016

Komdu á Vistvæna daga HEKLU og njóttu fjölbreyttrar dagskrár með fróðleik og kynningum sem snúa að vistvænum samgöngum. Metanbíllinn Eco Up! og tengiltvinnbíllinn Audi A3 e-tron verða frumsýndir og ótal margt fleira. Hlökkum til að sjá þig!

**Fimmtudagur 10. nóvember**

*Áhersla á metantækni, metanbíla og þjónustu við metanbílaeigendur.*

- Nýr Volkswagen Eco Up! metanbíll frumsýndur.
- Kynning og reynsluakstur á metanbílunum frá Skoda og Volkswagen.
- Íslenski rafkappakstursbíllinn TS16 sýndur.
- Kl. 12.00 og 16.30 verða örfyrirlestrar frá Sorpu, Olís, HEKLU og fleirum.

**Föstudagur 11. nóvember**

*Áhersla á raf- og tengiltvinnbíla.*

- Audi A3 e-tron frumsýndur.
- Kynning og reynsluakstur á Audi A3 e-tron, Q7 e-tron, VW Golf GTE, Passat GTE, e-Up!, e-Golf og Mitsubishi Outlander PHEV.
- Kl. 12.00 og 16.30 verða örfyrirlestrar frá Orku náttúrunnar, Rönning, Landsvirkjun, IKEA, Faradice, E1, Ísorku og HEKLU.
- Kl. 17.30 fer Stefán Pálsson sagnfræðingur yfir sögu rafbílsins og fjallað verður um mögulega framtíð hans.

**Laugardagur 12. nóvember**

*Áhersla á alla vistvæna bíla, tæknilausnir og þjónustu.*

- Kynningar á 11 vistvænum bílum HEKLU.
- Fjölmargir aðilar kynna vörur og þjónustu fyrir vistvæna bíla.
- Rafbílaöpp, hleðslulausnir, metantækni, orkudreifinet og framleiðsla íslensks eldsneytis kynnt.
- Kynning á vindmyllusmíði Háskóla Íslands og Landsvirkjunar.
- Kl. 13.00 hefjast örfyrirlestrar varðandi tæknilausnir og þjónustu vistvænna bifreiða.
- Kl. 15.00 verður skemmtileg umræða þar sem umfjöllunarefnið er: **Vistvænar bifreiðar – Er tíminn núna?**

Nánari upplýsingar um dagskrá Vistvænna daga má finna á **www.hekla.is**

Sérstakir samstarfsaðilar eru
Sorpa, Olís, Orka náttúrunnar, Íslensk nýorka og Rönning.

**Leiðandi í vistvænum bílum**

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is



Ljósmynd af Sharbat sem birtist í National Geographic vakti heimsathygli.

## Stúlkan með grænu augun rekin úr landi

**PAKISTAN** Sharbat Gula, afganska konan sem prýddi fræga forsíðu tímarits National Geographic, var vísað burt frá Pakistan í gær eftir að hún var sökuð um að vera með fölsuð skilríki. Henni var fylgt yfir landamærin með fjórum börnum sínum í gær en hún hafði flúið ættland sitt ung að aldri. Gula er nú 45 ára.

Hún var einnig dæmd í fimmtán daga fangelsi en þann dóm afplánaði hún á sjúkrahúsi þar sem hún gekkst undir meðferð við lifrarbólgu C.

Á forsíðumyndinni frægu, sem birtist árið 1985 og hefur verið kölluð „Afganska stelpan“, má sjá Gula í rauðum klæðum og vöktu stingandi græn augu hennar mikla athygli. Myndin var tekin 1984 í flóttamannabúðum í Pakistan en þangað hafði fjölskylda hennar flúið eftir að Sovétmenn hernámu Afganistan. – þea

## Hetja eða skúrkur




Grímuklæddir Filippseyingar mótmæla fyrirhugaðri útför hins fráfallna einræðisherra Ferdinands Marcos. Mótmælin fóru fram við hæstarétt landsins í Maníla en hæstiréttur hefur tekið þá ákvörðun að Marcos verði grafinn að hetjusiði í þjóðargrafreit landsins. NORDICPHOTOS/AFP

## Danir samþykkja að leyfa sjúklingum að neyta kannabisefna

**STJÓRNMÁL** Danska þingið hefur samþykkt lög sem heimila alvarlega veiku fólki að reykja og neyta kannabisefna. Lögin voru samþykkt til þess að auðvelda sjúklingum að glíma við ógleði, krampa og verki. Þingið ákvað að hefja strax tilraunaverkefni fyrir sjúklinga en lögin taka gildi 1. janúar 2018. Alvarlega veikir geta því nálgast kannabisefni í lyfjaverslunum í Danmörku gegn framvísun lyfseðils. Félag flogaveikra í Danmörku hefur gagnrýnt lögin vegna þess að þau taka ekki til flogaveikra. Breið samstaða var meðal þingflokka Danmerkur um lagasetninguna. – þh



Kannabisplanta. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Mögulegt að banna plastpoka

**STJÓRNSÝSLA** Mögulegt er að tekin verði ákvörðun um að banna sölu plastpoka í stórmörkuðum Reykjavíkurborgar. Þetta segir Hjálmar Sveinsson, formaður umhverfis- og skipulagsráðs borgarinnar. Ráðið tók í gær fyrir slíka áskorun sem barst frá vefnum Betri Reykjavík. Hugmyndin var sú sem hlaut flest atkvæði í aprílmánuði 2015. Hjálmar segir ráðið hafa tekið vel í hugmyndina en í umsögn sinni bent á að nú þegar sé verið að vinna eftir áætlun um plastnotkun.

„Hvort það muni leiða til þess að það verði tekin ákvörðun um að banna plastpoka er alveg mögulegt,“ segir Hjálmar. Hann segir þó að það sé ekki víst enda sé þeirri vinnu ekki lokið. – þea

> Hvort það muni leiða til þess að það verði tekin ákvörðun um að banna plastpoka er alveg mögulegt.
>
> Hjálmar Sveinsson, borgarfulltrúi






**Brynja Björk Harðardóttir** tannlæknir hefur hafið störf á ný á tannlæknastofunni Tannbjörgu eftir að hafa búið og starfað í Stokkhólmi í 11 ár.

Allir nýir og gamlir kúnnar velkomnir, börn og fullorðnir.

TANNBJÖRG TANNLÆKNINGAR

Hlíðasmári 14 | 201 Kópavogi | www.tannbjorg.is | Sími 564 2425


# Hagnaður Íslandsbanka helmingast

**Hagnaður Íslandsbanka á þriðja ársfjórðungi var 2,5 milljarðar. Einskiptisliðir einkenndu fyrri uppgjör og niðurstaðan nú endurspeglar grunnrekstur bankans.**

**VIÐSKIPTI** Hagnaður Íslandsbanka eftir skatta á þriðja ársfjórðungi nam 2,5 milljörðum króna og lækkaði úr tæpum sex milljörðum króna fyrir sama fjórðung í fyrra. Arðsemi eigin fjár bankans af reglulegri starfsemi var 8,7% samanborið við 11,1% sama fjórðung í fyrra miðað við 15% eigið fé.

Talsvert meira eigið fé er bundið í rekstri bankans, eða tæp 28%. Það liggur meðal annars í því að bankinn sótti sér 500 milljónir evra eða riflega 60 milljarða í erlendu skuldabréfaútboði en þeir fjármunir voru meðal annars notaðir til að greiða víkjandi lán. Bankinn er því vel fjármagnaður.

Það sem af er ári er hagnaður Íslandsbanka 15,6 milljarðar króna, en var 16,7 milljarðar fyrstu níu mánuði ársins 2015. Vaxtamunur bankans sem er munur á innlánum og útlánum var þrjú prósent samanborið við 2,9% árið áður. Vaxtamunur íslensku bankanna er hærri en í nágrannalöndunum. Jón Guðni Ómarsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs bankans, segir skýringuna liggja annars vegar í hærra vaxtastigi og svo því að íslenskir bankar búi ekki við sömu stærðarhagkvæmni og erlendir bankar.

Fyrri uppgjör bankans hafa litast af einskiptishagnaði, en uppgjör þriðja ársfjórðungs endurspeglar betur grunnrekstur hans. Birna Einarsdóttir, forstjóri Íslandsbanka, segir uppgjör bankans sýna sterka stöðu á markaði og góðan undirliggjandi rekstur. Hún segir skuldastöðu heimila hafa batnað en í uppgjörinu sést að vanskil hafa minnkað verulega á síðustu misserum. „Vaxtatekjur jukust um 13% frá fyrra ári og stafar það fyrst og fremst af hærra vaxtaumhverfi og auknu eigin fé. Samkeppni í útlánum fer harðnandi, sem samhliða sívaxandi skattlagningu á fjármálakerfið mun gæta í arðsemi bankans til lengri tíma,“ segir Birna.

hafliði@frettabladid.is




Íslandsbanki hefur hagnast um 15,6 milljarða króna það sem af er ári. Fyrri uppgjör bankans hafa litast af einskiptishagnaði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> Samkeppni í útlánum fer harðnandi.
>
> Birna Einarsdóttir, forstjóri Íslandsbanka



# RISA TAX FREE DAGAR

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT* AF
**SNYRTIVÖRUM, LEIKFÖNGUM, FATNAÐI,** **
**BÚSÁHÖLDUM, JÓLASKRAUTI,**
**GJAFAVÖRUM OG GARNI**
DAGANA 10.-14. NÓVEMBER

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað Hagkaups. ** Gildir ekki í F&F.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Trump lofar að sýna öllum sanngirni

**Donald Trump verður næsti forseti Bandaríkjanna og heitir því að verða forseti allra Bandaríkjamanna. Hillary Clinton, sem tapaði þrátt fyrir að hafa fengið fleiri atkvæði, vonast til þess að hann muni reynast vel en segir úrslitin sár vonbrigði.**

Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is



**BANDARÍKIN** Sigur Donalds Trump í forsetakosningunum í Bandaríkjunum hefur skotið ýmsum skelk í bringu, þar á meðal minnihlutahópum á borð við ólöglega innflytjendur og múslimakonur.

„Börnin eru hrædd," var til dæmis haft eftir konu af rómönskum uppruna í Los Angeles á fréttavef dagblaðsins LA Times.

Og bandarísk múslimakona skrifaði þetta á Twitter-síðu sína: „Ég óttast að dagurinn í dag verði sá síðasti sem mér hefur fundist ég vera sæmilega örugg með slæðuna."

Í Kaliforníu, New York og víðar hefur fólk haldið út á götur til að mótmæla hinum nýkjörna forseta.

Sjálfur lagði Trump sig hins vegar fram um það að róa fólk og boðaði sættir í ávarpi sínu í gærmorgun, þegar úrslitin voru komin í ljós: „Ég heiti því að verða forseti allra Bandaríkjamanna, og þetta skiptir mig miklu máli."

Hann hét því að sýna öllum sanngirni og eiga gott samstarf við allar þjóðir heims. Svo ætlar hann að tvöfalda hagvöxt Bandaríkjanna og fá andstæðinga sína til liðs við sig.

Clinton sagðist í símtali sínu við Trump, stuttu áður en hann flutti ávarp sitt, hafa boðist til þess að starfa með honum að málefnum Bandaríkjanna og hún sagðist vonast til þess að hann muni reynast vel: „Ég veit hve vonsvikin þið eruð því ég er það líka," sagði hún. „Þetta er sársaukafullt og mun verða það lengi."

Hins vegar verði Bandaríkjamenn að viðurkenna úrslitin og una þeim: „Stjórnarskrárbundið lýðræði okkar krefst þess að við tökum þátt, ekki bara á fjögurra ára fresti heldur alltaf."

Hillary Clinton fékk fleiri atkvæði en Donald Trump í forsetakosningunum á þriðjudag, en tapaði engu að síður. Það stafar af því að hún fær ekki jafn marga kjörmenn.

Hún var komin með um það bil 150 þúsund atkvæðum meira en Trump þegar búið var að telja rúmlega 98 prósent atkvæða, en allt stefndi í að Trump fengi vel yfir 300 kjörmenn af 438, sem dugar honum ríflega til sigurs.

Þetta hefur gerst fjórum sinnum áður í sögu forsetakosninga í Bandaríkjunum, síðast árið 2000 þegar Repúblikaninn George W. Bush sigraði Demókratann Al Gore sem hafði fengið fleiri atkvæði.

Trump hefur með sér meirihluta Repúblikanaflokksins í báðum deildum Bandaríkjaþings, en sú staða hefur verið harla sjaldgæf á síðustu áratugum.

Þar með mætti ætla að Trump muni eiga frekar auðvelt með að koma stefnumálum sínum í gegnum þingið.

Þótt Bandaríkjaforseti geti verið valdamikill með öflugan þingmeirihluta sér við hlið, þá er völdum hans veruleg takmörk sett ef þingið er ekki með honum. Þingið þarf til dæmis að samþykkja öll útgjöld, til dæmis ef reisa á múr við landamæri Mexíkó, og þingið þarf að vera fylgjandi hernaði sem Trump gæti viljað hrinda af stað.

Eitt af því fyrsta sem nýkjörið þing gæti hins vegar komið í framkvæmd, með Trump í fararbroddi, er að kollvarpa heilbrigðisþjónustulöggjöf Baracks Obama sem hefur verið eitt helsta hitamálið í bandarískum stjórnmálum árum saman.

„Þegar Trump tekur formlega við embættinu 20. janúar næstkomandi verður hann 70 ára gamall og kominn 220 daga inn á 71. árið.

Þar með verður hann elstur allra forseta Bandaríkjanna á innsetningardegi. Næstur kemur Ronald Reagan sem var 69 ára og 349 daga þegar hann tók við embætti árið 1981.




Donald Trump ásamt Mike Pence þegar úrslitin voru orðin ljós snemma í gærmorgun. Trump tekur við forsetaembættinu 20. janúar næstkomandi og Pence verður varaforseti hans. NORDICPHOTOS/AFP

## Niðurstöður kosninganna

Kjörmenn, kosnir af almennum kjósendum, kjósa forsetann – 270 atkvæði þarf til sigurs




### Hillary Clinton
Demókrati



Ríkin sem hún vann sigur í

20




### Donald Trump
Repúblikani



Ríkin sem hann vann sigur í

28

| | | | |
|---|---|---|---|
| AL | Alabama | 9 | |
| AK | Alaska | 3 | |
| AZ | Arizona | 11 | |
| AR | Arkansas | 6 | |
| CA | Kalifornía | 55 | |
| CO | Colorado | 9 | |
| CT | Connecticut | 7 | |
| DC | Washington DC | 3 | |
| DE | Delaware | 3 | |
| FL | Flórída | 29 | |
| GA | Georgía | 16 | |
| HI | Havaí | 4 | |
| ID | Idaho | 4 | |
| IL | Illinois | 20 | |
| IN | Indiana | 11 | |
| IA | Iowa | 6 | |
| KS | Kansas | 6 | |
| KY | Kentucky | 8 | |
| LA | Louisiana | 8 | |
| ME | Maine | 4 | |
| MD | Maryland | 10 | |
| MA | Massachusetts | 11 | |
| MI | Michigan | 16 | |
| MN | Minnesota | 10 | |
| MS | Mississippi | 6 | |
| MO | Missouri | 10 | |
| MT | Montana | 3 | |
| NE | Nebraska | 5 | |
| NV | Nevada | 6 | |
| NH | New Hampshire | 4 | |
| NJ | New Jersey | 14 | |
| NM | Nýja-Mexíkó | 5 | |
| NY | New York | 29 | |
| NC | Norður-Karólína | 15 | |
| ND | Norður-Dakóta | 3 | |
| OH | Ohio | 18 | |
| OK | Oklahoma | 7 | |
| OR | Oregon | 7 | |
| PA | Pennsylvanía | 20 | |
| RI | Rhode Island | 4 | |
| SC | Suður-Karólína | 9 | |
| SD | Suður-Dakóta | 3 | |
| TN | Tennessee | 11 | |
| TX | Texas | 38 | |
| UT | Utah | 6 | |
| VT | Vermont | 3 | |
| VA | Virginía | 13 | |
| WA | Washington | 12 | |
| WV | Vestur-Virginía | 5 | |
| WI | Wisconsin | 10 | |
| WY | Wyoming | 3 | |

Kjör Donalds Trump í embætti forseta Bandaríkjanna getur haft mikil áhrif á Hæstarétt Bandaríkjanna. Enn á eftir að skipa í stöðu níunda dómarans eftir að öldungadeild Bandaríkjaþings neitaði að taka tilnefningu Baracks Obama á Merrick Garland til meðferðar. Hefði sú skipun verið samþykkt hefðu Demókratar náð meirihluta í réttinum í fyrsta skipti í meira en hálfa öld.

Donald Trump, fyrstur forsetaframbjóðenda í sögunni, lagði fram lista í kosningabaráttunni yfir þá sem honum finnst að gætu sest í hæstarétt Bandaríkjanna. Trump hét því í kosningabaráttunni að hann myndi skipa íhaldssaman dómara sem myndi vernda skotvopnaréttindi, snúa við eins og hálfs árs gömlum dómi um lögleiðingu hjónabands samkynhneigðra og snúa við dómi frá árinu 1971 sem samþykkti rétt kvenna til að gangast undir fóstureyðingu.

Niðurstaða kosninganna kann að hafa haft áhrif á hvort Ruth Bader Ginsburg, 83 ára, og Stephen Breyer, 78 ára, sjái sér fært að setjast í helgan stein á kjörtímabilinu, en þau voru bæði skipuð af Demókrötum. Ákveði þau hins vegar að láta af störfum má gera ráð fyrir að Repúblikanar haldi meirihluta í réttinum næstu árin og jafnvel áratugina.

## Bandaríkjaþing




Demókratar 47

Repúblikanar 51

Óháðir 2




Demókratar 193

Repúblikanar 239

MILLJÓNAVELTAN
**ER FJÓRFÖLD!**

# 40

**MILLJÓNIR Á EINN MIÐA**

DRÖGUM KL. 18.00 Í DAG - TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á HHI.IS

HAPPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS

*Vænlegast til vinnings*

PIPAR\TBWA • SÍA • 164965

# 10 hlutir sem Trump hefur sagst ætla að gera sem forseti



Donald Trump boðaði miklar breytingar í bandarískum þjóðfélagsmálum í kosningabaráttu sinni til forseta Bandaríkjanna. Hvort hann standi við loforð sín, eins og að hefja á ný vatnspyndingar eða banna múslimum að koma til Bandaríkjanna, á tíminn eftir að leiða í ljós.

## 1. Múslimum bannað að koma til Bandaríkjanna

Donald Trump eyddi miklu púðri í kosningabaráttunni í að ræða um íslam. Í viðtali í vor sagði Trump að íslam ýtti undir hatur á Bandaríkjunum. Trump lagði til að múslimum yrði bannað að koma til Bandaríkjanna þangað til kennisetningunum væri breytt.

Mike Pense, tilvonandi varaforseti Bandaríkjanna, gagnrýndi Trump fyrir ummælin og sagði þau vera móðgandi og brjóta gegn stjórnarskránni. Þegar leið á kosningabaráttuna dró Trump aðeins úr yfirlýsingunni en hana má þó enn finna á kosningavef Trumps.

## 2. Obamacare lagt niður

Síðustu mánuði lofaði Trump því sýknt og heilagt að hann myndi fella niður Obamacare og koma á nýju heilbrigðiskerfi, þegar hann yrði kjörinn forseti.

Frá því að Obamacare var sett á laggirnar árið 2010 hafa rúmlega 20 milljónir Bandaríkjamanna bæst í hóp þeirra sem hafa heilbrigðistryggingu. Hlutfall ótryggðra Bandaríkjamanna hefur aldrei verið jafn lágt en það er um það bil 8,9 prósent.

Trump hyggst koma á fót eigin kerfi sem býður upp á val, gæði og er á viðráðanlegu verði. Til þess að ná því fram þarf Trump á stuðningi 60 þingmanna í öldungadeild Bandaríkjaþings að halda. Það er lágmarksfjöldi atkvæða til þess að koma í veg fyrir málþóf Demókrata en öldungadeildarþingmenn úr röðum Repúblikana eru 51 talsins.

## 3. Endursamið um viðskiptasamninga

Trump hefur talað um að viðskiptasamningar Bandaríkjanna við önnur ríki séu vonlausir og hefur hann lofað því að semja upp á nýtt. Í sumar sagði Trump að hann myndi draga Bandaríkin úr Alþjóðaviðskiptastofnuninni yrði hann kjörinn forseti. Hann segir stofnunina stuðla að viðskiptaójöfnuði í landinu og hana vera stórslys. Einnig muni Bandaríkin yfirgefa samtök olíuútflutningslanda.

Hann hyggst semja aftur við Kanada og Mexíkó um NAFTA-fríverslunarsamninginn og við Kyrrahafsríki um TPP-fríverslunarsamningin. Enda telur hann að Bandaríkin hafi verið hlunnfarin við samningagerðina.

## 4. Ausa fé í herinn

Á stefnuskrá Trumps er að auka fjárútgjöld til hersins um 500 milljarða dollara næsta áratuginn. Meðal annars til þess að glíma við uppgang Íslamska ríkisins. Hann telur þörf á að fjölga hermönnum um 50 þúsund, herskipum um rúmlega 80 og herflugvélum um rúmlega hundrað.

Til þess að greiða fyrir útgjöldunum hyggst Trump biðja fulltrúadeild Bandaríkjaþings að hætta að takmarka eyðslufé varnarmálaráðuneytisins. Hann hyggst fjármagna útgjöldin með því að rukka inn ógreidda skatta, með niðurskurði í almannakerfinu, koma upp um tryggingasvindl og hækka skatta á orkufyrirtæki.

## 5. Skattalækkanir

Trump leggur til gríðarlega umfangsmiklar breytingar á skattkerfinu. Tekjuskattskerfi Bandaríkjanna byggir á sjö þrepum. Frá tíu prósenta skatti upp í 39,6 prósent. Í stefnuskrá Trumps leggur hann til þriggja þrepa skattkerfi með 12, 25 og 33 prósenta þrepum. Trump hyggst lækka fyrirtækjaskatt úr 35 prósentum í fimmtán prósent og afnema allan erfðafjárskatt.

Samkvæmt skattstefnumiðstöðinni í Bandaríkjunum munu skattalækkanir Trumps minnka tekjur ríkissjóðs um rúmlega 6.200 milljarða dollara næstu tíu árin. Rúmlega 47 prósent af skattalækkununum munu renna til ríkasta eins prósentsins, en þær munu koma verst út hjá þeim tekjulægstu.

## 6. Pyndingar

Fyrr á árinu hótaði Trump því að ef hann yrði kjörinn forseti myndi hann láta drepa fjölskyldumeðlimi þeirra sem hann telur Bandaríkjunum stafa ógn af. Hann lofaði því að hann myndi innleiða á ný vatnspyndingar og aðrar pyndingaraðferðir. Trump sagði að styrkja þyrfti lögin svo að Bandaríkin gætu átt auðveldara með að glíma við Íslamska ríkið. Eftir að hafa verið harðlega gagnrýndur af hershöfðingjum og fyrrverandi yfirmanni leyniþjónustu Bandaríkjanna dró Trump aðeins í land. Hann viðurkenndi að hann gæti ekki neytt hermenn til þess að brjóta gegn alþjóðlegum sáttmálum og lögum en að hann myndi hins vegar reyna að auka valdheimildir hermanna fyrir bandaríska þinginu til þess að berjast við Íslamska ríkið.

## 7. Verndarskattur Trumps

Trump hefur hótað því að koma ekki öðrum þjóðum í Atlantshafsbandalaginu til aðstoðar greiði þær ekki sanngjarnan hlut af útgjöldum bandalagsins. Eystrasaltslöndin hafa tekið þessar hótanir mjög alvarlega, sérstaklega í ljósi aðdáunar Trumps á Pútín. Aðspurður hvort hann myndi koma Eystrasaltslöndunum til varnar ef Rússar gerðu innrás neitaði Trump að svara. Hann gæti aðeins svarað spurningunni játandi ef löndin hefðu borgað sinn hlut til bandalagsins.

## 8. Parísarsamkomulagið

Donald Trump hefur margoft haldið því fram að það sé ekkert sem bendi til þess að loftslagið á jörðinni sé að hlýna. Hann hefur hvatt til frekari olíuvinnslu, borunum eftir jarðgasi og að fækka reglugerðum við vinnslu jarðefnaeldsneytis. Parísarsamkomulagið, sem 195 lönd samþykktu, telur Trump vera slæmt fyrir bandarísk viðskipti. Í kosningabaráttunni hvatti hann til þess að Bandaríkin drægju sig út úr samkomulaginu.

Á síðustu árum hefur Trump birt tugi tísta þar sem hann þvertekur fyrir að hlýnun jarðar sé vandamál. Í einu þeirra segir hann að Kínverjar hafi fundið upp gróðurhúsaáhrifin til þess að lama bandarískan iðnað. Í öðru kvartar hann yfir kulda í New York borg og spyr hvar í fjandanum megi finna fyrir þessari hlýnun jarðar.

## 9. Umbætur í Washington

Eitt af loforðum Trumps var að útrýma peningasjóðunum úr bandarískum stjórnmálum. Hann segist ætla að koma í veg fyrir spillingu og hagsmunapólitík og hann sé fullkominn í það starf því ekki sé hægt að kaupa hann. Í stefnuskrá Trumps eru hugmyndir um að takmarka setu í fulltrúadeild Bandaríkjaþings við ákveðinn fjölda kjörtímabila og banna fyrrverandi starfsmönnum Hvíta hússins og þinghússins að gerast lobbýistar fyrstu fimm árin eftir að störfum lýkur.

## 10. Reisa múr

Donald Trump hefur ítrekað, frá fyrstu framboðsræðu sinni og allt þangað til hann náði kjöri, að hann ætli að reisa múr á landamærum Bandaríkjanna og Mexíkó. Trump nýtur lítilla vinsælda í Mexíkó því auk hugmynda hans um að reisa múr á landamærunum hefur hann kallað Mexíkóa dópsala, glæpamenn og nauðgara. Landamærin eru um 3.200 kílómetrar að lengd og bandarísk verktakafyrirtæki hafa metið kostnaðinn við byggingu múrsins á milli 15 til 25 milljarða dollara. Einnig hyggst Trump vísa öllum ólöglegum innflytjendum úr landi en fjöldi þeirra hleypur á milljónum. Þrátt fyrir þessa orðræðu hlaut Trump meira fylgi hjá spænskættuðum Bandaríkjamönnum en Mitt Romney, forsetaframbjóðandi Repúblikanaflokksins, gerði árið 2012. thorgeirh@frettabladid.is

## Viðbrögð leiðtoga við úrslitum kosninganna

**Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, hefur í dag, miðvikudaginn 9. nóvember, sent Donald Trump, nýkjörnum forseta Bandaríkjanna, heillaóskir frá sér og íslensku þjóðinni í kjölfar sigurs hans í forsetakosningunum.**



Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands

**Maður sér ekki í fljótu bragði að þetta hafi áhrif á samskipti Íslands og Bandaríkjanna.**



Geir H. Haarde, sendiherra Íslands í Bandaríkjunum

**Milli ríkjanna hefur ríkt mikil og góð vinátta um áratugaskeið og leggur forsætisráðherra í bréfi sínu áherslu á áframhaldandi gott samstarf og samvinnu, bæði tvíhliða og á alþjóðavettvangi.**



Sigurður Ingi Jóhannsson, forsætisráðherra

**Niðurstaðan er ákall um kerfisbreytingar í bandarísku samfélagi og kjósendur telja að Trump sé líklegri til að koma þeim á.**



Lilja Alfreðsdóttir, utanríkisráðherra

**Verð að segja að ég er mjög döpur. Málflutningur þröngsýni og haturs virðist hafa haft sigur í nótt.**



Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna


DEBENHAMS
50%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM ÚLPUM
KONUR • HERRAR • BÖRN
Finndu okkur á facebook
OPIÐ Í DAG 11:00 – 21:00
DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

**Fylgi á meðal þjóðfélagshópa samkvæmt útgönguspám**
Hillary Clinton




# Bandalag hinna gleymdu valdi Trump

**Sigur Donalds Trump í forsetakosningum Bandaríkjanna má rekja til hvítra, ómenntaðra, eldri kjósenda sem búsettir eru utan stórborga. Þjóðfélagshópum sem kusu Trump finnst þeir gleymdir í pólitískri orðræðu Bandaríkjanna.**

Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is



Donald Trump, nýkjörinn forseti Bandaríkjanna, má þakka hvítum verkamönnum í strjálbýlli sýslum sigur sinn ef marka má útgönguspár sem gerðar voru á kjördag. Samkvæmt þeim var Trump með 31 prósentustigs forskot á Hillary Clinton á meðal hvítra karlmanna sem ekki hafa lokið háskólaprófi. Forskotið var 27 prósentustig á meðal kvenna.

Alls fékk Trump 56 prósent allra atkvæða hvítra kjósenda, sem eru langstærsti markhópurinn. Hins vegar naut hann mun minna fylgis meðal svartra og spænskættaðra kjósenda.

Ásamt því að bera sigur úr býtum í öllum þeim ríkjum sem Repúblikaninn Mitt Romney vann árið 2012 náði Trump að snúa miðvesturríkjunum Iowa, Wisconsin, Ohio og Arizona auk Pennsylvaníu og Flórída. Þar að auki lítur út fyrir að Trump vinni Michigan.

Séu úrslit þeirra ríkja skoðuð eftir sýslum má sjá að Trump var með mun meira fylgi en Clinton í strjálbýlli sýslum en Clinton vann sigra í flestum stórborgum.

### Verksmiðjur og innflytjendur

Trump keyrði kosningabaráttu sína á því að tala gegn fríverslunarsamningum á borð við NAFTA og lofaði því að endurvekja innlenda framleiðslu. Hann sagðist ætla að refsa bandarískum fyrirtækjum sem flyttu starfsemi sína úr landi og hét kjósendum því að endurvekja gamalgrónar starfsstéttir.

Það var þessi boðskapur sem spilaði ef til vill inn í á meðal eldri íbúa miðvesturríkjanna, sem ólust upp við störf í risavöxnum verksmiðjum fyrirtækja á borð við General Motors.

Samkvæmt útgönguspám kusu 65 prósent þeirra sem telja að fríverslunarsamningar kosti Bandaríkjamenn störf Trump, en 31 prósent Clinton. Hins vegar kusu 59 prósent þeirra sem voru á gagnstæðri skoðun Clinton en 35 prósent Trump.

Þá benda stjórnmálaskýrendur í Bandaríkjunum á það að ótti við lýðfræðilegar breytingar hafi átt stóran þátt í úrslitunum. Hlutfall hvítra í Bandaríkjunum minnkar jafnt og þétt samhliða hækkandi hlutfalli spænskættaðra og svartra Bandaríkjamanna.

Allt frá því Trump tilkynnti um framboð sitt talaði hann fyrir hertri innflytjendastefnu og hefur hann ítrekað lofað því að reisa vegg á landamærunum við Mexíkó. Sú stefna hefur óumdeilanlega heillað þá sem hvað mest hræðast lýðfræðilegar breytingar.



**Stuðningsmenn Donalds Trump fagna ákaft. Margir hverjir skreyttir hinum rauðu derhúfum sem Trump hefur gert að einkennisbúningi sínum. Á derhúfunum má sjá slagorð Trumps: „Make America Great Again.“** NORDICPHOTOS/AFP

64 prósent þeirra sem töldu innflytjendamál mikilvægasta kosningamálið kusu Trump en 32 prósent Clinton. Sömu sögu er að segja af þeim sem eru á því að flytja eigi ólöglega innflytjendur úr landi. 84 prósent þeirra kusu Trump en 14 prósent Clinton.

### Bandalag hinna gleymdu

Fréttaveitan Reuters kemst einna best að orði um það bandalag kjósenda sem tryggði Trump sigurinn og kallar það „bandalag hinna gleymdu“. Í viðtali við Reuters segir Matt Borgers, formaður Repúblikanaflokksins í Ohio, að Trump hafi látið kjósendum líða eins og þeir skiptu máli.

„Áður en Trump kom til sögunnar vorum við ekki að hlusta á þessa kjósendur,“ segir Borges.

Washington Post kallar kosningarnar „hefndarstund hvítra verkamanna“. Greinir dagblaðið frá því að efnahagsstefna Bandaríkjanna hafi leikið hvíta karlmenn í verkamannastörfum grátt undanfarna áratugi. Hún hafi lækkað laun þeirra og fækkað störfum. Verksmiðjum og námum hafi verið lokað og störf flust úr landi. „Þessir kjósendur voru ekki þeir einu sem fannst hnattræn efnahagsstefna hafa skilið þá eftir, en þeir þróuðu með sér einna mesta biturð í garð stefnunnar,“ segir í Washington Post.

Samkvæmt tölfræði stofnunarinnar CBPP hafa meðallaun hvítra karlmanna án háskólagráðu lækkað úr 45 þúsund Bandaríkjadölum í 37 þúsund ef tekið er tillit til verðbólgu.

Bandalagið samanstendur eins og áður segir af hvítum, eldri, minna menntuðum kjósendum úr strjálbýlli sýslum. Í þeim markhópum sigraði Trump með yfirburðum. Enginn Repúblikani hefur fengið jafn hátt hlutfall atkvæða á meðal þeirra frá því Ronald Reagan gjörsigraði Walter Mondale árið 1984.

### Krufningunni hafnað

Í kjölfar ósigurs Mitts Romney árið 2012 ákvað miðstjórn Repúblikanaflokksins að kryfja framboðið til þess að átta sig á því hvers vegna hann sigraði ekki. Afraksturinn var hundrað blaðsíðna skýrsla og var meginniðurstaðan sú að flokkurinn útilokaði of stóran hóp kjósenda, einkum svarta og spænskættaða. Þá var bent á að of fáir starfsmenn hefðu verið á götum barátturíkja og frammistaða í kappræðum þótti ófullnægjandi.

Án þess að leiðrétta nokkur þessara mistaka vann Trump sigur á Clinton. Hann þótti hafa tapað í öllum kappræðum, hann hundsaði algjörlega hefðbundna uppbyggingu framboðs og sótti fylgi sitt að langmestu leyti til hvítra kjósenda.

Ekki er víst að áherslur Trumps muni duga til sigurs í næstu kosningum eða í kosningunum þar á eftir þar sem hlutfall hvítra kjósenda fer minnkandi.

**Fylgi á meðal þjóðfélagshópa samkvæmt útgönguspám**
Donald Trump




## Viðbrögð leiðtoga við úrslitum kosninganna

**Eins og ég hef ítrekað sagt þá er það ekki okkur að kenna að samskipti Rússlands og Bandaríkjanna séu svona stirð. En Rússar vilja og eru reiðubúnir til að koma aftur á fullburða samskiptum við Bandaríkin.**



Vladimír Pútín, Rússlandsforseti

**Ég hefði heldur viljað að Clinton hefði sigrað. Það er hins vegar mikilvægt fyrir mig sem forsætisráðherra og ríkisstjórnina að vera í góðum samskiptum við Bandaríkin.**



Stefan Löfven, forsætisráðherra Svíþjóðar

**Trump hefur tekist að verða fánaberi ótta og angistar milljóna Bandaríkjamanna. Nú þarf að takast á við þessi áhyggjuefni með trúverðugri stefnumótun.**



Martin Schulz, forseti Evrópuþingsins

**Ég hlakka til að hitta Trump fljótlega og bjóða hann velkominn til Brussel á leiðtogafundinn á næsta ári til að ræða framhaldið.**



Jens Stoltenberg, framkvæmdastjóri NATO

**Ég óska honum til hamingju, eins og eðlilegt er að gera þegar um er að ræða leiðtoga í tveimur lýðræðisríkjum. Nú eru friður og ástandið í Miðausturlöndum efst á baugi.**



François Hollande, forseti Frakklands



NÝTT

## Mascara Supra Volume

Vertu viðbúin umtalsvert meiri fyllingu.

**TAX FREE DAGAR**

# Volume, Volume, Volume!

(Ertu tilbúin?)

Aldrei áður hefur þú getað skartað þvílíkum augnhárum né heldur skynjað áhrif augnförðunar sem endast jafn lengi![1]
Með þessum afburðamaskara, sem eykur samstundis umfang augnháranna um leið og hann nærir þau, muntu eftir nokkur skipti geta upplifað lengri, þéttari og sterkari augnhár sem undirstrikar hina djúpu, dökku fegurð þeirra. Því oftar sem þú notar þennan maskara þeim mun meira og varanlegra verður umfang augnháranna.[2]
Með glæsilegu, 4-lita augnskuggapallettunni fullkomnar þú svo þessa dulúðugu og hrífandi umgjörð augnanna. Núna átt þú leik!

[1] Niðurstöður nákvæmra mælinga sem fóru fram daglega á augnhárum 90 kvenna í tvær vikur.
[2] Niðurstöður klínískra rannsókna á umfangi augnhára 30 kvenna eftir fjögurra vikna notkun maskarans.






Cassie-blómið
Vaxið sem unnið er úr Cassie blóminu er gætt þeim eiginleikum að mýkja og laða fram heillandi augnhár þín.




It's all about you.

**CLARINS**




*Á meðan birgðir endast.

Clarins kynning í Hagkaup
10.-14. nóvember.
Kaupaukinn þinn þegar keyptar eru tvær vörur í CLARINS.*

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla

# STRÍÐIÐ 1914–1918

## Íslendingar og heimsstyrjöldin

Heimsstyrjöldin fyrri – „stríðið mikla“ – hafði margvísleg áhrif á líf og lífskjör Íslendinga. Nærri 400 hermenn fæddir hér á landi börðust í skotgröfum stríðsins, og vegna kafbátahernaðar vofði siglingateppa yfir – um tíma óttaðist fólk hungursneyð á Íslandi. Þessi magnaða saga er rakin í lifandi texta og einstæðum ljósmyndum. Útkoman er áleitin svipmynd af hryllingi ófriðarins og íslensku þjóðlífi í aðdraganda fullveldis.

★★★★★

**„... verðmætin felast þó fyrst og fremst í íslenska vinklinum sem varla hafa verið gerð jafn góð skil ...“**
VALUR GUNNARSSON / DV













*Þegar siðmenningin fór fjandans til* kom út fyrir jólin 2015 og hlaut mjög góðar viðtökur, fékk m.a. **Íslensku bókmenntaverðlaunin**. Þetta vandaða og læsilega rit birtist hér í nýjum búningi, aukið að efni og ríkulega myndskreytt.

**„... afbragðsgott yfirlit yfir sögusvið stríðsins, í senn fræðandi og vekjandi.“**
JÓN ÓLAFSSON / HUGRAS.IS

**„... áhugaverð innsýn í tilveru Íslendinga á ófriðartímum fyrir 100 árum ...“**
TINNA EIRÍKSDÓTTIR / SIRKÚSTJALDIÐ

ÞEGAR SIÐMENNINGIN FÓR

# MIKLA



fyrri








**480 BLAÐSÍÐUR** í stóru broti





**LYKILL** að nútímanum

**540 LJÓSMYNDIR**

FJANDANS TIL

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

# Endi olíualdarinnar frestað

**Donald Trump, þekktasti efasemdamaður loftslagsvísinda, verður næsti forseti Bandaríkjanna. Slær skugga á Parísarsamninginn sem var fullgiltur á heimsvísu á föstudag. Stefnumál Trumps eru ósamræmanleg loftslagsstefnu fráfarandi forseta.**

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Þegar þjóðarleiðtogar féllust í faðma eftir undirritun loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna í París í desember síðastliðnum, var það kallað risaskref fram á við til að takast á við stærstu áskorun mannskyns – loftslagsbreytingar af mannavöldum.

Donald Trump, nýkjörinn forseti Bandaríkjanna, hefur aftur á móti lýst því yfir að vísindin að baki loftslagsfræðunum séu þvættingur og að baki þeim séu Kínverjar sem vilji koma höggi á Bandaríkin. Hann sagði ítrekað í kosningabaráttu sinni að yrði hann kosinn forseti þá myndi hann kljúfa þjóð sína frá samkomulaginu sem leiðtogar 196 ríkja undirrituðu og taka fyrir alla fjármögnun loftslagstengdra verkefna úr bandarískum sjóðum. Eins vill hann gera allt sem í hans valdi stendur til að auka framleiðslu á olíu, gasi og kolum á leið sinni til að tvöfalda hagvöxt í Bandaríkjunum. Það loforð endurtók hann síðast í sigurræðu sinni í gærmorgun.




Skilaboðin frá stuðningsmönnum Trumps hafa alltaf legið fyrir og eru skýr. NORDICPHOTOS/AFP

### Kaldhæðnislegt

Í þessu ljósi er það kaldhæðnislegt að loftslagsráðstefna Sameinuðu þjóðanna (COP22) stendur yfir þessa dagana í borginni Marrakesh í Marokkó – sem er jafnframt fyrsta aðildarríkjaþing Parísarsamningsins. Eins að fyrir fimm dögum gekk Parísarsamningurinn um aðgerðir gegn loftslagsbreytingum í gildi á heimsvísu, en í Marrakesh liggur fyrir þinginu að útfæra nánar ýmis ákvæði Parísarsamningsins; bókhald ríkja varðandi losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis með skógrækt og öðrum aðgerðum, aðlögun að breytingum og fjármál.

### Stórt er spurt

En getur Donald Trump látið verða af hótunum sínum – sem jafnvel fulltrúar kínverskra stjórnvalda hafa gagnrýnt. Umhverfisráðherra Frakklands, Ségolène Royal, sem var mjög áberandi við gerð Parísarsamningsins, sagði við blaðamenn í Marrakesh í gær að Bandaríkin gætu ekki sagt sig einhliða frá samningnum. Í samkomulaginu kæmi skýrt fram að allar þjóðir sem hefðu fullgilt hann væru bundnar af honum næstu fjögur árin.

Ekki eru allir jafn sannfærðir um „fjögur ár stöðugleika“, eins og Royal. Bent er á að þrátt fyrir Parísarsamkomulagið geti Trump unnið gegn markmiðum þess innan frá; með því að ónýta verk Baracks Obama, fráfarandi forseta, sem miða að því að draga úr losun í Bandaríkjunum. Hafa ber hugfast að stór hluti af innanríkispólitík Trumps, eins og hún birtist í kosningabaráttu hans, er einmitt að endurlífga kolaiðnaðinn, og styrkja aðrar uppsprettur jarðefnaeldsneytis. Það eitt gengur þvert á anda Parísarsamkomulagsins – og heitstrengingar leiðtoga heims til að ná markmiðum þess um að takmarka hlýnun jarðar við 1,5 gráður. Valkosturinn, eins og margoft hefur komið fram í máli ráðamanna jafnt sem vísindamanna, eru áður óþekktar hamfarir sem munu ná til allrar heimsbyggðarinnar – en bara taka á sig ólíkar myndir.

### 40%

Bandaríkin og Kína bera samanlagt ábyrgð á um 40 prósentum af losun gróðurhúsalofttegunda í heiminum – og bera höfuð og herðar yfir öll önnur ríki hvað það varðar. Þess vegna vakti það sérstaka athygli þegar þessir fjandvinir komu saman mánuði fyrir Parísarfundinn og undirrituðu samkomulag um að minnka útblástur sinn. Enginn efast um áhrif þessa samkomulags á framgang samningaviðræðnanna sem fylgdu, og var sagt að ef Kína og Bandaríkin gætu sameinast um þessi markmið þá gætu aðrar þjóðir heims gert það líka. Þá má spyrja hvað þetta samband þýðir ef Bandaríkin ætla ekki að virða Parísarsamkomulagið. Getur það haft áhrif á afstöðu Kínverja þar sem löndin komu fram saman sem tvíeyki, og hann hefði aldrei orðið að veruleika án ríkjanna tveggja.

Án samnings í París hafði verið látið að því liggja að Sameinuðu þjóðirnar hefðu misst af sínu síðasta tækifæri til að ná samkomulagi milli allra, stórra sem smárra, um aðgerðir gegn loftslagsbreytingum. Við tæki glundroði þar sem enginn tæki ábyrgð á lausn vandans, sem nær allir þó viðurkenna og hræðast.

Parísarsamkomulagið var síðar sagt marka endi olíualdarinnar. Í dag virðist það mikilli óvissu háð. Rétt eins og hvað það raunverulega þýðir fyrir baráttuna gegn hlýnun jarðar að valdamesti maður heims viðurkennir ekki að breytingarnar séu að eiga sér stað.

## Parísarsamkomulagið í hnotskurn

- Um 190 ríki sendu sjálfviljug inn markmið sín varðandi losun fyrir Parísarfundinn sem vísað er til í samkomulaginu. Þau ná yfir um 90% af heimslosun.
- Sett er markmið um að halda hlýnun lofthjúpsins vel innan við 2°C og jafnframt verður reynt að halda hlýnuninni innan við 1,5°C.
- Losun gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu skal ná hámarki „eins fljótt og auðið er“ og minnka síðan þannig að losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum nái jafnvægi við upptöku kolefnis úr andrúmsloftinu á síðari helmingi aldarinnar.
- Fara skal yfir stöðu mála á 5 ára fresti og í kjölfar þess skulu ríki senda inn endurnýjuð landsmarkmið; ný markmið eiga að vera eins metnaðarfull og alla jafna metnaðarfyllri en fyrri markmið í ljósi leiðsagnar vísindanna.
- Lofað er að fjármögnun loftslagsmála til þróunarríkja nái 100 milljörðum dollara árið 2020.
- Settar eru fram kröfur um bókhald yfir nettólosun ríkja.
- Í Parísarsamkomulaginu er gerð krafa um bókhald fyrir öll ríki, þótt kröfur til þróunarríkja séu vægari.
- Viðurkennt er að bregðast þurfi við skaða sem fátæk ríki verða fyrir vegna neikvæðra áhrifa loftslagsbreytinga, bæði við að draga úr líkum á skaða og bregðast við tjóni sem verður.

# Styttist í að Geir Haarde og Obama verði nágrannar í Washington DC

**Barack Obama og fjölskylda hans munu flytja inn í þar næsta hús við sendiráðsbústað Íslands þegar kjörtímabili hans lýkur í janúar.**

**STJÓRNMÁL** Barack Obama og fjölskylda munu yfirgefa Hvíta húsið í byrjun næsta árs og flytja inn í Kalorama-hverfið í Washington. Í þar næsta húsi frá fyrirhuguðu heimili Obama-fjölskyldunnar býr Geir H. Haarde, sendiherra Íslands í Bandaríkjunum.

Undirbúningur að flutningi Obama fjölskyldunnar er í fullum gangi og hafa íbúar Kalorama-hverfisins verið boðaðir á fund með bandarísku leyniþjónustunni en hún mun gæta öryggis hans og fjölskyldu hans eftir að hann lætur af embætti.

Geir H. Haarde og kona hans Inga Jóna Þórðardóttir hafa, enn sem komið er, ekki verið boðuð á fund leyniþjónustunnar. Erlingur Erlingsson, sendiráðunautur íslenska sendiráðsins í Washington, segist litlar fregnir hafa fengið af flutningi Obama-fjölskyldunnar. „Eina sem liggur fyrir er að allt eftirlit mun aukast í hverfinu sem verður aðeins til þess að auka öryggi íbúanna,“ segir Erlingur.




Kalorama-hverfið í Washington er eitt dýrasta hverfi borgarinnar en þar er að finna heimili margra sendiherra. Í næsta húsi við Geir og Ingu Jónu er sendiráðsbústaður Sýrlands. Húsnæðið hefur hins vegar staðið autt í nokkur ár vegna þess að ekki er lengur stjórnmálasamband milli Sýrlands og Bandaríkjanna.

Framtíðarleigusali forsetafjölskyldunnar er Joe Lockhart, en hann starfaði sem upplýsingafulltrúi Hvíta hússins í forsetatíð Bills Clinton. Húsið sem er um 760 fermetrar var byggt árið 1928 og er útbúið átta baðherbergjum og níu svefnherbergjum.

Íslenski sendiráðsbústaðurinn er örlítið minni en framtíðarheimili Obama-fjölskyldunnar en Geir og Inga Jóna hafa það fram yfir Obama og Michelle að sundlaug fylgir sendiráðsbústaðnum.

Barack Obama verður sjötti forseti Bandaríkjanna til þess að búa í hverfinu en hann hyggst búa þar ásamt fjölskyldu sinni þar til Sasha, yngri dóttir hans, lýkur gagnfræðaskóla. **thorgeirh@frettabladid.is**

### Stutt á milli



# DRAUMNÓTT

ÚTGÁFUBOÐ
Í DAG
SKÓLAVÖRÐUSTÍG
KL 17.00




VILDARVERÐ:
4.599.-
Verð:
6.299.-

DRAUMROF




-KILJUR-

VILDARVERÐ:
5.499.-
Verð:
7.499.-

ELSKU DRAUMA MÍN




**NÓTTIN SEM ÖLLU BREYTTI**
**VILDARVERÐ: 5.299.-**
Verð: 6.999.-




**PERURNAR Í ÍBÚÐINNI MINNI**
**VILDARVERÐ: 3.999.-**
Verð: 5.499.-




**LJÓÐ MUNA RÖDD**
**VILDARVERÐ: 3.999.-**
Verð: 4.999.-




**BJARTMAR ÞANNIG TÝNIST TÍMINN**
**VILDARVERÐ: 5.499.-**
Verð: 7.499.-


Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson
540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Vildartilboð gildir frá 10. nóv. til og með 15. nóv. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.




Liðsmenn hindúasamtakanna Sena komu saman í Nýju-Delhi á Indlandi í gær til að fagna sigri Donalds Trump. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Fylgst með kosningunum

Víða um heim beið fólk spennt eftir úrslitum bandarísku forsetakosninganna. Tilfinningahiti einkenndi viðbrögð og skiptar skoðanir um frambjóðendur.




Stuðningsmenn Trumps í Ástralíu fylgdust spenntir með kosningavöku í Sydney-háskóla og kættust mjög þegar á leið. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Í Peking, höfuðborg Kína, fylgdust margir spenntir með kosningunum og punktuðu hjá sér úrslitin jafnóðum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Þegar úrslitin voru tekin að skýrast létu margir stuðningsmanna Hillary Clinton bugast þar sem þeir fylgdust með á kosningavöku hennar í Jacob K. Javits ráðstefnumiðstöðinni í New York. NORDICPHOTOS/AFP


mazda
LANGUR VEGUR FRAMUNDAN. HÚRRA!
MAZDA CX-3
MAZDA CX-3
FJÓRHJÓLADRIFINN FRÁ 3.740.000 KR.
FRAMDRIFINN FRÁ 3.090.000 KR.
Fádæma veggrip, há sætisstaða ásamt glæsilegri innréttingu gera hverja ferð í Mazda CX-3 að upplifun fyrir skynfærin. i-ACTIV AWD fjórhjóladrifið límir bílinn við veginn og akstursgleðina er erfitt að útskýra en auðvelt að upplifa í reynsluakstri.
SkyActiv spartæknin og lág bilanatíðni Mazda tryggir sparneytni og lágan rekstrarkostnað. Margvíslegur i-ACTIVSENSE öryggisbúnaðurinn tryggir öryggi allra farþega og hjálpar ökumanni að greina og forðast aðsteðjandi hættur.
KOMDU, REYNSLUAKTU OG UPPLIFÐU MAZDA CX-3
mazda.is
Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga frá kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050
Búnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.
brimborg
Öruggur staður til að vera á

VIÐSKIPTI



# Óvæntur sigur Trumps hristi upp í mörkuðum

Hlutabréfamarkaðir í Bandaríkjunum lækkuðu við opnun og sveifluðust eilítið fram eftir degi. Markaðir heimsins brugðust í fyrstu illa við óvæntum fréttum af sigri Donalds Trump í forsetakosningum Bandaríkjanna í gær. Hlutabréfahrun varð víðsvegar í Asíu og Evrópu. Hlutabréf tóku þó við sér í Evrópu. Lítil áhrif voru á Íslandi. Gengi Bandaríkjadals og mexíkóska pesósins veiktist. Sigur Trumps felur í sér mikla óvissu sem getur haft áframhaldandi neikvæð áhrif á hlutabréfamarkaði og alþjóðaviðskipti.

## Hrun á Asíumarkaði

Í kjölfar niðurstöðu kosninganna hrundu hlutabréf í Asíu. Nikkei-vísitalan í Japan lækkaði mest, eða um 5,36 prósent, aðfaranótt miðvikudags. Shanghai Composite-vísitalan lækkaði um 0,62 prósent og Hang Sen í Hong Kong um 2,16 prósent.

The Guardian greinir frá því að 35 milljarðar dollara, jafnvirði 3.860 milljarða íslenskra króna, hafi þurrkast út af hlutabréfamarkaðnum í Ástralíu. Líklega má rekja lækkunina til þess að Trump hefur talað um að leggja álag á innfluttar vörur frá Kína og að refsa fyrirtækjum sem flytja störf til Asíu.

## Jöfnuðu sig í Evrópu

Gengi hlutabréfa í Evrópu hrundi í gærmorgun. Ástæðan er talin vera óljós afstaða Trumps til efnahagsmála. Um morguninn lækkað DAX-vísitalan í Þýskalandi um næstum þrjú prósent, en um eftirmiðdaginn í gær hafði hún hækkað um 0,4 prósent. IBEX-vísitalan á Spáni lækkaði um nærri fjögur prósent en hafði hækkað um 1,3 prósent um eftirmiðdaginn. FTSE 100 í Bretlandi lækkað um tvö prósent snemma morguns en hafði svo hækkað um 0,4 prósent síðdegis í gær.

## Pesóinn í Mexíkó tók dýfu

Frá því að úrslit forsetakosninganna lágu fyrir og fram til eftirmiðdagsins í gær lækkaði gengi pesósins, gjaldmiðils Mexíkó, gagnvart bandaríkjadal allverulega. Pesóinn lækkaði um tólf prósent, þegar ljóst var að Trump væri sigurvegari kosninganna um klukkan sex um nóttina, en hækkaði svo á ný. Um eftirmiðdaginn í gær hafði gengi hans lækkað um 8,6 prósent.

Líklega má rekja lækkunina til þess að Trump hefur lengi heitið því að reisa vegg á landamærum ríkjanna og láta Mexíkó borga fyrir smíðina, og skattleggja peninga sem innflytjendur senda til fjölskyldna.

**Gengi pesós gagnvart Bandaríkjadal í gær**




## Lítil áhrif á hlutabréf á Íslandi

Gengi hlutabréfa á Íslandi lækkaði, rétt eins og í öðrum löndum, snemma í gærmorgun, um 1,3 prósent. Lækkanirnar náðust þó að mestu til baka. Úrvalsvísitalan lækkaði um 0,76 prósent í gær og gengi hlutabréfa í öllum nema fimm fyrirtækjum á Aðallista Kauphallarinnar lækkaði.

„Þetta er ekki svo óvenjulegur dagur á íslenska markaðnum. Við erum með 45 daga á árinu þar sem lækkunin hefur verið meiri og svo eru viðskiptin eiginlega í meðaltali. Þetta er ótrúlega venjulegur dagur þegar öllu ert á botninn hvolft,“ segir Magnús

> Það kannski hjálpar að við opnum aðeins seinna en erlendu markaðirnir.
>
> Magnús Harðarson, forstöðumaður viðskiptasviðs Kauphallar Íslands



Harðarson, forstöðumaður viðskiptasviðs Kauphallar Íslands.

„Það kannski hjálpar að við opnum aðeins seinna en erlendu markaðirnir. Ef maður ber saman Nordic 40 vísitöluna og úrvalsvísitöluna, þá sér maður að þegar norræna vísitalan opnar fer hún niður um næstum þrjú prósent, en þeir eru komnir eiginlega á sama stað og við þegar við opnuðum klukkutíma síðar.“

Miðgengi Bandaríkjadals gagnvart krónunni hafði í gærmorgun ekki verið lægra síðan í október 2008. Gengið hækkaði þó aftur yfir daginn.



Afstaða Trumps til efnahagsmála er mjög óljós.

## Fríverslun í uppnámi

Eftir kjör Trumps ríkir nú mikil óvissa varðandi framtíð alþjóðaviðskipta að mati sérfræðinga.

CNN Money hefur eftir Lim Say, yfirmanni fjárfestinga hjá DBS-bankanum í Singapúr, að alþjóðahagkerfið, alþjóðaviðskipti og fjármálamarkaðir standi nú frammi fyrir mikilli óvissu þar sem nýr leiðtogi Bandaríkjanna vill færa landið nær aðskilnaðarstefnu. Margir óttast að viðskiptastríð muni brjótast út.

AGS, OECD og fleiri stofnanir hafa nú þegar varað við rýrum vexti í alþjóðaviðskiptum á árinu, og áhrif af Brexit, ákvörðun Breta um að yfirgefa Evrópusambandið, bættust ofan á áhyggjur stofnananna.

Sérfræðingar vara við áætlunum Trumps um að rifta eða endurrita NAFTA-fríverslunarsamninginn við Mexíkó og Kanada. Þeir telja að það muni hafa mjög truflandi





TOPPBILAR.IS
TILBOÐSDAGAR
Fullt af flottum bílum á frábæru verði
ergo
1.990.000 kr.
MERCEDES BENZ B 200 cdi. Árg. 2007.
Ekinn 99.000 km. dísel, sjálfskiptur.
Verð 2.390.000.- TILBOÐ 1.990.000.-
Rnr.391389.
949.000 kr.
KIA Sorento. Árgerð 2003.
Ekinn 243.000 km. dísel, sjálfskiptur.
Verð 1.250.000.- TILBOÐ 949.000.-
Rnr.391221.
1.090.000 kr.
TOYOTA Yaris terra. Árg. 2010.
Ekinn 86.000 km. bensín, 5 gírar.
Verð 1.390.000.- TILBOÐ 1.090.000.-
Rnr.391075.
499.000 kr.
CITROEN C4 sx. Árg. 2005.
Ekinn 166.000 km. bensín, 5 gírar.
Verð 690.000.- TILBOÐ 499.000.-
Rnr.391067.
699.000 kr.
SUZUKI Liana 4wd. Árg. 2005.
Ekinn 137.000 km. bensín, 5 gírar.
Verð 990.000.- TILBOÐ 699.000.-
Rnr.372933.
2.890.000 kr.
AUDI Q7 quattro. Árg. 2007.
Ekinn 183.000 km. dísel, sjálfskiptur.
Verð 3.390.000.- TILBOÐ 2.890.000.-
Rnr.133854.
849.000 kr.
AUDI A6 turbo. Árg. 2004.
Ekinn 168.000 km. bensín, sjálfskiptur.
Verð 1.190.000.- TILBOÐ 849.000.-
Rnr.420513.
1.049.000 kr.
TOYOTA Yaris terra. Árg. 2011.
Ekinn 93.000 km. bensín, 5 gírar.
Verð 1.390.000.- TILBOÐ 1.049.000.-
Rnr.420462.
1.490.000 kr.
MAZDA Cx7. Árg. 2007.
Ekinn 84.000 km. bensín, sjálfskiptur.
Verð 1.750.000.- TILBOÐ 1.490.000.-
Rnr.412047.
1.899.000 kr.
RENAULT Megane berline. Árg. 2014.
Ekinn 68.000 km. dísel, 6 gírar.
Verð 2.190.000.- TILBOÐ 1.899.000.-
Rnr.411942.
1.990.000 kr.
FORD Focus stw. Árg. 2014.
Ekinn 64.000 km. bensín, 6 gírar.
Verð 2.490.000.- TILBOÐ 1.990.000.-
Rnr.411917.
5.390.000 kr.
TOYOTA LC 150 gx 7manna. Árg. 2011.
Ekinn 152.000 km.- dísel, sjálfskiptur.
Verð 5.790.000.- TILBOÐ 5.390.000.-
Rnr.411914.
1.149.000 kr.
BENZ C 200 kompressor. Árg. 2005.
Ekinn 175.000 km. bensín, sjálfskiptur.
Verð 1.490.000.- TILBOÐ 1.149.000.-
Rnr.411901.
1.799.000 kr.
FORD Focus trend station. Árg. 2013.
Ekinn 80.000 km. bensín, 6 gírar.
Verð 2.190.000.- TILBOÐ 1.799.000.-
Rnr.411813.
1.349.000 kr.
TOYOTA Yaris sol 1.3 dísel. Árg. 2011.
Ekinn 101.000 km. dísel, 6 gírar.
Verð 1.690.000.- TILBOÐ 1.349.000.-
Rnr.411647.
1.699.000 kr.
TOYOTA Tacoma d/c 4x4. Árg. 2007.
Ekinn 92.000 km. bensín, 6 gírar.
Verð 1.990.000.- TILBOÐ 1.699.000.-
Rnr.391749.
Birt með fyrirvara um myndabrengl eða prentvillur.
Tobías Sveinbjörnsson
Beinn sími 587 2050
Jón Valur Sigurðsson
Beinn sími 587 2054
Sæmundur G. Guðmundsson
Beinn sími 587 2051
TOPPBÍLAR
Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík · Sími 587 2000
OPIÐ: MÁN - FÖS 10 -18 OG LAU 12 - 16



Skjáskot úr kynningarmyndbandi Magic Leap. Hvalurinn er ekki inni í íþróttasalnum í raun og veru heldur birtist hann þeim sem eru með gleraugu Magic Leap. MYND/SKJÁSKOT

# Dularfullt sýndarveruleikafyrirtæki

**Magic Leap hefur aflað sér 155 milljarða króna til að þróa byltingarkennda sýndarveruleikatækni. Í stað gleraugna með skjá lofar fyrirtækið að varpa myndum beint í augun í gegnum sérstakt gler. Fyrirtækið er sveipað mikilli dulúð og hefur lítið sem ekkert kynnt sig.**

Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is



Hundrað grunnskólabörn sitja í stúkunni í íþróttasal. Allt í einu stekkur stærðarinnar hvalur upp úr parketlögðu gólfinu og vatn skvettist út um allt. Vígaleg vélmenni eru á víð og dreif um stofugólfið og skjóta úr geislabyssum að unglegum manni. Dvergvaxinn fíll stendur í lófum manns á miðju engi.

Sýnir sem þessar hljóma óraunverulegar og eru líka óraunverulegar. En þær blasa við í kynningarmyndbandi sprotafyrirtækisins Magic Leap. Fyrirtækið hyggst ekki gera þessa atburði að veruleika en það ætlar að gera hinum almenna neytanda kleift að sjá þær með nýrri sýndarveruleikatækni.

Magic Leap er staðsett í Flórída, fjarri öðrum sprotafyrirtækjum í tæknigeiranum sem flest eru í Kísildal í Kaliforníu. Þrátt fyrir það er fyrirtækið það heitasta í tæknigeiranum og hefur það aflað sér um 155 milljarða króna. Frá því greinir Forbes. Á meðal fyrirtækja sem hafa fjárfest í Magic Leap eru Alibaba, Google og JPMorgan.

Í viðtali við Forbes segir Rony Abovitz, framkvæmdastjóri og stofnandi Magic Leap, frá því hvernig fyrirtækið hefur haldið sig víðs fjarri augum almennings allt frá stofnun þess fyrir fimm árum. Einungis nánir vinir og samstarfsmenn fái að berja tæknina augum. Þrátt fyrir það er fyrirtækið metið á nærri hálfa billjón króna. „Við erum að gera eitthvað sem er virkilega frábrugðið öllu öðru,“ segir Abovitz.

**Ný nálgun**
Á meðan tæknirisar á borð við Microsoft, Sony, Google, Samsung og Facebook hafa sett sýndarveruleikagleraugu á markað sem eru í raun tveir skjáir sem maður spennir utan um höfuðið, ætlar Magic Leap að fara aðra leið.

Fyrirtækið ætlar að setja á markað linsur sem passa á venjuleg gleraugu og lofar að linsurnar muni ekki takmarka almenna sjón. Linsurnar munu sem sagt ekki varpa myndum sem þú horfir síðan á heldur er markmiðið að varpa ljósinu beint í augað svo það blandist venjulegri sjón. Linsurnar munu einnig skanna umhverfið, hendur notandans og hreyfingar augnanna.

> Við erum að gera eitthvað sem er virkilega frábrugðið öllu öðru.
>
> Rony Abovitz, stofnandi Magic Leap



**155**
**milljarða króna hefur Magic Leap aflað.**

Notagildi slíkrar tækni er augljóst fyrir skemmtanaiðnaðinn enda hafa fyrirtæki á borð við Legendary Entertainment, kvikmyndaframleiðandinn á bak við myndir á borð við Jurassic World, Warcraft og Inception, dælt peningum í Magic Leap. Með tækninni væri hægt að færa tölvuleiki inn í raunverulegt umhverfi notandans á hátt sem hamlar ekki almennri sjón og krefst þess ekki að maður kíki á símann í sífellu líkt og í snjallsímaleiknum Pokémon Go. Ef tæknin væri notuð fyrir álíka leik og Pokémon Go mætti til að mynda sjá furðuverurnar fela sig undir rúmi notandans í stað þess að standa í stað og vera einungis sýnilegar á skjá snjallsímans.

**Ekki bara fyrir leiki**
Í viðtali við Forbes segir Abovitz hins vegar að skemmtiefni sé ekki eina notagildi tækninnar. Abovitz sér fyrir sér sýndarveruleg hjálpara, svipaðan og röddina Siri sem iPhone-eigendur þekkja. Munurinn væri sá að hjálpara Abovitz væri hægt að sjá með eigin augum.

Þá segir í umfjöllun Wired að þessi nálgun á sýndarveruleika gæti í raun gert sjónvörp óþörf þar sem notandinn gæti varpað upp sínum eigin skjá á vegginn í stofunni.

„Þetta snýst ekki bara um skemmtun eða tölvuleiki. Þetta er önnur leið til þess að sjá heiminn. Þetta er ný kynslóð tölva. Ég held þetta verði virkilega, virkilega mikilvægt skref,“ segir Thomas Tull, stofnandi Legendary Entertainment, í samtali við Forbes.

**Nýr heimur**
Vert er að velta fyrir sér hvernig tækni Magic Leap gæti breytt heiminum, verði hún að veruleika. Blaðamaður Forbes líkir tækni Magic Leap við snjallsímann og byltinguna sem hann hratt af stað. Nú má til dæmis sjá snjallsímaforrit fyrir allt mögulegt. Hvort sem það eru tölvuleikir eða heimabanki.

Notagildi gleraugna frá Magic Leap gæti hins vegar verið mun meira. Ef Magic Leap afkastar öllu því sem lofað er er ljóst að áhrifin gætu verið mikil fyrir fjölmarga þætti tæknigeirans.

Söfn gætu þurft að búa til forrit fyrir gleraugun þar sem hægt væri að sjá safngripi heiman frá sér og bílstjórar þyrftu að passa sig á ungmennum sem hlypu um göturnar, skjótandi vélmenni og vampírur.

# Gervigreind hefur spáð úrslitum í síðustu þrennum kosningum

Gervigreindarforritið MogIA spáði rétt fyrir um úrslit bandarísku forsetakosninganna. Er það í þriðja skipti í röð sem MogIA hefur rétt fyrir sér en gervigreindin spáði einnig sigri Baracks Obama árin 2008 og 2016. Þá hefur spáin einnig reynst rétt hvað forval beggja flokka varðar.

MogIA byggir spá sína á virkni á Google, YouTube, Twitter og fleiri vefsíðum til þess að mæla ákefð stuðningsmanna forsetaframbjóðenda og fjölda þeirra.

„Á meðan flest forrit þurfa að líða fyrir skoðanir forritarans, á MogIA að læra af umhverfi sínu og þróa sínar eigin reglur,“ segir Sanjiv Rai, stofnandi indverska sprotafyrirtækisins Genic.ai sem þróaði MogIA, í samtali við CNBC.

> Forritið greindi meðal annars viðbrögð fólks við færslum frambjóðandanna á samfélagsmiðlum

Á meðal þeirrar tölfræði sem gervigreindin tók mið af við spá sína var hversu margir brugðust við færslum Trumps á Twitter og Facebook.

Bætti hann tölfræði Obama um 25 prósent á því sviði.

Rai telur MogIA verða nákvæmari með hverjum kosningum þar sem virkni á samfélagsmiðlum eykst mikið milli ára.

Þó segir hann að erfitt hafi verið fyrir gervigreindina að greina á milli jákvæðra og neikvæðra viðbragða við færslum frambjóðenda. – þea



Donald Trump, nýkjörinn forseti Bandaríkjanna. NORDICPHOTOS/AFP

# *Lækkað verð í nóvember*
## *– með kaupauka*



**KAUPAUKI**
Ný vetrardekk frá Nokian komin undir og sumardekkin í skottið.
Verðmæti kaupauka:
**141.000 kr.**

## FORD FOCUS TREND EDITION
## AKSTURSGLEÐI OG LÚXUSBÚNAÐUR

Focus er einn vinsælasti fjölskyldubíllinn á Íslandi og býðst nú á lækkuðu vetrarverði með kaupauka. Focus hefur sópað til sín verðlaunum gegnum árin fyrir aksturseiginleika og einnig hefur sparneytin og kraftmikil vélin ítrekað fengið viðurkenninguna „International Engine Of The Year“.

Staðalbúnaður Ford Focus er á pari við margan lúxusbílinn. Hann er með loftkælingu og upphitanlegri framrúðu, fékk fimm stjörnur í öryggisprófi EURO NCAP, er sítengdur með Bluetooth og búinn nýjustu tækni eins og íslensku leiðsögukerfi og átta tommu snertiskjá. Þú færð framúrskarandi þjónustu hjá Brimborg og við tökum gamla bílinn þinn upp í nýjan Focus.

## TILBOÐ

FULLT VERÐ: FORD FOCUS TREND EDITION FRÁ 3.250.000 KR.

**VETRARVERÐ OG KAUPAUKI TIL 19. NÓVEMBER**

FRÁ **2.990.000** KR.

Ford

**Upplifðu frábæra aksturseiginleika Ford Focus**
**- komdu núna og tryggðu þér Focus á vetrarverði með kaupauka**

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

# Sigur trúðsins



**Þorbjörn Þórðarson**
thorbjorn@frettabladid.is

Verstra martröð margra varð að veruleika í gær þegar Donald Trump var kjörinn forseti Bandaríkjanna. Kjör hans er ekkert minna en harmleikur fyrir bandarísku þjóðina eins og hún leggur sig og alla þá sem vilja standa vörð um mannréttindi, sanngirni og mannúð í samfélögum manna víða um heim.

Hvers vegna sigraði fordómafullur trúður í forsetakosningunum vestanhafs? Við því eru ekki einföld svör en ástæður vinsælda Trumps eiga ekki síst rætur í miklum ójöfnuði sem hefur fengið að grafa um sig í Bandaríkjunum. Mikill auður hefur safnast saman í borgunum á austur- og vesturströndinni meðan millistéttin hefur þurrkast út í mið- og suðurríkjum Bandaríkjanna. Stórir hópar bandarískra kjósenda eru líka búnir að fá nóg af sérfræðingum úr röðum hagfræðinga, lögfræðinga og fjölmiðlafólks úr fínum háskólum sem telja sig vita betur og telja sig fallna til að hafa vit fyrir öðrum. Í þessu sambandi voru nákvæmlega sömu kraftar að verki vestanhafs og í Brexit-atkvæðagreiðslunni í Bretlandi í júní, þegar meirihluti þeirra sem greiddu atkvæði kaus Bretland út úr Evrópusambandinu. Venjulegt fólk vildi senda skilaboð: „Við treystum ykkur ekki. Þið vitið ekki betur.“ Þetta fólk upplifir sig svikið og útundan í samfélaginu. Það treystir betur samtölum við móður sína og eigin brjóstviti en áliti sérfræðinga og dómsdagsspám þeirra.

Það sem er sorglegast er að bandaríska þjóðin hefur kosið mann sem virðist hvorki hafa skaphöfn né hæfileika til að gegna forsetaembættinu. Það er líka áhyggjuefni fyrir lýðræðið að svo virðist sem menn geti komist upp með að segja tóma vitleysu svo lengi sem hún hljómar vel í eyrum kjósenda. Trump fór stöðugt með fleipur í baráttunni og afvegaleiddi fólk. Fjölmiðlar vestanhafs bera mikla ábyrgð. Frá fyrsta degi fékk Trump að vaða uppi með glannalegum yfirlýsingum og fékk þannig ókeypis útsendingartíma hjá sjónvarpsstöðvum sem eru uppteknari af áhorfstölum en því hlutverki að segja sannar, réttar fréttir og vera varðhundar almennings í lýðræðisþjóðfélagi.

Ljóst er að kjör Trumps mun hafa í för með sér stórtækar breytingar ef hann stendur við yfirlýsingar sínar úr kosningabaráttunni. Hann er á móti fríverslunarsamningi Kyrrahafsþjóða (TPP) og vill endurskoða NAFTA, fríverslunarsamning Bandaríkjanna við Kanada og Mexíkó. Hann vill endurskoða samkomulag við Íran um kjarnorkuvopn, hefur efasemdir um samstarf Bandaríkjanna við aðildarríki Atlantshafsbandalagsins, sem hann telur ekki borga nóg til samstarfsins og hefur gefið í skyn að hann vilji nánara samband Bandaríkjanna og Rússlands. Á sama tíma virðist þekking hans á öllum þessum málum vera yfirborðsleg, lítil eða engin. Þá hefur hann sagt að hlýnun jarðar sé blekking, fyrirbæri fundið upp af Kínverjum til að gera bandarísk fyrirtæki minna samkeppnishæf. Þá veit enginn hvaða áhrif áform hans um múr á landamæri Bandaríkjanna og Mexíkó og yfirlýsingar hans um brottvísun 11 milljóna ólöglegra innflytjenda frá Bandaríkjunum munu hafa. Að þessu sögðu er raunveruleg ástæða til að hafa áhyggjur.

**Það sem er sorglegast er að bandaríska þjóðin hefur kosið mann sem virðist hvorki hafa skaphöfn né hæfileika til að gegna forsetaembættinu.**

Halldór




## Til leigu Austurvegur 69, Selfossi



Um er að ræða atvinnuhúsnæði sem er í heildina 1.501,4 fm að stærð.
Að innan er húsið með einum stórum sal, lagersvæði, kaffistofu og salernis aðstöðu. Í stóra salnum, sem er allur með linoleum dúk á gólfi, eru hillur og tveir afgreiðslukassar. Á bakvið húsið er stór innkeyrsluhurð inná lagerinn.
Nóg er af bílastæðum og frábær staðsetning. Húsnæðið hýsti áður verslun Rúmfatalagersins. **Langtímaleiga í boði.**
**Tilboð óskast í leigu**

**Nánari upplýsingar á skrifstofu Fasteignasölu Lögmanna Suðurlandi. Sími: 480 2900**

LÖGMENN SUÐURLANDI FASTEIGNASALA

**Hallgrímur Óskarsson, löggiltur fasteignasali**

## Frá degi til dags

**Uppgjafartónn**
Uppgjafartónn virtist kominn í Bjarna Benediktsson, formann Sjálfstæðisflokksins, þegar hann ræddi við fjölmiðlamenn um stöðuna í stjórnarmyndunarviðræðunum áður en hann hitti þingflokkinn í Valhöll í gær. Segir hann að viðræður verði að hefjast fyrir vikulok ellegar verði að viðurkennast að ekki takist að mynda stjórn. Það kann því að styttast í að Katrín Jakobsdóttir, formaður VG, fái boltann til sín. Hins vegar er fullkomlega óljóst hvort henni verði nokkuð betur ágengt, enda alls ekki víst að VG treysti sér í stjórn þar sem byggja þarf á trausti Pírata.

**Kerfiskerlingu hafnað**
Niðurstöður forsetakosninganna í Bandaríkjunum virðast koma flestum í opna skjöldu. Skoðanakannanir höfðu bent til þess að Hillary Clinton hefði betur. Menn hafa velt því fyrir sér hvort niðurstaðan þýði að öfgaskoðunum, sem Trump hefur vissulega haldið á lofti, sé að vaxa fylgi. Vonandi ekki. Hin skýringin er sú að Bandaríkjamenn séu með kosningunni að hafna kerfiskörlum og -kerlingum. Það væri þá í takt við þróunina hér á Fróni. Þar sem nýjum og frísklegum framboðum vex fiskur um hrygg á kostnað gömlu kerfisflokkanna.

jonhakon@frettabladid.is

# Hvernig skóla viltu fyrir börnin þín og barnabörn?



**Kristín Arnardóttir**
sérkennari

Ég hef starfað sem kennari í grunnskóla allan minn starfsaldur. Ég er fagmaður og á að baki sex ára háskólanám ásamt fjölmörgum lengri og styttri námskeiðum. Ég hef mikinn metnað fyrir hönd grunnskólans og mér finnst mjög mikilvægt að öll börn fái vandaða, vel undirbúna kennslu sem hæfir getu og áhugasviði. Slíkt gerist ekki af sjálfu sér. Það liggur mikil fagmennska, alúð og samstarf að baki hverri vandaðri kennslustund.

**Svipast eftir öðrum störfum**
Á næstu þremur árum mun stór hópur samkennara minna fara á eftirlaun. Yngra fólkið er nú þegar að svipast eftir öðrum störfum sem eru betur launuð og njóta meiri virðingar í samfélaginu. Aðsókn í kennaranám hefur dregist mjög saman og aðeins hluti þess hóps sem útskrifast leggur fyrir sig kennslu. Mér líður eins og bónda sem hefur unnið af alúð á býli sínu einungis til að sjá það leggjast í eyði að starfsævinni lokinni.

Skólastarf í höndum leiðbeinenda er ekki vönduð kennsla og ekki unnið af fagmennsku. Framtíð íslenskra grunnskóla verður fagleg eyðimörk innan fárra ára. Ég er sorgmædd og flestir kollegar mínir eru það líka. Og við erum öskureið.

**Ábyrgðin er stjórnvalda**
En ábyrgðin er ekki okkar. Ábyrgðin er stjórnvalda sem hafa skorið niður inn að beini og nú er ekkert lengur til að skera. Ef þú berð hag barna þinna og barnabarna fyrir brjósti ættir þú líka að vera sorgmædd/mæddur. Deildu þessum texta ef þér er ekki sama. Láttu þessa vitneskju berast um samfélagið. Láttu í þér heyra.

Samningarnir sem nú verða gerðir snúast ekki um krónur og aura til þeirra sem nú eru í kennarastarfi. Þeir snúast um sjálfsvirðingu okkar og framtíð skólakerfisins og framtíð barnanna okkar. Fjöregg þjóðarinnar.

**Framtíð íslenskra grunnskóla verður fagleg eyðimörk innan fárra ára.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Sara McMahon *sara@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Heimsveldi við hengiflug

Í DAG



Þorvaldur Gylfason
prófessor

Saga Bandaríkjanna er stutt, samfellt ævintýri. Ekkert land hefur í tímans rás uppskorið viðlíka velvild og aðdáun umheimsins og Bandaríkin, virðist mér, jafnvel ekki Frakkland, vagga nútímans.

**Forusturíki hins frjálsa heims**

Samt er saga Bandaríkjanna engin geislabaugssaga. Bandaríkjamönnum er talið til tekna að hafa brotizt undan yfirráðum Englendinga í byltingarstríðinu 1775-1783, en við þá sögu er því að bæta að Bandaríkjamenn frömdu þjóðarmorð á þeim Indjánum sem fyrir voru í landinu. Þá staðreynd hafa Bandaríkjamenn æ síðan farið með sem feimnismál í kennslubókum og fjölmiðlum þótt það sé nú loksins að breytast. Bandaríkjamenn komu sér upp prýðilegri stjórnarskrá 1787 án afskipta þingmanna þótt hún hafi að vísu reynzt meingölluð eins og nú hefur enn einu sinni komið á daginn og þarfnist því frekari lagfæringar. Bandaríkjastjórn reis gegn þrælahaldi sem kostaði borgarastyrjöld 1861-1865 og 620.000 mannslíf, en það tók heila öld til viðbótar að tryggja blökkumönnum full mannréttindi til jafns við hvíta menn; enn vantar þó talsvert á fullt jafnrétti. Bandaríkjamenn komu Evrópu til hjálpar í báðum heimsstyrjöldum 20. aldar og hafa æ síðan verið nánir bandamenn Evrópulanda í ótryggum heimi. Eftir síðari heimsstyrjöldina gerðust Bandaríkin, þá orðin ríkasta land heimsins, helzta forusturíki hins frjálsa heims.

Margir deila á Bandaríkin fyrir misheppnaða utanríkisstefnu sem leiddi m.a. til stuðnings Bandaríkjanna við einræðisstjórnir víða um heim, t.d. í Kongó og Sádi-Arabíu, og einnig fyrir innrásina í Írak 2003 sem leiddi beint af því að Hæstiréttur Bandaríkjanna stal forsetakosningunni 2000 með því að afhenda George W. Bush forsetaembættið með fimm atkvæðum gegn fjórum eftir flokkslínum. E.t.v. hefur ekkert eitt atvik skaðað ásjónu Bandaríkjanna til jafns við þessa skyssu Hæstaréttar. Vantraust Bandaríkjamanna í garð yfirvalda hefur ágerzt. Aðeins tíundi hver Bandaríkjamaður ber traust til þingsins í Washington skv. könnun Gallups. Fjáraustur hagsmunahópa í stjórnmálamenn og flokka skv. nýlegri heimild Hæstaréttar, njósnir um óbreytta borgara undir yfirskini hryðjuverkavarna og pyndingar stríðsfanga hafa ásamt öðru orðið til þess að óháðir sérfræðingar gefa Bandaríkjunum ekki lengur fullt hús stiga fyrir frelsi og lýðræði. Lífskjör venjulegra launþega stöðnuðu á meðan auðmenn muldu undir sjálfa sig og sína. Bankar hrundu. Jafnvel bílafyrirtækin í Detroit reyndust vera svo illa rekin að þau voru þjóðnýtt um skeið til að halda í þeim lífinu. Margt gekk þó vel, t.d. tæknibyltingin sem gerði Apple að langverðmætasta fyrirtæki heims.

**Fyrsti svarti forsetinn – og síðan fyrsti sósíalistinn eða fyrsta konan?**

Bandaríkjamenn brugðust við þessari þróun með því að kjósa sér blökkumann sem forseta 2008, demókratann Barack Obama, umbótasinnaðan öldungadeildarþingmann frá Illinois. Repúblikanar brugðust hart við, svo hart að flokkarnir tveir á Bandaríkjaþingi geta varla talazt við. Fasteignajöfurinn Donald Trump í New York gekk í að grafa undan forsetanum með því að dreifa þeim orðrómi að forsetinn væri fæddur í Keníu og hefði því logið sig til valda þar eð stjórnarskráin mælir fyrir um að forsetinn þurfi að vera fæddur í Bandaríkjunum. Annað var eftir þessu. Flokksmenn í báðum flokkum risu upp gegn flokkseigendum. Uppreisninni lyktaði í flokki repúblikana með útnefningu Trumps sem forsetaframbjóðanda flokksins í óþökk margra forustumanna repúblikana. Svipuð atlaga var gerð í Demókrataflokknum þar sem lýðræðissósíalistinn Bernie Sanders, öldungadeildarþingmaður frá Vermont, talaði máli þeirra sem höllum fæti standa, en hann þurfti að lúta í lægra haldi fyrir Hillary Clinton, fv. utanríkisráðherra og forsetafrú.

**Nei, Trump vann**

Ég skrifaði á þessum stað 28. júlí sl.: „Sumir þeirra sem mæra bandarísku stjórnarskrána frá 1787 þótt hún sé meingölluð gætu átt eftir að vakna upp við vondan draum nú í nóvember. Þá getur það t.d. gerzt að Donald Trump, frambjóðandi repúblikana, nái kjöri sem forseti með 270 kjörmenn að baki sér gegn 268 kjörmönnum fyrir Hillary Clinton, frambjóðanda demókrata, jafnvel þótt Clinton fái ... fleiri atkvæði en Trump á landsvísu. ... Þetta gæti gerzt ef spádómur Michaels Moore, kvikmyndagerðarmannsins góða, gengur eftir. Moore spáir Trump sigri í sömu 24 fylkjum og Mitt Romney vann í forsetakosningunum 2012 og að Trump bæti við sig fjórum ryðbeltisfylkjum: Pennsylvaníu, Ohio, Michigan og Wisconsin. Það er allt sem þarf. Rök Moores eru m.a. þau að ryðbeltisfylkin fjögur eiga margt sammerkt með þeim hlutum Englands sem réðu úrslitum í atkvæðagreiðslunni um úrsögn Bretlands úr ESB í júní, m.a. lágar tekjur, litla menntun og hátt hlutfall eldra fólks.“

Þessi spásögn Michaels Moore gekk eftir. Hillary Clinton fékk fleiri atkvæði á landsvísu en Trump. Atkvæðamunurinn er 165.000 og getur átt eftir að aukast þar eð talningu er ekki lokið til fulls. Trump fékk eigi að síður fleiri kjörmenn en Clinton. Þetta er í fimmta skiptið sem sá sem hlýtur flest atkvæði í forsetakosningum í Bandaríkjunum þarf að lúta í lægra haldi. Það gerðist síðast 2000 með þeim hörmulegu afleiðingum sem ég lýsti að framan að Hæstiréttur lét það henda sig að stöðva talningu atkvæða og stela kosningunni handa George W. Bush. Sigur Trumps nú getur þó varla skoðazt eingöngu sem uppreisn gegn ríkjandi ástandi þar eð repúblikanar halda meiri hluta sínum í báðum deildum Bandaríkjaþings, engin uppreisn þar.

Nú er að sjá hvernig Bandaríkjunum reiðir af undir forustu nýs forseta sem fráfarandi forseti hefur lýst óhæfan til starfans.



# Vegvísir að heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar





Ágúst Þór Árnason
sat í stjórnlaganefnd 2010-2011

Skúli Magnússon
sat í stjórnlaganefnd 2010-2011

Allt frá stofnun lýðveldisins árið 1944 hefur staðið til að fram færi heildarendurskoðun stjórnarskrár Íslands. Frá þeim tíma hafa ýmsar veigamiklar breytingar verið gerðar, einkum á kosninga- og kjördæmaskipan, deildaskipan og störfum þingsins, svo og ákvæðum um grundvallarréttindi. Enn hefur þó ekki orðið af þeirri endurskoðun sem óumdeilanlega var heitið við lýðveldisstofnunina.

Metnaðarfyllsta tilraunin til heildarendurskoðunar er án efa setning laga um Stjórnlagaþing árið 2010 og tillögur Stjórnlagaráðs sem kynntar voru á þeim grunni sumarið 2011. Frumvarp til nýrrar stjórnarskrár sem lagt var fram á grundvelli tillagna Stjórnlagaráðs haustið 2012 náði hins vegar ekki fram að ganga, sem kunnugt er. Þá leiddi vinna stjórnarskrárnefndar sem skipuð var síðla hausts 2013 og skipuð var fulltrúum tilnefndum af öllum þingflokkum ekki heldur til breytinga.

Ekki þarf að orðlengja mikilvægi þess að um stjórnarskrá lýðveldisins ríki víðtæk sátt. Hávær krafa hefur um nokkurt skeið verið um heildarendurskoðun og í ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu haustið 2012 samþykktu 64,2% þeirra sem greiddu atkvæði að tillögur Stjórnlagaráðs yrðu lagðar til grundvallar frumvarpi að nýrri stjórnarskrá. Þrátt fyrir þetta verður ekki fram hjá því litið að umræða síðustu missera hefur einkennst af togstreitu milli þeirra sem telja að leggja eigi tillögur Stjórnlagaráðs til grundvallar, meira eða minna óbreyttar, og þeirra sem virðast vilja sem allra minnstar eða jafnvel engar breytingar.

Við þessar aðstæður leggjum við eftirfarandi til:

1. Að Alþingi samþykki langtímaáætlun, t.d. 12 ár, um heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar, helst einróma, þar sem vísað væri til helstu efnislegu forsendna endurskoðunar, svo sem frumvarps Stjórnlagaráðs og reynslunnar af gildandi reglum.

2. Að í ályktun Alþingis sé kveðið á um stofnun a.m.k. 30 manna Stjórnarskrárráðs sem í væri valið af handahófi (þó þannig að gætt væri að jöfnum hlutföllum kynja og kjördæma) úr hópi þeirra Íslendinga sem gæfu kost á sér til þessara starfa. Gera ætti ráð fyrir því að ráðið kæmi til fundar a.m.k. einu sinni á ári og skipun í ráðið væri tímabundin.

3. Að í ályktun Alþingis sé kveðið á um skipun stjórnarskrárnefndar sem í eiga sæti a.m.k. fimm sérfræðingar á sviði stjórnlaga, stjórnmálafræði og/eða stjórnmálaheimspeki. Hlutverk nefndarinnar ætti að vera að undirbúa tillögur, eftir atvikum með aðstoð annarra sérfræðinga og/eða vinnuhópa, sem lagðar yrðu fyrir Stjórnarskrárráð til nánari umfjöllunar, samþykktar, synjunar eða breytinga. Stjórnarskrárráð gæti einnig lagt fyrir nefndina að vinna tillögur um ákveðin efni eða sett henni markmið.

Með því fyrirkomulagi sem hér er gerð tillaga um væri ekki haggað við reglum gildandi stjórnskipunar um breytingar á stjórnarskránni. Eftir sem áður væri það í höndum ráðherra og þingmanna að leggja fram formleg frumvörp til stjórnskipunarlaga fyrir Alþingi sem hefði, ásamt þjóðinni, lokaorðið um breytingar. Með þessu væri hins vegar orðinn til sjálfstæður ferill og nýtt samtal um heildarendurskoðun, með aðkomu almennings studds af sérfræðingum, sem gæti rofið núverandi þrátefli og varðað veginn til sáttar.

> **Með þessu væri hins vegar orðinn til sjálfstæður ferill og nýtt samtal um heildarendurskoðun, með aðkomu almennings studds af sérfræðingum, sem gæti rofið núverandi þrátefli og varðað veginn til sáttar.**

# Gamla eða nýja Ísland



Þröstur Ólafsson
hagfræðingur

Viðræður um myndun næstu ríkisstjórnar eru hafnar. Það mun verða ljóst af málefnasamningnum, hvort komandi ríkisstjórn endurspeglar væntingar um nýtt Ísland eða hvort verður um að ræða áframhald þess gamla. Allt frá hruni og fram að umliðnum kosningum hefur þjóðin verið innbyrðis klofin. Til að sætta þjóðina og brúa gjána milli þjóðarinnar og, að hennar mati, rangsnúins samfélagskerfis, þarf umbætur. Gömlu kerfisflokkarnir náðu ekki meirihluta. Þeir munu því ólíklega geta haldið ótrauðir áfram með gömlu uppskriftina. Misvægi atkvæða er þeim í hag. Sterk kosningastaða þeirra er m.a. misvæginu að þakka. Hver afstaða VG verður í þessum málum, verði þeim kippt um borð, er óljóst. Af ummælum sumra alþingismanna flokksins fyrir kosningar var ljóst að þar fóru einarðir stuðningsmenn búvörusamningsins. Fyrrverandi formaður VG hefur einnig haft lítinn áhuga á jöfnun atkvæðisréttar.



**Málefnasamningurinn**

Með nýjum málefnasamningi koma skýr skilaboð. Það eru fáein mikilvæg mál sem tekið verður eftir hvernig ákveðin verða. Allt eru það mál sem við höfum deilt um lengi en verða þjóðinni að fótakefli meðan ekki nást þær málamiðlanir, sem gera þjóðina sátta að kalla.

*Jöfnun atkvæðavægis:* Jafna verður vægi atkvæða milli kjördæma. Misvægi atkvæða eftir búsetu er mikið óréttlæti. Flestar vestrænar lýðræðisþjóðir hafa leyst það fyrir öld eða fjölmörgum áratugum síðan. Við búum við almennan en þó ekki jafnan kosningarrétt. Það er hneisa. Alþingi endurspeglar ekki þjóðina sem heild og lögin sem þaðan koma ekki heldur. Alþingi Íslendinga er því ekki þjóðþing í þess göfugustu merkingu. Þótt ekkert annað yrði gert í stjórnarskrármálinu en þetta, væri það góður áfangi.

*Auðlindagjald:* Finna þarf sátt um greiðslu fyrir einkaafnot af sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar. Mest brennur á sanngjörnum greiðslum fyrir afnot af sjávarauðlindinni, sem eru í einhverju eðlilegu samræmi við gjöfulleika hennar. Alþingi samþykkti metnaðarfull lög um verndun og stjórnun fiskveiða, sem gert hefur nýtingu auðlindarinnar mun arðbærari en áður. Það eru einkum þessi lög sem eru grundvöllur hins mikla arðs sem fiskimiðin gefa. Sanngjarnt afgjald er ein af forsendum þess að geta endurreist heilbrigðiskerfi þjóðarinnar.

> **Allt frá hruni og fram að umliðnum kosningum hefur þjóðin verið innbyrðis klofin. Til að sætta þjóðina og brúa gjána milli þjóðarinnar og, að hennar mati, rangsnúins samfélagskerfis, þarf umbætur.**

*Búvörusamningurinn:* Fátt vegur þyngra í buddu almennings en matvöruverð. Verðlagning, framleiðsla og innflutningur matvöru skiptir afkomu almennings mestu máli. Lág laun má gera þolanlegri með lækkun framfærslukostnaðar. Núverandi landbúnaðarkerfi sóar miklum verðmætum, ekki hvað síst í mikilli offramleiðslu á lambakjöti; Kerfið er rándýrt. Það er ekki umhverfisvænt og heldur fjölda bænda við hokur. Finna þarf leið til að endurskoða búvörulögin þannig að við fáum heilbrigðan og sæmilega arðbæran landbúnað. Það yrði mikilvægt skref inn í væntanlegar kjaraviðræður.

*Heilbrigðismál:* Endurreisn heilbrigðiskerfisins og bygging nýs Landspítala verður að vera forgangsverkefni. Búið er að eyða allt of löngum tíma í deilur um staðsetningu hans, deilur sem litlu máli skipta og eru afar ófrjóar. Þær skila ekki niðurstöðum, því þær byggjast á persónulegum skoðunum. Þær þjóna deilugirni okkar meir en efninu sjálfu. Búið er að eyða löngum og dýrmætum tíma í undirbúning sem þyrfti að hefja að nýju verði ný staðsetning ákveðin. Það mun örugglega seinka verkefninu um árabil. Þjóðin vill og þarf nýjan spítala, sem fyrst.

*Fjármálakerfið:* Mig rekur ekki minni til þess að nokkuð bitastætt hafi komið fram í kosningabaráttunni um framtíðarskipan fjármálakerfisins eftir að gjaldeyrishöftin hafa verið afnumin. Hér er þó á ferð feikna mikilvægt mál. Þrír stórir bankar sem, vegna smæðar íslenska hagkerfisins, verða að leita verkefna erlendis, gætu á ný vaxið hagkerfi okkar yfir höfuð eins og gerðist fyrir hrun. Þetta þarf að koma í veg fyrir. Í þessu samhengi er einkavæðing ekki gilt úrræði. Það myndi frekar ausa olíu á eldinn.

*Parísarsáttmálinn og umhverfismál:* Ekki var gamla ríkisstjórnin afkastamikil þegar að umhverfismálum kom. Lítið liggur fyrir um hvernig við ætlum að standa við skuldbindingar okkar í loftslagsmálum. Verndun sjávarins, vatnsfalla, votlendis og gróðurs verður að taka alvarlega og leggja fram sannfærandi aðgerðaáætlun um úrbætur.

Þetta gæti orðið upphaf nýs samfélagssáttmála, sem síðan yrði fyllt frekar út í. Hér vantar t.d bæði skóla- og fræðslumál sem og Evrópumál. Aðalatriðið er að hefjast handa. Nú gæti verið tækifærið.



# Kjararáðsraunir



Þórólfur Matthíasson
hagfræðiprófessor

Nú er rætt um að breyta því hvernig laun þingmanna, ráðherra og forseta lýðveldisins eru ákvörðuð. Þessi umræða kemur í kjölfar úrskurðar kjararáðs frá 29. október síðastliðnum sem fól í sér 30 til 45% hækkun á launum þessara aðila.

Í 10. gr. l.nr. 47/2006 er kveðið á um að ákvörðunum kjararáðs verði ekki skotið til annars stjórnvalds. Verði kjararáði á í messunni er það í höndum ráðsins sjálfs að lagfæra mistök eða láta hjá líða að lagfæra mistök. Tilraunir löggjafans til að taka fram fyrir hendur kjararáðs (eða forvera þess kjaranefndar og Kjaradóms) hafa sumar tekist og aðrar ekki. Ákvæði 10. gr. er líklega tilkomið vegna þess að kjararáð úrskurðar um laun dómara.

Í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi eru laun þingmanna og ráðherra ákvörðuð af launanefndum sem þingið skipar svipað og gert er á Íslandi. Í Noregi er niðurstaðan lögð fyrir Stórþingið. Í Danmörku er það þingið sjálft sem ákvarðar laun þingmanna og ráðherra með lagasetningu. Í Danmörku hefur Folketinget breytt grunnlaunum með margra ára millibili. Þess á milli hefur þingfararkaup fylgt grunnlaunahækkun á opinbera markaðnum. Sú aðferð gafst ekki vel og í ár var tekin upp sú regla að taka einnig tillit til launaskriðs á opinbera markaðnum. Jafnframt var þingfararkaupið hækkað verulega. Sú hækkun byggir á viðamikilli úttekt nefndar sem Folketinget setti niður árið 2014 og skilaði skýrslu í janúar 2016 (Vederlagskommisjonen).

Launanefndirnar í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi fjalla aðeins um laun ráðherra og þingmanna. Þær fjalla ekki um laun hæstaréttardómara svo dæmi sé nefnt.

Regluverkið á Íslandi líkist því regluverkinu í Svíþjóð og Finnlandi þar sem launanefndir löggjafans hafa síðasta orðið. Í Noregi og Danmörku hefur þingið aðkomu að launasetningunni, en byggir ákvarðanir sínar á niðurstöðum fastanefndar (Noregur) eða endurskoðunarnefndar (Danmörk). Í öllum löndunum er vandað vel til vals á nefndarmönnum í þeim nefndum sem fjalla um þingfararkaup. Nefndarmenn eru undantekningarlaust skipaðir af þjóðþingunum. Forsenda virðist vera þekking á starfsemi þings og ríkisstjórnar, auk þekkingar á vinnumarkaði og efnahagsmálum. Þá njóta allar nefndirnar aðstoðar hagstofa viðkomandi landa.

Eðlilegt er að hliðsjón sé höfð af aðferðum Norðurlandaþjóðanna við ákvörðun þingfararkaups verði ráðist í frekari breytingar á reglum þar að lútandi hér á landi. Reynsla Dana af því að festa grunnlaun í lög og búa til reiknireglu fyrir leiðréttingu virðist ekki vænleg sem fyrirmynd vegna þess hversu sveiflukenndur íslenskur vinnumarkaður er. Þingið kemst því vart hjá nefndarskipun. Spurningin er hvort nefndin skuli bera niðurstöður sínar undir þingið eða þingnefnd (efnahags- og viðskiptanefnd og/eða fjárlaganefnd). Ef kjararáð ber ákvarðanir um þingfararkaup undir þingið þá er eðlilegt að fela öðrum aðila að fjalla um launakjör dómara.

Valkostirnir varðandi ákvörðun þingfararkaups eru því tveir: a) óbreytt ástand (e.t.v. með formlegum kröfum um fagþekkingu Kjararáðsmeðlima); og b) að kjararáð þingmanna ákvarði laun þingmanna og beri ákvarðanir undir þingið og kjararáð dómara ákvarði laun dómara og sé sjálfstætt með sama hætti og kjararáð er nú.



GLÆSILEGT ÚRVAL Á PIER.IS
25% AFSLÁTTUR
LÉTTAR VEITINGAR og alls kyns skemmtilegheit!
KONUKVÖLD
THE PIER Í KVÖLD
Á SMÁRATOGI FRÁ KL. 18-22
25% AF ÖLLU
FYRSTU
100
SEM VERSLA FYRIR
10.000 KR.
FÁ FLOTTAN
GJAFAPOKA
BEGGI OG PACAS
verða með ráðgjöf
the PIER
HAFLIÐI RAGNARSSON
CHOCOLATIER
Dalaostar
Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880


KRÓNAN
399 kr. pk.
Klementínur 950g, Spánn
Ferskt alla daga
-23%
Gott verð!
Borðaðu mig
... bestur núna!
Fullþroskaður ávöxtur
Nature's Pride
EAT ME
I'M TASTY
499 kr. pk.
Verð áður 649 kr. pk.
Þroskað mangó 2 stk, Spánn
498 kr. kg
Mangó í lausu, Brasilía
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
TILBOÐIN GILDA TIL 13. NÓVEMBER - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS



KRÓNAN
Gott verð!
Folalda piparsteik
2699 kr. kg
Verð áður 3599 kr. kg
Folaldafile
-25%
3299 kr. kg
Verð áður 4399 kr. kg
Ferskt íslenskt folaldakjöt
Folaldahakk
-40%
389 kr. kg
Verð áður 649 kr. kg
Folaldagúllas
-21%
1799 kr. kg
Verð áður 2299 kr. kg
Folaldagúllas og folaldasnitsel
Folaldasnitsel
-21%
Folaldalundir
-20%
3998 kr. kg
Verð áður 4998 kr. kg
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
TILBOÐIN GILDA TIL 13. NÓVEMBER - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS

# KRÓNAN

# Heitt og klárt




**1599** kr. tvennan

**Heill grillaður kjúklingur**
og 2 lítrar af Coca-Cola

## Nýtt!




**1099** kr. stk.

Súpa, 3 tegundir, 500 ml




**499** kr. pk.

Gestus franskar, krullu- og vöffluskornar

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

# KRÓNAN

Ódýrt

Ódýrt

1,5 lítri

First Price appelsínusafi - 1,5 L

**189** kr. stk.

First Price eplasafi - 1,5 L

**149** kr. stk.

Ódýrt

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

VEGAN

ÁN LAKTÓSA

Tvær saman

698.-

Þú sparar 100 kr.

Alpro sojajógúrt - Bláberja og kókos - 750ml

**399** kr. stk.

Ódýrt

First Price múslí - 1 kg

**289** kr. pk.

TILBOÐIN GILDA TIL 13. NÓVEMBER - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS

# Hver heyrir þegar Björk grætur?



**Orri Vigfússon**
formaður NASF, Verndarsjóðs villtra laxastofna

Björk Guðmundsdóttir er án efa áhrifamesti Íslendingur samtíðarinnar. Hún grætur skilningsleysi stjórnmálamanna á Íslandi. Hún undrast áhugaleysi þeirra á náttúruvernd og umhverfismálum. Málsmetandi áhrifamenn úti um allan heim hlusta á það sem hún hefur fram að færa. Umhverfisvernd er grunnurinn að veigamestu atvinnuvegum þjóðarinnar, ferðaþjónustu og sjávarútvegi. Björk bendir á að þessi málaflokkur hafi alveg gleymst í nýliðinni kosningabaráttu. Fæstir leiðtogar stjórnmálaflokkanna hafi áhuga á umhverfismálum. Það er merkilegt því að nú, eftir kosningar, virðast umhverfismál einmitt geta sameinað talsmenn allra flokka ef marka má umræðu þeirra um fjölbreytni og breiða samstöðu.

Fráfarandi ríkisstjórn skilur eftir sig sviðna jörð í náttúruvernd þrátt fyrir að hafa lýst einkunnarorðum sínum strax í maí 2013, í upphafi síns ferils, og sagst ætla að vera í fararbroddi í umhverfismálum á heimsvísu. Þá, eins og í aðdraganda bankahrunsins 2008, var það Framsóknarflokkurinn sem hafði sig mest í frammi. Þrátt fyrir þessa eindregnu yfirlýsingu hafa lausnir á umhverfisvandamálum víða um land ekki komist í raunhæfan farveg og undirstofnanir eins og Umhverfisstofnun, Skipulagsstofnun og Matvælastofnun hafa deilt út starfs- og rekstrarleyfum til aflandsfélaga í fiskeldi í trássi við lög og reglugerðir. Svo virðist sem starfsfólk þessara stofnana hafi aldrei kynnt sér náttúruverndarlög og reglugerðir sem það á að starfa eftir.

**Náttúran á ávallt og ævinlega að njóta vafans, áður en leyfi eru veitt til að skemma hana. Hlustum á það sem Björk segir.**

### Hunsaði eðlileg tilmæli

Neðri hluti Þjórsár er í stórhættu eftir að verkefnastjórn rammaáætlunar mælir með óvissu í stað varúðar. Það þurfti að hafa uppi hótanir gagnvart stjórnvöldum til að bjarga fiskstofnum í Landbroti og Meðallandi frá tortímingu vegna vatnsleysis af mannavöldum. Engin raunhæf aðgerðaáætlun er komin í gang til að bæta vistkerfi Laxár og Mývatns. Aðeins hafa verið gerðar ófullburða kannanir. Margsinnis hefur þurft að afturkalla leyfisveitingar opinberra stofnana vegna þess að reglur um umhverfismál hafa verið brotnar – líkt og reglurnar hafi verið settar fyrir einhverja allt aðra en þau stjórnvöld sem eiga að fara eftir þeim.

Eftirlitsstofnun EFTA sendi frá sér úrskurð 4. maí sl. (http://www.eftasurv.int/media/esa-docs/physical/792444.pdf) um að hér á landi hefði löggjöfin ekki verið lögð til þess að veita almenningi og einstökum hagsmunaaðilum vernd til að geta spornað við umhverfisárásum öflugra fyrirtækja sem starfa í skjóli stjórnvalda. Nýlega tróð umhverfisráðherra upp á hinu háa Alþingi og kvaðst hafa þungar áhyggjur af fiskstofnum í Þjórsá og sagði það mál óleyst en bætti jafnframt við að hún hefði enn meiri áhyggjur af fyrirhuguðu risafiskeldi sem væri ógn við vistkerfi sjávar og strandlengju þar sem því væri ætlaður staður. Nokkrir verndar- og hagsmunaaðilar bentu henni snarlega á hvað henni bæri að gera samkvæmt náttúruverndarlögunum; þ.e. að fela fagaðilum strax að meta áhættuna og verndargildið. Því miður hunsaði ráðherra þessi eðlilegu tilmæli.

Nú er lag – og ég hvet alla alþingismenn til að taka undir með Björk og setja náttúruvernd og umhverfismál í öndvegi. Þá á ég við bæði stjórn og stjórnarandstöðu sem ættu að geta sameinast um að hlíta rökum og beita skynsemi í umhverfismálum. Það gæti verið ágæt byrjun að allir þingmenn sæktu námskeið um umhverfisvernd, bæði um þá löggjöf sem hér gildir og þær alþjóðlegu skuldbindingar sem Ísland hefur axlað í þessum málaflokki. Náttúran á ávallt og ævinlega að njóta vafans, áður en leyfi eru veitt til að skemma hana.

Hlustum á það sem Björk segir.

# Aftur um þennan andsk… flugvöll



**Jón Hjaltason**
sagnfræðingur

Mér þykir leitt að hafa meitt Samfylkingarmenn norðan heiða með getgátum um að þeim væri nokk sama þótt flugvöllurinn hyrfi úr Vatnsmýri. En það þyrmdi yfir mig við lestur kosningapésa er hrundu inn um bréfalúguna hjá mér og merktir voru Samfylkingunni. Þar var hamrað á mikilvægi samgangna en ég sá hvergi minnst á Reykjavíkurflugvöll. Rifjaðist þá upp fyrir mér hástemmd orðræða núverandi oddvita Samfylkingar í Norðausturkjördæmi (og raunar Samfylkingar allrar) þar sem hann lýsti því yfir með miklum þunga að okkur væri nær að láta flugvöllinn eftir í þágu borgarskipulags Reykjavíkur. Síðan eru allnokkur ár, skal ég fúslega viðurkenna, svo kannski hefur hann skipt um skoðun sem er vel.

Annað sem kom illa við mig í flugvallarumræðunni er gamla klisjan um að Reykjavíkurflugvöllur verði þar sem hann er uns fundin er betri lausn.

Ein lausnin er að miðstöð innanlandsflugs færist til Keflavíkur með fyrirsjáanlegum og ófyrirsjáanlegum afleiðingum en líkast til flestum vondum sem ég fjölyrði ekki um.

Önnur er að byggja flugvöll í nágrenni Reykjavíkur sem ég heyrði á dögunum að myndi kosta 100 milljarða. Sláum af og segjum að nýr flugvöllur kosti „aðeins“ 50 milljarða. Af hverju þorir enginn stjórnmálaflokkur að taka af skarið og segja það sem blasir við: Þetta kemur ekki til greina. Nei, þess í stað er spanderað milljónum og milljónatugum í leit að vænlegu flugvallarstæði.

### Tala út og suður

Samfylkingin hefur tekið þátt í þessum sorglega skrípaleik og að mínu mati farið verr út úr honum en aðrir flokkar eða hverjum skal trúa þegar oddvitar hennar tala tungum tveim og vilja bæði rústa flugvöllinn í Vatnsmýri ekki síðar en 2022 en jafnframt halda í hann uns „betri lausn er fundin“. Höfum hugfast að uppbygging nýs flugvallar verður að hefjast innan fjögurra ára ef hann á að verða til reiðu árið 2022 og dugar þó ef til vill ekki til.

Ég skal fúslega viðurkenna að ég ætlast til þess að Samfylkingarmenn standi skör hærra en aðrir pólitíkusar. Flokkurinn hefur átt í vök að verjast síðan hann lofaði skjaldborg um heimilin en almenningi fannst, með réttu eða röngu, að Jóhanna aðhefðist lítt eða ekki heldur biði paradísarheimtar ESB. Síðan þá hefur Samfylkingunni einfaldlega mistekist að vinna traust almennings á nýjan leik og er nú í svipaðri stöðu og kona sem keppir um vegtyllur í karlaheimi, hún þarf að vera helmingi hæfileikaríkari en karlinn til að bera hærri hlut. Á þessu hefur Samfylkingin ekki kveikt. Um það er flugvöllurinn í Vatnsmýri kannski eitt besta dæmið. Þar tala flokksmenn út og suður og kveikja grun um græsku í stað þess að taka af öll tvímæli.

# Innherjar í pólitík



**Einar Páll Gunnarsson**
**formaður Ungra fjárfesta**

Við lifum á spennandi tímum. Forsetakosningar standa yfir í Bandaríkjunum, Bretland er á leið út úr Evrópusambandinu eða kannski ekki og Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, er að reyna að mynda ríkisstjórn. Allir þessir hlutir koma líklega til með að hafa áhrif á fjármálamarkaði, þó af mismunandi stærðargráðu. Hvort Bretland gangi úr Evrópusambandinu og hvaða forseta Bandaríkjamenn kjósa sér mun óneitanlega hafa meiri áhrif alþjóðlega. Þrátt fyrir það mun framvinda mála í stjórnarmyndunarviðræðum Bjarna hafa meiri áhrif á Ísland.

Mikil óvissa er um kvótamál, skattamál, framtíð íslensku krónunnar og útgjöld ríkissjóðs auk þess sem mikil ólga er á vinnumarkaði. Hinn margumtalaði stöðugleiki sem við höfum búið við síðustu ár getur horfið með óhóflegum útgjöldum og veikri fjármálastjórn. Því er óumdeilanlegt að niðurstöður í stjórnarmyndunarviðræðum Bjarna koma til með að hafa mikil áhrif á efnahag Íslands á næstu árum.

Ef horft er á þessi mál frá sjónarhorni fjárfesta á íslenska markaðnum er ljóst að ekki er til staðar jafn aðgangur fjárfesta að upplýsingum. Bjarni Benediktsson og menn í innsta kjarna Sjálfstæðisflokksins, auk annarra stjórnmálamanna sem taka þátt í stjórnarmyndunarviðræðum, búa yfir eða koma til með að búa yfir upplýsingum sem geta haft marktæk áhrif á markaðsverð fjármálagerninga ef þær væru opinberar. Hvað þessir aðilar kjósa að gera við þessar upplýsingar er svo annað mál. Setjum upp einfalt dæmi:

### Búa til innherjaupplýsingar

Stjórnarmyndunarviðræður Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar eru á lokametrunum, einungis á eftir að ganga frá skiptingu ráðherrastóla. Meðal þess sem getið er um í stjórnarsamningnum er að kvótinn verður ekki boðinn upp á markaði. Þingmaður Viðreisnar talar við vin sinn Magnús og segir honum frá stöðu mála í trúnaði. Magnús hringir beint í verðbréfamiðlara og kaupir hlut í HB Granda vegna þess að þessar upplýsingar munu líklega koma til með að hækka markaðsverð HB Granda þegar þær verða gerðar opinberar. Ef staðan væri öfug, að Sjálfstæðisflokkurinn hefði samþykkt að bjóða upp kvótann þá myndi Magnús selja bréf í HB Granda því að öllum líkindum myndi sú ákvörðun valda lækkun á virði bréfanna.

Að eiga viðskipti út frá þessum upplýsingum fellur undir innherjaviðskipti. 120 grein laga um verðbréfaviðskipti segir:

„Með innherjaupplýsingum er átt við nægjanlega tilgreindar upplýsingar sem ekki hafa verið gerðar opinberar og varða beint eða óbeint útgefendur fjármálagerninga, fjármálagerningana sjálfa eða önnur atriði og eru líklegar til að hafa marktæk áhrif á markaðsverð fjármálagerninganna ef opinberar væru…“

Stjórnarmyndunarviðræður búa til innherjaupplýsingar sem geta dreifst víða áður en þær verða opinberar. Þó er engin leið að vita hversu margir hafa aðgang að þessum upplýsingum um framvindu mála í stjórnarmyndunarviðræðum sem almenningur hefur ekki. Það er við vitum ekki hverjir eru „innherjar“ í þessu máli. Þar sem ekki hafa allir fjárfestar jafnan aðgang að upplýsingum má segja að íslenski markaðurinn sé ekki skilvirkur undir þessum kringumstæðum. Þótt stjórnmálamenn vilji gjarnan halda spilunum þétt að sér verða þeir að átta sig á því að upplýsingar sem þeir búa yfir geta verið verðmyndandi á markaði og ábyrgð þeirra er mikil. Réttast væri að greint væri opinberlega frá þeim atriðum sem aðilar stjórnarmyndunarviðræðnanna hafa orðið ásáttir um jafnóðum og slík niðurstaða liggur fyrir. Þannig væri hægt að tryggja betra jafnræði milli markaðsaðila.



Kvennafrídagurinn 2016. Konur á Íslandi mótmæla launamisrétti á Austurvelli.

# Halló – er 21. öldin heima?



**Andrea Róbertsdóttir**
BA í félags- og kynjafræði, MA í mannauðsstjórnun og nemi á meistarastigi í jákvæðri sálfræði

**Það er kominn tími til að skoða gildi lífsins sem gefa konum sem og allri litapalettunni loforð um viðurkennda samfélagsstöðu. Mannréttindi takk – 21. öldin var að hringja!**

Kvennabaráttan hefur skilað okkur betra þjóðfélagi sem byggir á baráttu formæðra okkar. Þær eru steypustyrktarjárn fyrir bæði konur og karla til að byggja áframhaldandi baráttu á fyrir jafnrétti kynjanna. Þær ruggðu bátnum þannig að fjölmargir gubbuðu. Þeim er ég þakklát. Þeim má ekki gleyma. Konur! Við erum nóg!

Hér á landi eru konur og karlar nú jöfn fyrir lögum og fjallað er um að einstaklingurinn sé frjáls, hafi val og að kyn skipti sama og engu máli er kemur að því að fóta sig í lífinu. Staðreyndin er hins vegar önnur og veruleikinn sem við blasir mun flóknari. Niðurstöður rannsókna sýna fram á stöðnun og bakslag í fjölmörgum málum eins og jafnréttismálum og segja má að hvaða snigill sem er reykspóli fram úr í samanburðinum við hraðann sem jafnréttið mjakast áfram á.

### Fyrirmyndir komandi kynslóða

Konur í íslensku samfélagi hafa fyrir löngu jafnað metin við karla hvað varðar atvinnuþátttöku og eru heldur betur búnar að sækja í sig veðrið er kemur að menntun. Kynjajafnrétti átti að koma með kosningarétti kvenna, átti að koma með menntun og alls konar útúrdúrum. En nei – konur hafa ekki enn fengið raunverulegt vald sem helmingur mannkyns. Þessu verður að halda á lofti. Aldrei er góð ýsa of oft étin!

Þrátt fyrir menntun kvenna og mannkosti hafa þær síður náð sæti í efstu stjórnendalögum og oft virðist lítið vera gert úr mannauði kvenna þegar litið er til menntunar og reynslu. Á meðan orðræða samfélagsins segir það eftirsóknarvert að vera stjórnandi, formaður, ráðherra eða sérfræðingur, þá skiptir máli að konur eigi fulltrúa í þeirra röðum sem fyrirmyndir fyrir komandi kynslóðir. Það sem meira er, þá skiptir það máli að völdin haldist þar einnig eftir að konur fá sína málsvara.

### Jafnréttið kemur ekki af sjálfu sér

Kyn er mikilvæg breyta þar sem hún býr til mörk og skapar hindranir en dætur okkar og synir eiga að fá jöfn tækifæri í lífinu. Við getum verið ólík en jafn góð. Ég færi kynsystrum mínum bestu þakkir fyrir að ryðja brautina fyrir mig og komandi kynslóðir. Það eru mikilvægar fyrirmyndir þarna úti sem hafa komið okkur þó þetta langt og hafa oft gert hið ómögulega mögulegt. Konur sem vissu að jafnréttið kemur ekki af sjálfu sér og vita að samstaða er styrkur. Ég þakka jafnframt öllum þarna úti sem eru að hamast við að endurskilgreina hvað er gott, flott og æskilegt. Birtast til dæmis í fjölmiðlum þannig að ungt fólk geti mátað sig við fjölbreyttar fyrirmyndir. Það er kominn tími til að skoða gildi lífsins sem gefa konum sem og allri litapalettunni loforð um viðurkennda samfélagsstöðu. Mannréttindi takk – 21. öldin var að hringja!

# BÍLSKÚRSDAGAR

## MÚRBÚÐARVERÐ

LuTool®

LuTool 7 blaða sett
**2.490**

LuTool Pússivél 560W m/hjámiðju snúning
**9.990**

**FYLGIHLUTIR FÁANLEGIR**

Arakit 4hillur 150x75x30 40kg
**2.312**

**Lavor One Plus 130 háþrýstidæla**
130 Max bar, 420min Litrar
Fylgihlutir: Burstar, sápubrúsi & Turbóstútur.
**12.890**

LuTool fjölnota hjakktæki til viðhalds - rafmagnstæki 300W.
**6.890**

Stabil 5 hillur 176x90x40cm 176kg
**6.392**

Lutool Borðsög 1800W 250mm blað 54x50cm
**25.990**

Lutool veltisög 1800W 255mm blað
**49.490**

Drive Bílskúrsryksuga 18lítra 1200W
**7.990**

Gluggaþvottakústur, gegn um rennandi 116>180cm, hraðtengi með lokun
**2.390**

**Gegnheil postulínsflís**

Meister upphengi festing
**225**

Sha-LG218C T8 flúor-lampi 2x18W með perum 66x10cm
**2.990**

Sha-LG228E T5 2x28W rakaþol 120x10cm IP65 með perum
**4.790**

COL-73003. Gólflakk 3 L
**4.995**

Bílabúkkar 2 tonn **2stk**
**3.490**

KAI Grá bílskúrsflís 33x33 cm
**1.490 pr. m²**

Gua-543-1 vegghengdur, 1mm stál, einnig fáanlegur í borð kr. 15.990
**16.990**

**Patrol** verkfærakista STUFF 52cm
**2.918**

Deka Tjöru og Olíuhreinsir 4 l.
**1.890**

Rúðuvökvi -18°C, 4 l.
**690**

Kapalkefli 3FG15, 15 mtr
**3.352**

T38 Vinnuljós
**5.590**

15 metra rafmagnssnúra
**2.890**

Verð gilda 3-12/11

Meiri gæði / Lægra verð

**MÚRBÚÐIN**

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7 | Opið virka daga kl. 8 -18, lau. 10 -16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18 | Opið virka daga kl. 8 -18 |

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

**Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!**

# Föðurlaus börn, sársauki í boði stjórnvalda



Júlíana Elín Kjartansdóttir
stjórnarmeðlimur í Félagi um foreldrajafnrétti

**Eigum við ekki að sammælast um að hætta að tipla á tánum í kringum hið andlega ofbeldi sem umgengnistálmanir og foreldraútskúfun er, fá það upp á yfirborðið og senda skýr skilaboð um að það sé ekki í lagi? Allir tapa við slíkar aðstæður og börnin mest.**

Ég starfa með Félagi um foreldrajafnrétti, mannréttindafélagi sem stendur fyrir rétti barna til beggja foreldra sinna og jöfnum rétti foreldra til að sinna foreldrahlutverki sínu óháð fjölskyldugerð.

Stór hluti af okkar félagsmönnum eru foreldrar sem hafa orðið fyrir umgengnistálmunum af hendi forsjárforeldra barna þeirra.

Nýlega bárust okkur þessi skilaboð á Facebook:

„Ég fékk þær fréttir frá sýslumanni að ég fengi ekki að hitta dóttur mína því ég þyrfti fyrst að taka mig á í lífinu (þetta kom frá barnsmóður minni og mömmu hennar). Ég er ekki glæpamaður, ég er ekki að berja fólk, ég er ekki vondur maður heldur er ég maður sem elskar barnið sitt meira en allt en ég get ekki meira. Ég mun fara með pappíra til sýslumanns þar sem ég segist gefast upp því þetta er að rífa hjartað úr mér. Gangi ykkur vel í baráttunni en ég ætla að unlæka síðuna því ég brotna niður í hvert sinn sem ég les sögurnar ykkar.“

Þarna á sér greinilega stað harmleikur og við sem störfum fyrir félagið vitum að margir foreldrar, langoftast feður, eru í nákvæmlega sömu stöðu. Þeir eru oftar en ekki góðir menn og góðir feður sem rekast endalaust á hindranir og vantraust og hreinlega gefast upp! Stundum er auðveldara fyrir þá að gera ekki neitt og reyna að gleyma því að þeir eigi barn.

Það að fjarlægja foreldri, jafnt föður sem móður, úr lífi barns er afdrifarík ákvörðun sem þarf að vera tekin að vel ígrunduðu máli af viðeigandi stofnunum; lögreglu, barnavernd, sýslumanni, dómstólum.

En við í félaginu vitum af eigin reynslu að ástríkir og góðir feður geta þurft að berjast fyrir því að fá að sinna sínum foreldraskyldum og að eiga eðlilegt samband við börn sín. Þeir hafa ekkert til saka unnið en þurfa endalaust að sýna fram á hæfni sína sem foreldri.

**Allir tapa**

Foreldrar geta verið mishæfir, bæði mæður og feður. Og mikilvægt er að grípa fljótt inn í ef barn býr við aðstæður sem ekki er því til hagsbóta svo sem ofbeldi eða vanrækslu. En varla eru svona miklu fleiri feður en mæður vondir við börnin sín. Þess vegna er ekki síður afar mikilvægt að grípa inn í fljótt og vel þegar barn fær ekki að umgangast annað foreldri sitt og fjölskyldu þess að ástæðulausu, því það eru sannarlega aðstæður sem eru barni ekki til hagsbóta. Eins og er er meðferðartími hjá yfirvöldum allt of langur, úrræði við umgengnistálmunum virka ekki sem skyldi og feður upplifa þrýsting til að gefast upp; það sé hugsanlega best fyrir börnin af því að móðirin sé svo mikið á móti umgengni.

Við viljum þakka öllum þeim sem hafa stigið fram og sagt sögu sína. Eigum við ekki að sammælast um að hætta að tipla á tánum í kringum hið andlega ofbeldi sem umgengnistálmanir og foreldraútskúfun er, fá það upp á yfirborðið og senda skýr skilaboð um að það sé ekki í lagi? Allir tapa við slíkar aðstæður og börnin mest!




**Erna Rún Einarsdóttir**

hefur hafið störf hjá Tannlæknastofunni í Glæsibæ.

Erna Rún er tannlæknir með sérmenntun í tann- og munngervalækningum frá Eastman Institute í Rochester, NY í Bandaríkjunum. Hún hefur sérþekkingu og mikla reynslu í smíðum tannplantastuddra og hefðbundinna tanngerva eins og gervitanna, parta, króna og brúa. Erna Rún sinnir að auki öllum almennum tannlækningum.

**Tímapantanir í síma 561 3130**


# Um sáttakjaftæði



Markús Möller
hagfræðingur

**Það myndi staðfesta þann beyg sem af og til var eins og kaldur sviti á sálarbakinu þegar ég mætti á fundi hjá Viðreisn að minn nýi flokkur kynni að vera undir stjórn tómra Euro-búra sem skreyttu sig stolnum fjöðrum í landbúnaðar- og kvótamálum í kosningabaráttunni, en yrðu fljótir að hrista þær af sér eftir kosningar.**

Eitthvað það vitlausasta sem sett var í sölu fyrir kosningarnar var sáttakjaftæðið. Jafnvel sá flokkur sem ég á endanum kaus, – Viðreisn sem virtist það skásta á markaðnum – sá flokkur sagðist ætla að taka almannahagsmuni fram yfir sérhagsmuni en talaði þó í síbylju um að ná sáttum milli þessara andstæðu póla. Ekki mín formúla: Þegar almannahagsmunir vinna sigur á sérhagsmunum og fá jafnvel 34 af 63, þá finnst mér vægast sagt klikkað að kjörnir fulltrúar almennings semji sig frá sigrinum sem þeir fengu umboð sitt út á. Eiginlega get ég ekki kallað slíkt annað en svik.

Mér finnst prýðilega leyfilegt að koma fram af kurteisi og skikkanlegri samúð við sigraða andstæðinga, í þessu tilfelli þá sem hafa orðið efnamenn eða meira á kvótakerfinu frá 1984 í sjávarútvegi og þá sem enn hokra í skjóli búvörulaganna frá 1985 og á útkjálkum í skjóli afurðasölulaganna frá 1934. Það er heldur ekki skynsamlegt eða vitlegt að dauðpína þá sem ættu að verða bröttustu verktakarnir í þeim bransa að veiða fisk fyrir þjóðina.

Hvað landbúnaðinn varðar þá getur vel verið að þar séu lífvænlegir blettir innan um, nokkuð augljósalegast í tengslum við ferðamennsku og varðveislu sérstæðra og merkilegra húsdýrastofna. Hver veit heldur nema hér gæti þess utan þróast lífvænlegur landbúnaður ef gamalli hörmungalöggjöf væri aflétt, nú þegar árar betur og leyfilegt er að flytja inn nýjustu græjur. Jafnvel svínarí og fjaðrafok gætu átt sjans ef samkeppnin kæmi að utan og innlendir framleiðendur fengju að stilla sig saman.

Í ljósi gamallar og viðvarandi velvildar almennings er líka óvíst að túlka megi umboð kjósenda til að rífa upp búvörubullið sem skilyrðislaust skotleyfi á bændur né andstöðu við þjóðargjöf á kvóta sem kröfu um að leggja Raufarhöfn í rúst. En að fara t.d. hugsunarlaust með glórulausa landbúnaðarstyrki úr 25 milljörðum á ári (PSE frá OECD fyrir innvígða, og vantar þó sennilega einhverja ríkisstyrki inn í það) í besta falli niður í svo sem 12-15 og taka þriðjung eða svo af kvóta í hlut þjóðarinnar, væri arfalélegt hálfkák.

Sáttakjaftæðið er annars gamalgróið og hefðbundið trix þeirra pólitísku málaliða sem hafa að aðalstarfi að hygla sérhagsmunum. Það náði hæst, þegar ríkisstjórnin 2009-2013 skipaði – hvað haldið þið – sáttanefnd til að finna lausn í kvótamálinu. Í fréttatilkynningu sjávarútvegsráðherra 2. júlí 2009 eru taldir upp 16 nefndarmenn, 6 þingmenn, allir úr plássum sem voru – og eru – undir nöglinni á útgerðum staðarins, einn bæjarfulltrúi og einn verkalýðsforkólfur úr sams konar plássum, 3 frá samtökum útgerðarmanna, 2 frá fiskvinnslusamtökum og 3 frá sjómönnum. Sem sagt, 16-0 fyrir sérhagsmuni og algert svartamyrkur fyrir þau 64% kjósenda sem þá bjuggu á Reykjavíkursvæðinu. Reyndar dúkkaði upp einn líklegur málsvari almannahagsmuna í skilaplaggi nefndarinnar, líklega vegna þess að í ógáti hafi ráðherrann gleymt nýjum þingflokki Borgarahreyfingarinnar. Útkoman varð eins og til var stofnað, furðukokkteill af byggðastefnubulli og sérhagsmunaþjónkun sem dagaði sem betur fer uppi.

**Grafnir út og suður**

Nú er ástæða fyrir almenning og hagsmunina hans að hafa af því áhyggjur að Viðreisn og Björt framtíð og ótrúlegt nokk jafnvel VG séu að búa sig undir að ganga í björg með Sjálfstæðisflokknum. Ekkert bendir til þess að þar fari betur fyrir almannahagsmunum en í sáttanefndinni forðum. Eftir japl og jaml og fuður verða þeir grafnir út og suður. Bjarni gæti samþykkt obbolítið ESB enda mestanpart sloppinn undan og undan blýantsenda ritstjórans. Meira að segja VG hefur gefið til kynna að það mætti sosum ræða eitthvað svoleiðis ef þjóðin væri svo vitlaus að vilja það endilega. Svo yrðu einhver fíkjublöð til sjós og lands sem gætu orðið verri en ekkert, t.d. ef þau festu í sessi 14-2 fyrir sérhagsmunina. Það myndi staðfesta þann beyg sem af og til var eins og kaldur sviti á sálarbakinu þegar ég mætti á fundi hjá Viðreisn að minn nýi flokkur kynni að vera undir stjórn tómra Euro-búra sem skreyttu sig stolnum fjöðrum í landbúnaðar- og kvótamálum í kosningabaráttunni, en yrðu fljótir að hrista þær af sér eftir kosningar.

En á Íslandi 2016 eru til ráð við því. Ef eða þegar herlegheitin birtast og reynast óþolandi, mætti safna undirskriftum meðal þeirra sem játuðu að hafa kosið A eða C – og jafnvel VG þar sem kjósendur drægju umboð sitt táknrænt til baka vegna þess að það hafi ekki verið veitt til að gefa afslætti af almannahagsmunum. Það væri allnokkur spá fyrir Bjartri framtíð Viðreisnar. Svo mætti reyna að koma nýjum forseta í æfingu við að hjálpa Alþingi að þjóna almannahagsmunum. Fordæmin eru nýleg.

En best væri að Viðreisn og Björt framtíð sæju að sér, VG fattaði að á höfuðborgarsvæðinu býr líka fólk, að Píratar legðu fram gögn fyrir því að þeir séu stjórntækir og Samfylkingin herti sig upp og ákvæði að eignast framhaldslíf í þjónustu við almannahagsmuni. Og öll dýrin í þeim hluta skógarins yrðu vinir.

# Af hverju að banna búrkur?



Björgvin Sighvatsson
hagfræðingur

**Með því að setja bann við búrkum erum við að senda skilaboð til þeirra sem hafa hug á því að koma hingað um að við verjum vestræn gildi, jafnrétti og kvenfrelsi.**

Umræður hafa skapast um hvort banna eigi búrkur (kyrtill sem hylur allan líkama og andlit konunnar) hér á landi. Undirritaður var lengi þeirra skoðunar að ekki ætti að banna búrkur en hefur eftir nánari athugun skipt um afstöðu og telur nauðsynlegt að stjórnvöld setji sem fyrst lög sem banni búrkur og niqab (sem hylur allt nema augun).

Áður en lengra er haldið er mikilvægt að gera sér grein fyrir af hverju konur klæðast slíkum fatnaði á 21. öldinni. Samkvæmt túlkun á trúarbrögðum íslams byggir þessi klæðaburður á því að konur séu skuldbundnar til að hylja líkama og andlit svo þær veki ekki kynferðislegar langanir eða þrár karlmanna. Það er ekki eins og þær hafi val á milli þess að klæðast opinberlega búrku í dag og lopapeysu, gallabuxum og húfu á morgun. Hér er um trúarsetningu að ræða sem ákvarðar stöðu kvenna í samfélaginu.

Ástæður þess að banna eigi framangreindan klæðnað með lögum eru m.a. eftirfarandi:

**1.** Dregur úr virkni kvenna til félagslegra athafna og þátttöku á vinnumarkaði. Það segir sig sjálft að í nútíma samfélagi er erfitt fyrir konur að vera virkir samfélagsþegnar og blandast öðrum hópum ef þær klæðast fatnaði sem kemur í veg fyrir að hægt sé að bera kennsl á þær. Möguleikar þeirra til að sækja sér vinnu og menntun eru líka mjög takmarkaðir.

**2.** Búrka leynir heimilisofbeldi. Í löndum þar sem búrkur eru algengur fatnaður á meðal kvenna er heimilisofbeldi einnig algengt t.d. eins og í Afganistan og Pakistan. Í slíkum tilfellum einangrar búrkan ekki bara konuna heldur leynir líka vitnisburði um sýnilegt ofbeldi, t.d. af hálfu eiginmanns.

**3.** Aðgreining er mismunun. Búrka er yfirlýsing um að konur séu ójafnar körlum sem felur í sér mismunun. Samkvæmt lögum er bannað að mismuna fólki eftir kynþáttum. Það hlýtur að þurfa að gilda líka varðandi kynin.

**4.** Ekki frjálst val. Oftast er að faðir, frændur og bræður skipi ungum konum að klæðast fatnaði sem hylur líkama þeirra og andlit. Til þess að koma í veg fyrir að þær þurfi að búa undir svo ógnandi aðstæðum þarf að frelsa þær frá því. Besta leiðin til þess er að banna búrkur.

Ég tel að framangreindar ástæður væru nægilega ríkar til þess að kvenfrelsishreyfingar hérlendis mundu blanda sér í umræðuna og hafa skoðun á. Í umræðunni hafa sumir haldið því fram að bann við búrkum hamli trú- og tjáningarfrelsi. Það er fjarri sanni enda sjaldnast að konurnar séu í aðstöðu til að geta valið sér slíkan klæðnað óþvingað.

En hvaða máli skiptir þetta? Konur sem klæðast slíkum fatnaði sjást ekki á Íslandi og til hvers þá að setja lög? Svarið við þeirri spurningu er einfalt. Það er betra að gera það núna en síðar. Við búum við frjálst flæði vinnuafls innan Evrópska efnahagssvæðisins. Einnig er mikill þrýstingur um hæli hérlendis frá erlendum hælisleitendum. Ríki bæði innan og utan Evrópu hafa verið og eru að setja bann við búrkum. Í Frakklandi, Belgíu og Sviss er slíkt bann í gildi og hjá egypskum stjórnvöldum liggja fyrir drög að slíku banni. Með því að setja bann við búrkum erum við að senda skilaboð til þeirra, sem hafa hug á því að koma hingað, um að við verjum vestræn gildi, jafnrétti og kvenfrelsi.

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ
10. NÓVEMBER 2016 FIMMTUDAGUR

# ÚTÚRSNÚNINGUR OG ORÐALEIKIR

Grafíski hönnuðurinn Bjarni Helgason hefur alltaf verið mikill bolamaður. Fyrir nokkrum árum lét hann drauminn rætast, lærði silkiþrykk af YouTube og hóf að framleiða eigin boli með skemmtilegum og frumlegum myndum.

**Starri Freyr Jónsson**
starri@365.is



Fagurlega og frumlega myndskreyttir bolir grafíska hönnuðarins Bjarna Helgasonar vekja athygli hvar sem þeir sjást. Bjarni hóf að hanna bolina undir merkinu Bolabítur fljótlega upp úr 2008 þegar hann, að eigin sögn, hafði allt í einu heilmikinn tíma aflögu. „Á þeim tíma var ég nýfarinn að teikna aftur og hafði lengi langað til að læra silkiþrykk. Ég hef alltaf verið mikill bolamaður og safnaði stuttermabolum þegar ég var ungur. Það lá því beinast við að panta tæki frá Bandaríkjunum, læra silkiþrykk af YouTube og teikna og þrykkja mína eigin boli.“

Myndirnar sem prýða bolina hans eru í grunninn útúrsnúningur og orðaleikir sem honum dettur í hug eða einhver samsuða af tveimur ólíkum hugmyndum sem mynda eina að eigin sögn. „Bolirnir eru auk þess allir vandaðir, eru úr 100% lífrænni bómull og þrykktir með endingargóðu en umhverfisvænu bleki.“

Bjarni segir boli afar hentugan klæðnað af ýmsum ástæðum. „Í fyrsta lagi eru bolir ekki mjög dýr fatnaður og þar af leiðandi telst það ekki stór ákvörðun að kaupa bol. Þannig er frekar einfalt að koma sér upp góðu safni af bolum. Þeir geta líka verið ákveðin yfirlýsing um hvernig manneskja þú ert, út frá þeirri mynd sem prýðir bolinn hverju sinni. Það getur tengst pólitískum skoðunum, einhverjum húmor eða almennum nördisma.“



Bolir geta verið ákveðin yfirlýsing um hvernig manneskja maður er, út frá þeirri mynd sem prýðir bolinn hverju sinni að sögn Bjarna Helgasonar, eiganda Bolabíts. MYND/ERNIR




Meistari Megas heiðraður – Viva las Megas.



Ísbirnir koma reglulega í heimsókn til Íslands en fá jafnan óblíðar móttökur frá yfirvöldum.



Logi er að elda hakk og spaghetti, allt í einu birtist Obi-Wan honum og minnir hann á að nota kraftinn, kjötkraftinn.

> Í fyrsta lagi eru bolir ekki mjög dýr fatnaður og þar af leiðandi telst það ekki stór ákvörðun að kaupa bol. Þannig er frekar einfalt að koma sér upp góðu safni af bolum. Þeir geta líka verið ákveðin yfirlýsing um hvernig manneskja þú ert, út frá myndinni sem prýðir bolinn hverju sinni.
>
> Bjarni Helgason

**MEGAS OG OBI-WAN**

Aðspurður um uppáhaldsbol úr eigin safni nefnir hann helst Walking Dead bolinn (sem Bjarni klæðist á myndinni). „Svo er maður alltaf hrifinn af nýjastu teikningunni sinni hverju sinni. Svo kemur bara í ljós hvernig hún eldist. Ef ég ætti að nefna einn erlendan bolahönnuð dettur mér fyrst í hug Jaco Haasbroek, en hönnun hans má m.a. sjá og kaupa á Threadless.com. Annars eru endalaust margir góðir bolahönnuðir til í heiminum í dag.“

Hann segir viðtökur hafa verið góðar frá upphafi en helstu sölustaðirnir eru síðan hans, nothing.is, auk Leynibúðarinnar í Reykjavík og verslunarinnar Flóru á Akureyri. „Ég bætti nokkrum bolum við línuna síðasta vetur, þar á meðal Viva Las Megas, Helköttaður og Obi-Wan bolnum. Svo er markmiðið að bæta við nokkrum nýjum gerðum núna fyrir jólin.“

**Skoða má úrvalið af bolunum, og mörgum fleiri verkum Bjarna, á www.nothing.is, á Facebook (Bjadddni) og Instagram (elskubolabitur).**











„Mér finnst mjög gaman að taka karaktera úr japönskum teiknimyndum, það er svo gríðarlega flókið að vinna með þá.“ Sandra Zak tekur þátt í sýningu Tækniskólans á Unglist í Ráðhúsi Reykjavíkur á laugardagskvöldið. MYND/ANTON BRINK

# VINNUR FÖT UPP ÚR TEIKNIMYNDUM

**Sandra Zak** stundar nám í fataiðn í Tækniskólanum. Hún tekur þátt í tískusýningu nemenda fataiðndeildar skólans á Unglist, listahátíð ungs fólks, ásamt nemendum í hársnyrtiiðn, sem fram fer í Ráðhúsi Reykjavíkur um helgina. Búningahönnun er hennar áhugamál.

**Ragnheiður Tryggvadóttir**
heida@365.is



„Mér finnst mjög gaman að skoða búninga úr teiknimyndum og bíómyndum. Finna út hvernig fötin gætu litið út í alvöru og búa þau svo til,“ segir Sandra Zak, nemandi í fataiðn í Tækniskólanum en hún tekur þátt í sýningu nemenda sem fram fer í Ráðhúsi Reykjavíkur um helgina. Sýningin er hluti af Unglist – listahátíð ungs fólks.

„Ég vel mér bara karakter og velti svo fyrir mér hvernig ég myndi sníða fötin, úr hvers konar efni þau gætu verið og hvernig ég myndi sauma þau. Stundum lít ég á þessi snið og hugsa, er þetta mögulegt? Er þyngdarafl í þessum heimi til dæmis? Ég geri mikið af þessu og hef haft áhuga á búningahönnun frá því ég var krakki. Ég hef meðal annars tekið þátt í alls konar búningasamkeppnum hér heima og einu sinni í Svíþjóð,“ segir Sara en hún stefnir á nám í búningahönnun eftir að Tækniskólanum lýkur. „Ég hef augastað á einum skóla í London sem er með búningabraut.“

> Ég vel mér bara karakter og velti svo fyrir mér hvernig ég myndi sníða fötin, úr hvers konar efni þau gætu verið og hvernig ég myndi sauma þau. Stundum lít ég á þessi snið og hugsa, er þetta mögulegt? Er þyngdarafl í þessum heimi til dæmis?
>
> Sandra Zak

Áttu þér einhverja uppáhaldskaraktera? „Mér finnst mjög gaman að taka karaktera úr japönskum teiknimyndum, það er svo gríðarlega flókið að vinna með þá. Það reynir á mig og það finnst mér gaman. Margir karakterar úr Sonic Universe eru í uppáhaldi og svo eru marga spennandi að finna í tölvuleikjum,“ segir Sara, en um helgina ætlar hún að sýna úrval búninga sem hún hefur saumað.

„Við megum sýna skólaverkefni en líka það sem maður hefur verið að hanna og sauma heima. Uppsetningin er ekki alveg komin á hreint en ég gæti haft myndir af karakterunum með. Það er frekar góð þátttaka á sýningunni, margir af fataiðn sýna föt og háriðn tekur þátt. Við verðum á staðnum með okkar verk,“ segir Sara og er ánægð með Tækniskólann.

„Þetta er ótrúlega skemmtilegt nám, erfitt og tekur sinn tíma en alveg þess virði.“

Hvernig er þinn persónulegi stíll? „Ég klæði mig oft upp en hversdags í skólanum er ég í pönkstíl, litað hár, tattú og göt í vörunum. Ég hlusta samt ekki á pönktónlist. Mér finnst þægilegast að versla við H&M þegar ég fer til útlanda og í New Yorker og svo er Zara ein af mínum uppáhaldsbúðum. Top Shop er líka með flott föt og svo vildi ég óska að ég hefði efni á að versla í Karen Millen,“ segir Sandra.

Tískusýningin hefst í Ráðhúsinu klukkan 20. En dagskrá Unglistar er að finna á www.hitthusid.is.

**Á Facebook-síðunni Sandra tails cosplay er hægt að skoða búningapælingar Söndru.**







FORNFRÆG KÁPUBÚÐ
Skoðið laxdal.is/yfirhafnir
BERNHARÐ
LAXDAL
Laugavegi 63 • S: 551 4422






Manus x Machina tísku- og tæknisýning í Metropolitan-safninu í New York.

Veisla hjá Tiffany í Guggenheim-safninu í New York. Kate mætti í bleiku.

Kate Bosworth í veislu í Beverly Hills í Kaliforníu.

# EFTIRLÆTI LJÓSMYNDARA

**Leikkonan og fyrirsætan Kate Bosworth er eftirlæti ljósmyndara. Hún vekur athygli hvar sem hún kemur og er talin ein af fegurstu konum heims að mati tímaritsins Vouge. Kate hefur sömuleiðis vakið athygli sem góð leikkona.**

Kate Bosworth var aðeins fjórtán ára þegar hún hóf kvikmyndaleik. Hún fæddist í Los Angeles árið 1983 en ólst upp á austurströnd Bandaríkjanna. Kate hefur alla tíð haft mikla ástríðu fyrir hestum og varð meistari sem knapi aðeins 14 ára. Það leiddi hana óvænt í kvikmyndaleik því fyrsta myndin sem hún lék í var The Horse Whisperer. Í myndinni voru margar stórstjörnur, Robert Redford, Kristin Scott Thomas, Chris Cooper og Scarlett Johansson. Kate segir að hún hafi strax fundið sig vel við myndavélarnar og leit á hlutverkið sem tækifæri til að læra. Scarlett var ári yngri en Kate og hafði þá þegar mikla kvikmyndareynslu. Þær eru enn góðar vinkonur. Kate hefur verið ötull talsmaður kvennabaráttu í Hollywood.

## MYND UM SHARON TATE

Kate hefur leikið í fjölmörgum kvikmyndum. Fyrir utan vinnuna stundar hún enn útreiðar af miklu kappi. Þar fyrir utan er hún að gera upp hús ásamt eiginmanni sínum, kvikmyndaframleiðandanum Michael Polish, í Los Angeles. Kate hefur leikið í kvikmyndum Polish og nú standa yfir tökur á nýjustu mynd þeirra sem er byggð á bók Gregs King um Sharon Tate og Manson-morðin. Myndin er byggð á sönnum atburðum sem margir muna eftir. Leikkonan Sharon Tate var nánast fullgengin með barn þegar hún var myrt ásamt fjórum öðrum á heimili sínu í ágúst 1969. Morðið var eitt það hrottalegasta í sögunni. Sharon Tate var leikkona og fyrirsæta eins og Kate og gift kvikmyndaleikstjóranum Roman Polanski.

## NÓG AÐ GERA

Önnur áhugaverð kvikmynd sem Kate hefur nýlega leikið í heitir Finding Steve McQueen. Hún verður frumsýnd á næta ári. Aðrar nýlega myndir með Kate eru Homefront, Still Alice, Amnesiac, Life on the Line, The Art of More, 90 Minutes in Heaven, Heist, Before I Wake og We Shot Ourselves. Rödd Kate er einnig fræg sem Lois Lane í Superman. Þá munu áhorfendur sjá hana í nýrri þáttaröð á vegum BBC, SS-GB sem segir frá hetjudáð í síðari heimsstyrjöldinni.

Kate Bosworth hefur verið vinsælt forsíðuefni glanstímarita. Hún var andlit Calvin Klein árið 2008 auk þess sem hún hefur verið andlit Revlon og Top Shop. Þá var hún valin númer sex af 100 kynþokkafyllstu konum heims af tímaritinu Maxim árið 2006.



**Þessi mynd var tekin í síðustu viku af Kate Bosworth í New York þar sem ný skartgripalína var kynnt. Alls staðar þar sem Kate kemur vekur hún mikla athygli.**



**Kate Bosworth glæsileg að vanda í veislu hjá Vanity Fair.**







SHIMANO
TRI
TRI VERSLUN er umboðsaðili CUBE á Íslandi
HJÓLREIÐAR
HLAUP
SUND
BEETELITE NeoSHOT
Tacx
Neo Smart
Tacx
Xenofit
www.xenofit.de
ParkTool
STAGES
SCHWALBE
Nagladekkin eru komin!
WWW.TRI.IS
Cube your life!
Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík
Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 11:00 til 18:00
Laugardaga kl. 11:00 til 15:00


15-50%
afsláttur
af völdum nýjum vörum!
Nú eru fyrstu sendingarnar af jólalínunni að detta í hús,
15-50% kynningarafsláttur af völdum nýjum sparivörum!
GLÆNÝ SPARISENDING!
Glæsilegur sparifatnaður á kynningartilboði dagana 10-13.nóv.
ZIKZAK
TÍSKUHÚS


AÐHALDS-BOLUR
ÁÐUR 6.990
NÚ 3.990
st. S-XXXL
Einnig til í stuttur!
AÐHALDS-BOLUR
ÁÐUR 7.990
NÚ 3.990
st. 42-56
Aðhaldsbolur er eitt af því sem allar konur ættu að eiga, hann nýtist vel til að móta, stinna og slétta og hentar einstaklega vel undir sparifatnað


KJÓLL
ÁÐUR 6.990
NÚ 5.940
st. S-XXXL
































































Tískuhús Zik Zak • www.Facebook.com/zikzakkringlan • 1. hæð Kringlunnar • Sími: 551-1314







Donatella þakkar áhorfendum eftir vel heppnaða tískusýningu Versace í Mílanó í febrúar síðastliðnum.



Donatella er ekki hrædd við að taka áhættu þegar kemur að fatavali.

# DÍVAN DONATELLA

**Donatella Versace,** yfirhönnuður Versace, er eitt af stóru nöfnunum í tískuheiminum. Hún er góðvinkona söngkonunnar Lady Gaga en nýlega var tilkynnt að Gaga myndi leika Donatellu í þriðju seríu American Crime Story sem fjalla mun um morðið á Gianni Versace.

Vinskapur Donatellu Versace og Lady Gaga þykir náinn. Gaga hefur ausið Donatellu lofi og öfugt. Þá samdi Gaga lag árið 2013 sem ber heitið Donatella, sem söngkonan sagði að væri ástrárbréf hennar til vinkonu sinnar. Þær höfðu þá verið í góðu samstarfi í nokkurn tíma en Versace sá um að hanna búninga Gaga fyrir tónleikaferð hennar. Lagið fjallar um óttalausa konu sem er nákvæmlega sama um hvað aðrir segja, er stolt af því hver hún er og heldur ótrauð áfram hvað sem á dynur. Gaga hefur sagt að lagið endurspegli persónuleika Donatellu. Nú hefur verið tilkynnt að Lady Gaga muni leika þessa góðvinkonu sína í þriðju seríu American Crime Story sem mun fjalla um morðið á Gianni Versace, bróður Donatellu, árið 1997. Fyrsta sería American Crime Story, The People versus O.J. Simpson, hlaut miklar vinsældir og lof gagnrýnenda. Donatella tók við sem yfirhönnuður Versace eftir lát Gianni. Hún þykir hafa einstakt nef fyrir tískustraumum og -stefnum ekkert síður en bróðir hennar.



Á góðgerðar-galakvöldi Comstume Institute í New York í fyrra.

Vinkonurnar Donatella Versace og Lady Gaga í Óskarsverðlaunapartíi Vanity Fair árið 2014.

Á tískupallinum á tískusýningu Versace á tískuviku í París í fyrra.




## BÍLAR & FARARTÆKI

**Bílalíf**



**DÍSEL - 1.990Þ!!!**

BMW X3 2.0d DÍSEL, Árgerð 2008, ekinn 203þ.km, dísel, sjálfskiptur. Leður, cruise o.fl. Pèttur og góður bíll, ný túrbína, góð smurbók, Ofurtilboð 1.990þ.!!! Rnr.128406.

**Bílalíf**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið 10-18 virka daga**
**www.bilalif.is**

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**

SAFT

**BÍLASALA GUÐFINNS**
**Sími 562 1055**



KIA CARENS 7 manna árg 2008, sskj, ek. 166 þús. Verð 1250þús.



SKODA OCTAVIA AMBIENTE árg 2006 sskj, ek. 141 þús. Verð 990 þús.



OPEL CORSA-C 1.4I 16V COMFORT ek. 121 þús. Verð 380 þús.

**BÍLASALA GUÐFINNS**
**Sími 562 1055**



TOYOTA YARIS TERRA árg 2010, ek. 154 þús. Verð 1100 þús.



TOYOTA COROLLA 1,4 VVTI ek. 194 þús. Verð 650 þús.

**Bílasala Guðfinns**
**Stórhöfða 15/ Við Gullinbrú,**
**112 Reykjavik**
**Sími: 562 1055**
**www.guffi.is**

Vissir þú að... börn eiga rétt að leita sér
Barnaheill Save the Children á Íslandi

**Bílaplan.is**



RENAULT Clio authentic. Árgerð 2014, ekinn 69 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.690.000. Rnr.107602. á staðnum



FORD Fiesta eco bosst. Árgerð 2016, ekinn 33 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.990.000. Rnr.107607.á staðnum



KIA Ceed ex 1.6 new 2012. Árgerð 2012, ekinn 65 Þ.KM, dísel, 6 gírar, einn eigandi. Verð 2.490.000. Rnr.107600.á staðnum

**Bílaplan.is**
**Við Breiðhöfða, 110 Reykjavík**
**Sími: 552 6000**
**Opið 10 - 18 virka daga og 12 - 15 laugard.**
**www.bilaplan.is**

**bilfang.is**
**S. 567 2000**



**SJÁÐU VERÐIÐ !**

Renault Trafc Diesel Langur 9 manna 05/2016 ek 12 þ.km Bakkmyndavel, AC, ofl ,Möguleiki á niðurfellingu fyrir ferðaþj. Og TAXI. Okkar verð aðeins 4990 þús !!

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**Seljum í dag !**
**www.bilfang.is**

**GEFÐU HÆNU**
gjofsemgefur.is
**907 2003**
Hjálparstarf kirkjunnar

### Bílar til sölu



Toyota Prius Hybrid 2009. Sjálfsk. Verð: 999þ. kr. S. 6162597

### Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

### Hjólbarðar

**VAKA**



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

# VW e-GOLF

**REIKNAÐU DÆMIÐ TIL ENDA**

**NÚ Á LÆGRA VERÐI – LÍTILL REKSTRARKOSTNAÐUR**

RÍKULEGA BÚNIR e-GOLFAR

- √ 8 tommu margmiðlunarskjár
- √ Bakkmyndavél
- √ Nálgunarvarar
- √ Bluetooth
- √ Íslenskt leiðsögukerfi
- √ Álfelgur
- √ Kapall fyrir heimahleðslu og hleðslustöðvar
- √ Sjálfskiptir
- √ Hiti í framrúðu
- √ ... og margt fleira

**VERÐ FRÁ KR.**
**3.590**
**ÞÚSUND**

Evrópubílar í ábyrgð

**ÁRG. 2015**
**Mjög lítið eknir**



Skoðum skipti á öllum tegundum bifreiða

**586 1414**
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan

opið í dag 10-18
kaffi á könnunni

**STÓRA BÍLASALAN**
Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík

# ÞJÓNUSTA

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**REGNBOGALITIR**
Getum bætt við okkur verkefnum. Vönduð vinna unnin af fagmönnum. Góð umgengni. malarar@simnet.is Sími 8919890

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Þarf að skipta um rennur, glerja eða aðra smíðavinnu? Tilboð/tímavinna. S. 553 2171

## Tölvur

Tölvuviðgerðir og uppfærslur Mac & Windows. Sæki / sendi.Tölvukarlinn Sími 5671 919 & 666 1919

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Spádómar

**ÖRLAGALÍNAN 908-1800**
Spáum í spil og ráðum drauma, andleg hjálp og ráðgjöf. Opið frá 20 -23 öll kvöld.

## Rafvirkjun

**Uppsetning og Þjónusta**
Ljósleiðara/Ljósnetstengingum
Loftnets/Gerfihnattadiskum
Sjónvarps/Netlagnir
Flatskjáir/Mynvarpar
Loftnetstaekni.is
S: 894 2460.

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS
gjofsemgefur.is
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar

# KEYPT & SELT

## Til sölu

HUMARSALAN

SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI
Heimsending. www.humarsalan.is
Pöntunarsími: 8676677

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Til leigu góð 2ja herb. íbúð á jarðhæð í einbýlishúsi í Selás /110 RVK. Reyklaus. Laus strax. s. 898 0949 Örn

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR!**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

115 SECURITY

**ÖRYGGISVÖRÐUR - VERSLUNARÞJÓNUSTA**
Skilyrði:

-Hreint sakavottorð

-Íslenskukunnátta

-20 ára lágmarksaldur

-Góð þjónustulund

Umsókn með mynd og ferilskrá sendist á 115@115.is Nánari upplýsingar um starfið eru veittar í síma 5 115 115 www.115.is

## Hönnun

KG HÖNNUN

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**
Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
það er bannað að mismuna börnum eftir litarhætti eða andlegri getu

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU
SAFT



# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407


**Rafstilling ehf**
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

**Húsarif • Jarðvinna • Uppsláttur**
**Steypusögun • Kjarnaborun • Múrbrot**
PRIMA
**S: 555-1819 / 852-5804 / 852-5808**
**prima@primaehf.is**

· Hjólbarðaviðgerðir
· Smurþjónusta
· Bremsur
· Demparar
· Rafgeymar
· o.fl.
HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist
Parketlagnir og viðhald

Snyrti & nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ
Frábær opnunartilboð í gangi hjá okkur núna!
Kíkjið á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart
*Verið hjartanlega velkomin.*
Tímapantanir í síma 789 3031 eða helgasig2@gmail.com
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

**Öryggismyndavél fyrir sumarbústað og heimili.**
Tekur venjulegt GSM SIM kort,
Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
SMS og MMS viðvörun í síma og netfang.
Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.
Getur tengst blikkljósi og sírenu. Stýrist með appi.
**Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir.is**


**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is


» **Ráðningarþjónusta**

# Leitar þú að starfsmanni?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.




» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

- **Vinnusparnaður**
  Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.
- **Markviss leit**
  Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.
- **Þriggja mánaða ábyrgð**
  Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.
- **Ekkert staðfestingargjald**
  Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.
- **Fjöldi hæfra umsækjenda**
  Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.
- **Fjölbreyttar þjónustuleiðir**
  Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.
- **Reynsla og þekking**
  Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.
- **Sanngjarnt verð**
  Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

**HH Ráðgjöf** er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

» HH Ráðgjöf • Fjarðargata 13 - 15 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

## fasteignir

# FJÁRFESTAR – ATVINNUHÚSNÆÐI TIL SÖLU

Höfum fengið í einkasölu húsnæði í þekktri verslunarmiðstöð sem hýsir rekstur veitingahúss. Leigutekjur á mánuði kr. 1.050.000 traustur leigutaki 10 ára leigusamningur, tryggingar.

Upplýsingar veitir Kristinn B. Ragnarsson viðskiptafr./lögg. fasteignasali í síma 8984125

EIGNASTOFAN

**Eignastofan fasteignamiðlun - Síðumúla 29 – 108 Reykjavík – Sími 5377500**

# LAUGAVEGUR 65 – TIL SÖLU




Húsið stendur á horni Laugavegs og Vitastíg. Um er að ræða 218 fm. eign sem skiptist í kjallara, verslunarhæð og íbúð á 2. hæð. Húsið hefur verið klætt að utan með bárujárni. Eignin þarfnast viðhalds að innan. Eign sem gefur mikla möguleika.
**Óskað er eftir tilboðum.**

**Nánari upplýsingar veitir:**



**Guðlaugur I. Guðlaugsson**
Lögg. fasteignasali
sími 864 5464

EIGNAMIÐLUN
Sala fasteigna frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## Fiskislóð 45 G
**jarðhæð, efri hæð og milliloft.**

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




68,6 fm. iðnaðarpláss auk um 32,0 fm. millilofts á eftirsóttum stað við Fiskislóð 45 G í Reykjavík. Stórar svalir til norðurs eru útaf 2. hæð eignarinnar og fallegt útsýni er bæði af hæðinni og frá svölum. Húsnæðið skiptist þannig að á jarðhæð eru innkeyrsludyr og flísalagt um 34,5 fm. rými auk forstofu. Á 2. hæð eru stofa, eldhús og baðherbergi. Á millilofti, sem ekki er skráð inn í stærð eignarinnar hjá Fasteignaskrá er eitt stórt opið parketlagt rými. **Verð 30,0 millj.**




Falleg og vel skipulögð íbúð á 2. hæð við Sólvallagötu 82

113 fm, 4ra herbergja

Stæði í bílageymslu

Góð staðsetning þar sem stutt er í skóla, alla helstu þjónustu og iðandi mannlíf miðbæjarins

Verð: **49,9 millj.**

Nánari upplýsingar veita



**Gunnar S. Jónsson**
löggiltur fasteignasali
sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is



**Ólafur Finnbogason**
löggiltur fasteignasali
sími: 822 2307
olafur@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
**- með þér alla leið -**

## tilkynningar

**Skaftárhreppur**
**Skipulags og byggingarfulltrúi**

### Auglýsing um skipulagsmál í Skaftárhreppi

### Hemrumörk – Deiliskipulag

*Í samræmi við 41. Gr. Skipulagslaga er hér með auglýst eftir athugasemdum við deiliskipulag að Hemrumörk í Skaftárhreppi. Innan deiliskipulagsins er gert ráð fyrir byggingarreitum fyrir fjórar nýbyggingar, íbúðarhúss, tvö gestahús og vélageymslu.*

Tillaga þessi liggur frammi hjá Skipulags og byggingarfulltrúa Skaftárhrepps, Klausturvegi 10, Kirkjubæjarklaustri og á heimasíðu Skaftárhrepps www.klaustur.is. Frá 9.nóvember 2016 til og með 22.desember 2016. Athugasemdum ef einhverjar eru skal skila skriflega á skrifstofu Skaftárhrepps, Klausturvegi 10, 880 Kirkjubæjarklaustur eða með tölvupósti á bygg@klaustur.is.
Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út fimmtudaginn 22.desember 2016.

***Vigfús Þ. Hróbjartsson***
***Skipulags og byggingarfulltrúi***
***Skaftár-og Mýrdalshreppi***

Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is

ráðum
ráðningarstofa
Ertu að leita að starfi?
RÁÐUM EHF • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is



LÉTTBYLGJAN
VIÐ PÖKKUM INN JÓLUNUM
MEÐ BESTU JÓLATÓNLISTINNI
LÉTT BYLGJAN
Í svörtum fötum
Jólin eru að koma
Stefán Hilmarsson - Senn koma jólin
NÓI SÍRÍUS
Kringlan
SJÓNVARP
LETTBYLGJAN.IS
BYLGJUAPPIÐ
ÚTVARP
HLUSTAÐU
HVAR SEM ER,
HVENÆR SEM ER
LÉTT
BYLGJAN
967
- JÓLASTÖÐIN ÞÍN!

# Erum við að sóa úrgangi? – Samkeppni við meðhöndlun úrgangs



**Magnús Þór Kristjánsson**
sérfræðingur hjá Samkeppniseftirlitinu

Meðhöndlun úrgangs er það svið atvinnulífsins sem hefur þróast einna hraðast á undanförnum árum og fyrirsjáanlegt er að sú þróun muni halda áfram. Þessi öra þróun skýrist af því að gerðar eru síauknar kröfur um að meðhöndlun úrgangs sé hagfelld umhverfinu. Þá má þakka þetta breyttu hugarfari almennings til úrgangsmála og ekki síst auknu verðmæti sem felst í þeim úrgangi sem safnað er, en hann var áður talinn verðlaus eða verðlítill.

**Skýrsla norrænna samkeppniseftirlita**

Efnahagslegt mikilvægi markaðar fyrir meðhöndlun úrgangs og sú staðreynd að opnað hefur verið fyrir samkeppni á fleiri sviðum markaðarins hefur beint sjónum samkeppnisyfirvalda að honum í auknum mæli. Í febrúar á þessu ári kom út sameiginleg skýrsla á vegum norrænu samkeppniseftirlitanna, Samkeppni við meðhöndlun úrgangs – undirbúningur fyrir hagkerfi hringrásarinnar, sem nálgast má á vefsíðu Samkeppniseftirlitsins.

Það er mat norrænu eftirlitanna að samkeppni muni leika grundvallarhlutverk þegar kemur að hagkerfi hringrásarinnar. Í þeirri hugmynd felst að ekki er lengur litið á úrgang sem einungis vandamál, heldur verðmæta auðlind sem beri að nýta. Markmið hagkerfis hringrásarinnar er að færa okkur frá línulegu hagkerfi þar sem hráefnis er aflað, það notað í framleiðslu og fargað að lokum, til hagkerfis þar sem vörur og hráefni eru endurnýtt eða endurunnin til að skapa nýjar vörur og verðmæti.

**Niðurstöður skýrslunnar**

Meginniðurstaða skýrslunnar er að talsvert svigrúm sé fyrir aukna samkeppni við meðhöndlun úrgangs á Norðurlöndunum. Virk samkeppni á mörkuðunum getur leitt til nýrra og skapandi lausna sem geta dregið úr kostnaði, bætt aðgang að hráefni og aukið skilvirkni meðhöndlunar úrgangs. Nýjar lausnir og sveigjanleiki sem hlýst af samkeppni er um leið forsenda þess að markmið í umhverfismálum náist.



> **Reynslan hefur sýnt að samkeppni við meðhöndlun úrgangs er mikilvæg. Virk samkeppni er til þess fallin að auka hagkvæmni og stuðla að nýsköpun og framþróun markaða.**

Í skýrslunni er að finna sex tilmæli um tilteknar úrbætur sem ætlað er að draga úr samkeppnishindrunum og skapa hagkvæmari markaði fyrir meðhöndlun úrgangs. Í fyrsta lagi er lagt til að notkun markaðslausna verði aukin. Í öðru lagi er lagt til að hlutverk aðila á markaðnum verði skýrð og samtal á milli hagsmunaaðila verði aukið. Meðal annars er lagt til að hlutverk opinberra aðila, annars vegar sem þjónustuveitenda og hins vegar sem stjórnvalda, verði skýrt afmörkuð. Í þriðja lagi er lagt til að umgjörð um jafnræði á milli keppinauta verði bætt. Í fjórða lagi er lagt til að opinberum útboðum verði beitt í auknum mæli og á skilvirkan máta. Í fimmta lagi er lagt til að tölfræðileg gagnaöflun um meðhöndlun úrgangs verði samræmd enn frekar og bætt. Í sjötta lagi er lagt til að leitað verði leiða til að bæta virkni svokallaðrar framleiðendaábyrgðar.

**Aukin samkeppni skilar árangri**

Reynslan hefur sýnt að samkeppni við meðhöndlun úrgangs er mikilvæg. Virk samkeppni er til þess fallin að auka hagkvæmni og stuðla að nýsköpun og framþróun markaða. Hér á landi hafa m.a. einkafyrirtæki átt frumkvæði að flokkun úrgangs til endurvinnslu. Þá hafa rannsóknir sýnt að þegar útboðum er beitt á hagkvæman hátt getur sparnaður í kostnaði, miðað við eldra kerfi, numið frá 10-47%.

Samkeppniseftirlitið hvetur sveitarfélög til þess að beina sjónum að því að hvernig frumkvöðlastarf einkaaðila getur hjálpað þeim að rækja skyldur sínar í þessum málaflokki og hvernig skipulegri útboð, þar sem hugað er að því að gefa minni aðilum svigrúm, getur nýst til hins sama. Mikilvægt er að skilmálar útboða haldi opnum möguleikanum á lausnum sem ekki hefur verið beitt áður.

# Gleymdi hópfjármögnunarvettvangurinn



**Baldur Thorlacius**
Nasdaq Iceland

Á síðastliðnum árum hafa svokallaðir hópfjármögnunarvettvangar rutt sér til rúms, hér á landi sem og erlendis, við góðan orðstír. Í krafti fjöldans hafa mörg fyrirtæki, og jafnvel einstaklingar, náð að stíga sín fyrstu skref í framleiðslu eða listrænni sköpun fyrir tilstuðlan slíkra vettvanga og virðist ekkert lát vera á.

Þegar kemur að næstu skrefum í þroskaferli fyrirtækja vandast oft málin og verða mörg þeirra hálfgerðir unglingar – of stór fyrir styrki og hefðbundna hópfjármögnun en of lítil og óþroskuð fyrir skuldabréfaútgáfur og bankalán. Á sama tíma eru vísbendingar um að almenningur sé meira en tilbúinn til þess að koma að fjármögnun spennandi verkefna hjá traustum aðilum. Það vakna því eðlilega upp spurningar um það hvers konar hópfjármögnunarvettvangur gæti hentað þörfum slíkra fyrirtækja.

Nýsköpunarfyrirtæki búa oft ekki að mörgu öðru en góðum hugmyndum og öflugri framtíðarsýn sem getur tekið langan tíma að hrinda í framkvæmd. Af þeirri ástæðu getur lánsfjármögnun reynst erfið. Á sama tíma kalla aukin umsvif á hærri fjárhæðir og því getur verið æskilegt að búa um hnútana með slíkum hætti að fyrirtækjum beri ekki skylda til þess að greiða þátttakendum til baka nema þegar, og ef, vel gengur. Almennir fjárfestar (lesist: hver sem er) gætu, sem dæmi, gerst meðeigendur og fengið greiddan arð í samræmi við hlutdeild sína.

Ef bjóða á almenningi að taka þátt í slíkri fjármögnun þarf að vanda sérstaklega vel til verka og veita skýrar upplýsingar um viðkomandi fyrirtæki, framtíðarsýn, áhættur og áætlanir.

Þátttaka í hópfjármögnun getur krafist þolinmæði. Fjárhagslegar aðstæður fólks geta aftur á móti breyst nokkuð skyndilega og í ljósi þess að oft getur verið um töluvert háar fjárhæðir að ræða fyrir einstakling er afar æskilegt að þátttakendur geti með einhverjum hætti innleyst verðmæti eignar sinnar þegar þeim hentar.

> **Til þess að liðka fyrir slíkum viðskiptum væri eðlilegt að gera þá kröfu til fyrirtækjanna að upplýsa þátttakendur og aðra áhugasama um starfsemi þess, framgang mála, merkilega áfanga og aðra atburði þegar fram líða stundir.**

**Eðlileg krafa**

Fyrri þátttakendur þurfa því að geta selt hlutdeild sína í verkefninu og nýir komið inn. Til þess að liðka fyrir slíkum viðskiptum væri eðlilegt að gera þá kröfu til fyrirtækjanna að upplýsa þátttakendur og aðra áhugasama um starfsemi sína, framgang mála, merkilega áfanga og aðra atburði þegar fram líða stundir. Það þyrfti auk þess að vera tryggt að allir sætu við sama borð og að þeir sem byggju yfir meiri upplýsingum en aðrir mættu ekki notfæra sér þær með því að kaupa, eða selja, á grundvelli slíkra upplýsinga.

Þrátt fyrir greiðan aðgang að upplýsingum um fyrirtæki getur reynst flókið að leggja mat á eignarhlut í því. Upplýsingar um viðskipti annarra geta varpað ákveðnu ljósi á framboð og eftirspurn eftir slíkum hlut. Því er æskilegt að aðgangur að upplýsingum um verð, magn og tímasetningu viðskipta sé tryggður og að stuðlað sé að auknum áreiðanleika slíkra upplýsinga með skýrum leikreglum.

Með öflugum „eftirmarkaði“ verða einstaklingar viljugri til þess að taka þátt í frekari hópfjármögnunum, vitandi að þeir hafa tök á því að selja hlut sinn í verkefninu ef aðstæður breytast, sem liðkar fyrir enn frekari notkun fyrirtækja á þessari leið.

Þetta fyrirkomulag er reyndar til í dag, í formi hlutabréfamarkaða. Má þar sérstaklega nefna First North markað Nasdaq á Íslandi („Kauphallarinnar“), sem er m.a. hugsaður fyrir smærri fyrirtæki. Það á til að gleymast að kauphallir eru hið upprunalega form hópfjármögnunar og að það regluverk og skipulag sem ríkir á slíkum mörkuðum er fyrst og fremst hannað með fjárfestavernd og skilvirkni að leiðarljósi, byggt á margra áratuga reynslu. Því miður hafa hlutabréfamarkaðir ekki mikið verið notaðir í þessum tilgangi á Íslandi að undanförnu, en að sama skapi má benda á að engin nýsköpunarfyrirtæki hafa látið á þessa leið reyna á síðastliðnum árum. Almennur áhugi fólks á þátttöku í hópfjármögnun vegna spennandi verkefna gefur tilefni til ákveðinnar bjartsýni.

Umgjörðin er til staðar og nýlega voru gerðar breytingar á reglugerð um undanþágur frá gerð lýsinga sem ættu að draga talsvert úr kostnaði smærri fyrirtækja sem hyggjast fara þessa leið. Það verður því spennandi að fylgjast með framhaldinu.




# Sjúkraþjálfun – Beint aðgengi



**Sveinn Sveinsson**
sjúkraþjálfari

Umræðan um aukið álag á slysadeild og lækna á heilsugæslustöðvum er þörf og í því samhengi er gott að vita að hægt er að leita beint til sjúkraþjálfara.

Sjúkraþjálfarar eru þeir sem koma að endurhæfingu eftir slys, áverka eða veikindi. Sjúkraþjálfari er sá sem léttir á verkjum, liðkar og kennir æfingar til að styrkja svæði, kennir rétta líkamsbeitingu við vinnu og kemur fólki af stað aftur. Sjúkraþjálfari leiðbeinir, útskýrir og er sá aðili sem kemur mest að endurhæfingu. Beint aðgengi er nú að sjúkraþjálfurum og þarf ekki að leita til læknis áður en farið er til sjúkraþjálfara.

**Í góðum samskiptum við lækna**

Sjúkraþjálfarar eru hins vegar í góðum samskiptum við lækna og vísa til þeirra þeim málum sem ekki lagast hratt. Þessu beina aðgengi er gott að vita af, þegar upp koma verkir eða minniháttar slys og tognanir. Sjúkraþjálfari getur metið áverkann, lagt mat á stöðuna, gefið ráðleggingar, búið um tognanir, minnkað bólgur, dregið úr verkjum, og það sem er mikilvægast, ráðlagt um næstu skref og hvernig viðkomandi getur hagað sér til að flýta fyrir bata og bæta líðan. Sjúkraþjálfarar senda ekki í rannsóknir, og skrifa ekki upp á lyf.

Á Íslandi eru yfir 400 starfandi sjúkraþjálfarar sem koma að endurhæfingu. Það er góð viðbót við þá 10 endurhæfingarlækna sem eru starfandi, enda vinna þessir aðilar vel og náið saman. Hvort heldur á endurhæfingarstöðvum eins og Reykjalundi, Grensás og Heilsustofnun NLFÍ eða á öllum þeim einkareknu sjúkraþjálfunarstöðvum sem eru starfandi. Saman vinna þessir aðilar frábært starf, og koma einstaklingum til baka til vinnu, í frístundir, í gönguferðir, í íþróttir og að njóta þess sem er í boði í lífinu, án verkja. Það þarf ekki alltaf lyf til þess, heldur utanumhald og færni sjúkraþjálfarans og mikla samvinnu.

> **Beint aðgengi er nú að sjúkraþjálfurum og þarf ekki að leita til læknis áður en farið er til sjúkraþjálfara.**

# Er líða fer að jólum... Úrvalið af jólaljósum hefur aldrei verið meira!



**Chrissline LED útiseríur**
Hágæða LED útiseríur 230 volt án straumbreytis. Hægt að tengja saman við aðrar seríur úr Chrissline línunni og því bæta við á hverju ári. Fæst með hvítum, rauðum, bláum eða marglitum LED perum. Fást í mörgum stærðum t.d.

**STARTSERÍA MEÐ 50 LED-PERUM**
**5.995.-**



**1.795.-**

**Sken jólasería**
Með antík hvítum LED-perum. Fæst í mörgum stærðum, t.d. með 40 antík hvítum LED-perum



**7.495.-**

**Straightlight jólasería**
Með 750 antík hvítum LED-perum. Lengd 16 m. Straumbreytir fylgir. 31 V. IP44-vottuð til notkunar utanhúss.
Með 1500 LED-perum. Lengd 34 m....................................16.995.-




**6.995.-**

**Retro útisería með 10 LED-perum**
Með glærum eða marglitum perum. Straum-breytir fylgir. E27-perustæði – IP44-vottuð.

**BAUHAUS®**

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is

## Landsliðsmiðherjarnir berjast um boltann í Ásgarði í gær




**Hélt upp á landsliðssætið með 11 stigum á 15 mínútum** Hið unga lið Keflavíkur gefur ekkert eftir í toppbaráttu Domino's deildar kvenna og vann Stjörnuna í Garðbænum í gær. Hér sjást miðherjarnir Ragna Margrét Brynjarsdóttir og Birna Valgerður Benónýsdóttir berjast um frákast en þær voru báðar valdar í landsliðshópinn í gær. Ragna Margrét er búin að vera fastamaður lengi en hin 16 ára Birna er þar í fyrsta sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Nýr heimur fyrir Heimi í Zagreb

**Heimir Hallgrímsson, þjálfari íslenska fótboltalandsliðsins, stendur frammi fyrir stórri ákvörðun þegar hann velur byrjunarliðið á móti Króötum. Hver verður í framlínunni með Jóni Daða Böðvarssyni?**

**FÓTBOLTI** Byrjunarlið íslenska fótboltalandsliðsins hefur verið í föstum skorðum undanfarin ár og að flestra mati hefur stór ástæða fyrir velgengni íslenska liðsins verið að lítið er um breytingar og leikmenn liðsins þekkja hver annan og sitt hlutverk betur en flestir.

Það hafa vissulega komið upp forföll vegna meiðsla og leikbanna en þegar allir eru klárir er það á hreinu hverjir skipa byrjunarlið íslenska liðsins. Framherjastöðurnar eru þar engin undantekning en nú er komin upp óvissustaða fyrir leikinn á móti Króötum í Zagreb á laugardaginn.

Liðið hefur samt verið heppið með meiðsli fram að þessari undankeppni og stefna Lars sá til þess að strákarnir hættu að fá klaufaleg spjöld í undankeppni EM 2016. Leikbönnin voru því sjaldgæf í síðustu undankeppni.

### Hjörvar vill sjá Viðar Örn

Hjörvar Hafliðason, knattspyrnuspekingur 365 miðla, fór yfir möguleika Heimis í kvöldfréttum Stöðvar 2. Hans skoðun er að Viðar Örn Kjartansson eigi að koma inn í byrjunarliðið með Jóni Daða og Selfyssingar tveir eigi þar með að sjá um sóknina í þessum toppslag í riðlinum. En treystir Heimir Viðari fyrir slíku hlutverki?

Viðar hefur verið í kringum landsliðið í nokkur ár en hann hefur aldrei byrjað mótsleik, var ekki valinn í EM-hópinn og hefur aðeins spilað samanlagt rúman hálfleik í keppnisleikjum. Það væri eðlislegast að Viðar kæmi inn í liðið en Heimir gæti einnig dustað rykið af lausnum liðsins fyrir nokkrum árum.

Þegar Heimir var aðstoðarmaður Lars Lagerbäck í undankeppni HM 2014 var lausnin oft að færa Gylfa Þór Sigurðsson, Birki Bjarnason eða Jóhann Berg Guðmundsson af miðjunni og í framlínuna.

Eftir frábæra innkomu Jóns Daða Böðvarssonar í fyrsta leik undankeppni EM 2016 breyttist það útspil þeirra og í staðinn voru þeir Kolbeinn Sigþórsson og Jón Daði framherjapar númer eitt en Alfreð Finnbogason og Eiður Smári Guðjohnsen til vara.

Eiður Smári Guðjohnsen kvaddi landsliðið á EM í Frakklandi í sumar og Kolbeinn Sigþórsson hefur ekkert verið með í þessari undankeppni vegna meiðsla. Fyrir vikið fékk Alfreð Finnbogason aftur alvöru tækifæri í framlínunni.

Alfreð nýtti það tækifæri eins og sannur markaskorari og er búinn að skora í þremur fyrstu leikjum Íslands í undankeppni HM 2018. Kolbeinn er enn meiddur og nú hefur Alfreð bæst við á meiðslalistann. Björn Bergmann Sigurðarson var kominn aftur inn í liðið í haust en varð líka að draga sig út úr hópnum vegna meiðsla.

### Vantar 3467 mínútur

Eins og sjá má í töflunni hér til hliðar vantar liðið nú framherja sem hafa spilað samtals 3.467 mínútur í 30 keppnisleikjum íslenska liðsins frá og með undankeppni HM 2014.

Jón Daði Böðvarsson og Viðar Örn Kjartansson eru einu framherjarnir sem hafa spilað á þessum tíma og þeir eiga bara samanlagt 1.204 mínútur í þessum 30 leikjum. Fram undan er lykilleikur fyrir landsliðið þegar toppið riðilsins mætast.

### Nýtt leikkerfi?

Ísland hefur haldið fast í leikkerfið 4-4-2 undanfarin ár en nú þegar bestu framherjar íslenska liðsins eru forfallaðir þyrfti ekki að koma á óvart að Heimir fækkaði í framlínunni og fjölgaði á miðjunni.

Liðið er að spila á útivelli á móti gríðarlega sterku króatísku liði og framundan eru margar mínútur án bolta í þessum leik.

Það væri vissulega gaman fyrir Viðar að fá sitt fyrsta alvöru tækifæri en líklegra er að Jón Daði verði einn frammi á Maksimir-leikvanginum í Zagreb á laugardaginn kemur. ooj@frettabladid.is

## Spilatími framherja Íslands undanfarin ár

(Mínútur spilaðar Í mótsleikjum frá september 2012)

**MEÐ Á MÓTI KRÓTATÍU**
1.204 mínútur
Jón Daði Böðvarsson 1.153
Viðar Örn Kjartansson 51



**EKKI MEÐ Á MÓTI KRÓATÍU**
3.467 mínútur
Kolbeinn Sigþórsson 1.839
Alfreð Finnbogason 1.007
Eiður Smári Guðjohnsen 518
Björn Bergmann Sigurðarson 103





Gylfi Þór Sigurðsson, Birkir Bjarnason og Jóhann Berg Guðmundsson byrjuðu allir í stöðu framherja í leikjum í undankeppni HM 2014.

**» Íslenska liðið hefur skorað í átta mótsleikjum í röð eða í öllum leikjum liðsins síðan íslensku strákarnir töpuðu 1-0 í útileik á móti Tyrklandi í síðasta leik liðsins í undankeppni EM 2016.**

**» Alfreð Finnbogason er búinn að skora þrjú af sex mörkum íslenska liðsins í undankeppni HM 2018.**

**» Viðar Örn Kjartansson hefur aldrei spilað meira en 25 mínútur í einum landsleik í keppni.**

## Nýjast

**Domino's-deild kvenna í körfu**

**Haukar - Stjarnan 65-58**
**Stigahæstar**: Michelle Nicole Mitchell 23/13 fráköst, Rósa Björk Pétursdóttir 13/6 frák./8 stoðs./6 stolnir, Sólrún Inga Gísladóttir 9 - Ashley Grimes 27/10 frák., Jeanne Lois Figueroa Sicat 8, María Ben Erlingsdóttir 8/4 frák.

**Stjarnan - Keflavík 57-72**
**Stigahæstar**: Stjarnan: Danielle Rodriguez 21/14 frák./5 stoðs./9 stolnir/4 varin Ragna Margrét Brynjarsdóttir 10/6 frák., Bríet Sif Hinriksdóttir 10, - Dominique Hudson 20/9 frák., Erna Hákonardóttir 12, Birna Valgerður Benónýsdóttir 11, Emelía Ósk Gunnarsdóttir 9, Salbjörg Ragna Sævarsdóttir 9.

**Snæfell - Skallagrímur 72-57**
**Stigahæstar**: Aaryn Ellenberg-Wiley 34/10 frák./7 stolnir, Berglind Gunnarsdóttir 18, Gunnhildur Gunnarsdóttir 11/8 stolnir - Tavelyn Tillman 24/7 fráköst, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 13/13 frák./5 stoðs., Kristrún Sigurjónsdóttir 8.

**Valur - Njarðvík 74-55**
**Stigahæstar**: Mia Loyd 26/17 frák., Guðbjörg Sverrisdóttir 14/8 frák., Dagbjört Samúelsdóttir 12/5 fráköst, Elín Sóley Hrafnkelsdóttir 10 - Björk Gunnarsdóttir 15, Soffía Rún Skúladóttir 11.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Snæfell | 12 | Stjarnan | 8 |
| Keflavík | 12 | Haukar | 6 |
| Skallagrímur | 10 | Valur | 4 |
| Njarðvík | 8 | Grindavík | 4 |

### FJÓRIR NÝLIÐAR Í HÓPI ÍVARS

Ívar Ásgrímsson valdi fjóra nýliða í fimmtán manna landsliðshóp sinn fyrir síðustu tvo leiki kvennalandsliðsins í undankeppni EM 2017. Liðið mætir Slóvakíu á útivelli og Portúgal í Laugardalshöllinni. Margir reynsluboltar verða ekki með að þessi sinni og þar á meðal er fyrirliðinn Helena Sverrisdóttir sem er í barnsburðarleyfi.

Þrír af fjórum nýliðum liðsins eru allar úr spútnikliðið Keflavíkur og allar 18 ára og yngri. Þetta eru Emelía Ósk Gunnarsdóttir (18 ára), Thelma Dís Ágústsdóttir (18) og Birna Valgerður Benónýsdóttir (16). Fjórði nýliðinn er síðan Ragnheiður Benónísdóttir úr Skallagrími. Í viðbót hafa þær Hallveig Jónsdóttir (3 leikir), Elín Sóley Hrafnkelsdóttir (2) OG Salbjörg Ragna Sævarsdóttir (1) allar litla reynslu af landsliðinu. Sigrún Sjöfn Ámundadóttir er reyndasti leikmaður hópsins með 42 landsleiki. Það má sjá allan hópinn inn á Vísi.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 18.00 | OHL Classic | Golfstöðin |
| 19.05 | Grindavík - Njarðvík | Sport |

**Olís-deild karla**

| | | |
|---|---|---|
| 18.00 | Haukar - ÍBV | Schenkerh. |
| 19.00 | Akureyri - Stjarnan | KA-hús |
| 19.30 | Selfoss - UMFA | Selfoss |
| 19.30 | Fram - Grótta | Framhús |
| 19.30 | Valur - FH | Valshöllin |

**Domino's-deild karla**

| | | |
|---|---|---|
| 19.15 | Tindastóll - Snæfell | Síkið |
| 19.15 | Skallagrímur - Keflavík | Fjósið |
| 19.15 | Grindavík - Njarðvík | Röstin |
| 19.15 | KR - Þór Ak. | DHL-höllin |


Hið illa er komið á kreik
Stefán Máni
SVARTI GALDUR
NÝ BÓK EFTIR
METSÖLUHÖFUNDINN
STEFÁN MÁNA
KONTOR REYKJAVÍK
sögur
ÚTGÁFA



Guðmundur ræðir málin við þá Kasper Søndergaard, Morten Olsen og Mikkel Hansen í leik með danska landsliðinu á Ólympíuleikunum í Ríó í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Guðmundur fór vel með erfiða stöðu

**Einn þekktasti íþróttafréttamaður Danmerkur telur að Guðmundur Guðmundsson hafi verið kominn í ómögulega stöðu með danska landsliðinu og að hann hafi ekki átt annan góðan kost en að framlengja ekki samning sinn við danska handknattleikssambandið.**


Eiríkur Stefán Ásgeirsson
eirikur@365.is




**HANDBOLTI** Eftirmál Ólympíuleikanna í Ríó hafa verið óvenjuleg fyrir danska handboltalandsliðið. Eftir eina stærstu stund í danskri íþróttasögu, er handboltalandsliðið vann gull í fyrsta sinn á Ólympíuleikum, kom fljótt í ljós að ekki var allt með felldu innan herbúða landsliðsins.

Skömmu eftir leikana bárust tíðindi þess efnis að óeining væri innan hópsins og að íþróttastjórinn Ulrik Wilbek, sem áður var þjálfari danska landsliðsins, hafi boðið leikmönnum upp á þann möguleika að reka Guðmund Guðmundsson úr starfi – og það á miðjum Ólympíuleikum.

Ekkert varð af því en eftir að fréttin spurðist út dró Wilbek sig í hlé og hætti sem íþróttastjóri danska handknattleikssambandsins eftir áratuga starf fyrir sambandið og danskan handbolta. Í upphafi vikunnar var svo tilkynnt að samningur Guðmundar við sambandið, sem rennur út í sumar, verði ekki endurnýjaður að ósk Guðmundar.

Tíðindin komu Andreas Kraul, íþróttafréttamanni danska ríkissjónvarpsins, ekki á óvart. Hann sá fyrir að það hefði verið erfitt fyrir Guðmund að halda áfram eftir allt sem á undan gekk.

### Gullið var eins og þversögn

„Þetta var allt saman mjög skrýtið eftir Ólympíuleikana. Það kom í ljós að það var heilmikið af vandamálum innanbúðar í liðinu og það virkaði á mann næstum því eins og þversögn að liðið hefði svo unnið gull í Ríó,“ segir Kraul.

„Það gerði þetta allt saman flóknara. Gummi verður þó alltaf maðurinn sem skilaði danska handboltalandsliðinu stærsta sigrinum í sögu þess en var líka maðurinn sem var næstum því rekinn meðan á Ólympíuleikunum stóð,“ segir hann enn fremur.

Kraul segir að ákvörðun Guðmundar um að hætta sé rétt. Það sé einnig ákvörðun sem hafi verið óumflýjanleg.

„Það er gott fyrir Guðmund að hann geti tekið þessa ákvörðun sjálfur. Hann verður alltaf maðurinn sem færði Dönum Ólympíugull og hann er nú líka maðurinn sem getur hætt á eigin forsendum og sagt að nú vilji hann snúa sér að einhverju öðru.“

### Jafnaðarmenn í dönskum íþróttum

Þrátt fyrir velgengnina í Ríó segir Kraul að það hafi verið byrjað að reyna á samband Guðmundar við leikmenn landsliðsins áður en það kom að þeirri keppni.

„Við Danir getum stundum verið svolítið skrýtnir,“ segir Kraul í léttum dúr. „Það eru líka sósíaldemókratar [jafnaðarmenn] í dönskum íþróttum eins og annars staðar í Danmörku. Raddir allra eiga að heyrast, öllum á að líða vel og varamenn eiga líka að fá að taka þátt í leiknum. Við segjum svo ítrekað að við séum orðnir þreyttir á þessu viðhorfi og að við viljum fá alvöru þjálfara, eins og þekkist til dæmis í Þýskalandi – mann með ákveðna sýn og sterkar skoðanir. Einhvern sem gerir okkur að sigurvegurum.“

En þar með er sagan ekki öll sögð, eins og kom í ljós með ráðningu Guðmundar. „Það kemur svo í ljós að það eru margir ósáttir við að hafa ráðið erlendan þjálfara. Og

> **Raddir allra eiga að heyrast, öllum á að líða vel og varamenn eiga líka að fá að taka þátt í leiknum.**
>
> Andreas Kraul
> íþróttafréttamaður



það voru ekki allir ánægðir með störf Guðmundar,“ sagði Kraul enn fremur en Guðmundur er þekktur fyrir stífan undirbúning fyrir leiki sem einkennist af fundarhöldum og myndbandsklippum.

„Þeir voru orðnir þreyttir á því, sem og að hver einasti andstæðingur var lofaður upp til skýjanna og hver einasti leikur sagður erfiður.“

### Vildi Wilbek ögra leikmönnum?

Kraul segir að leikmenn hafi átt frumkvæðið að því að ræða stöðu Guðmundar við Wilbek meðan á Ólympíuleikunum í Ríó stóð, þrátt fyrir að fyrstu fregnir danskra miðla hafi verið á þann veg að það hafi svo verið leikmennirnir sjálfir sem komu í veg fyrir það að Guðmundur hefði misst starfið.

„Þeir fóru til sambandsins og sögðu að þetta væri ekki að virka. Wilbek spurði einfaldlega á móti hvort það væri vilji leikmannanna að reka hann. En þeir vildu ekki ganga svo langt. Þeir vildu hafa meira að segja um undirbúninginn og færa aðstoðarþjálfaranum meiri völd. En þeir vildu ekki byltingu.“

## Vill vera vinur leikmanna

Sá sem hefur helst verið orðaður við stöðu Guðmundar Guðmundssonar er Nikolaj Jacobsen, fyrrverandi skytta Kiel og danska landsliðsins, sem er í dag þjálfari Þýskalandsmeistara Rhein-Neckar Löwen.

Jacobsen er einmitt maðurinn sem tók við starfi Guðmundar hjá Löwen eftir að sá síðarnefndi réð sig í stöðu landsliðsþjálfara Danmerkur árið 2014.

„Það verður líklega hann sem tekur við landsliðinu,“ sagði Andreas Kraul, íþróttafréttamaður DR, sem segir Jacobsen ólíkan Guðmundi að mörgu leyti.

„Hann er mjög danskur,“ segir Kraul í léttum dúr. „Hann er afar vinalegur en vill vera harður í horn að taka og vinna titla. En um leið vill hann vera vinur leikmanna,“ sagði hann enn fremur.

Jacobsen spilaði um 150 landsleiki með Danmörku og var áður þjálfari Álaborgar, sem hann gerði að dönskum meisturum árið 2013, áður en hann hélt til Þýskalands. Alexander Petersson og Guðjón Valur Sigurðsson spila undir hans stjórn hjá Rhein-Neckar Löwen.



Eins og málið birtist almenningi í fjölmiðlum hefur virst sem svo að Wilbek og Guðmundur hafi verið á öndverðum meiði en Kraul segir að málið sé ekki svo einfalt.

„Það má ekki gleyma því að það var Wilbek sem réð Guðmund á sínum tíma. Þetta er flóknara en svo að það sé hægt að benda á hver sé vondi aðilinn í þessu máli og hver sá góði. Wilbek er maður aðgerða og hann er líka maður sálfræðihernaðar. Kannski vildi hann ögra leikmönnum með þessu útspili, fremur en að ganga svo langt að reka Guðmund.“

### Eitt stórmót eftir

Eftir stendur að Guðmundur verður áfram þjálfari danska liðsins fram á mitt sumar og hann stýrir liðinu á heimsmeistaramótinu í Frakklandi í janúar. Kraul telur að þrátt fyrir allt geti það gengið vel.

„Staðan sem var komin upp var afar erfið fyrir Guðmund en hann tókst afar vel á við hana, sem og eftirmálin. Danskir íþróttamenn eru aldir upp við það að hafa skoðun á öllum málum og það getur verið erfitt að þjálfa svoleiðis menn. En það eru öflugir leikmenn í þessu liði og menn geta vel komið sér saman um að starfa saman fram yfir HM í Frakklandi,“ segir Kraul.

Það sér því fyrir endann á þessu furðulega máli en lítið hefur heyrst hvað leikmennirnir sjálfir segja um það. „Þeir fengu að vita af þessu með SMS-skilaboðum átta mínútum áður en tilkynningin var send út. Það hefur því lítið heyrst í þeim.“


Stilling
Varahlutir í bílinn
Verksmiðjuábyrgð á þínum bíl er tryggð með vottuðum varahlutum frá Stillingu
YUASA
Rafgeymar
Smursíur
Kerti, háspennukefli, kveikjuþráðasett, súrefnisskynjarar og loftflæðiskynjarar
Tímareimar og vatnsdælur
info:
Kúplingar
Demparar, gormar og stýrisendar
Hemlahlutir
Stilling
Allt fyrir bílinn
Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

markhönnun ehf

# nettó

## Gerum það girnilegt ...

KEA

KEA LÉTTREYKTUR LAMBAHRYGGUR
ÁÐUR: ~~2.698 KR/KG~~
**2.077 KR KG**
-23%

-48%

ÖND HEIL 2,1 KG FROSIN
ÁÐUR: ~~1.904 KR/KG~~
**990 KR KG**

*Gott og framandi*

SIGINN ÞORSKUR FROSINN
ÁÐUR: ~~2.198 KR/KG~~
**1.758 KR KG**
-20%

MYLLU RÚGBRAUÐSKUBBUR 600 G
ÁÐUR: ~~276 KR/STK~~
**199 KR STK**
-28%

KENGÚRU FILLE FROSIÐ
ÁÐUR: ~~3.998 KR/KG~~
**3.198 KR KG**
-20%

PASTELLA
-25%
*Pasta ferskt á 25% afslætti*
14 TEGUNDIR

COOP BLÓMKÁL & BROKKOLÍ - FROSIÐ
ÁÐUR: ~~389 KR/PK~~
**289 KR PK**

NÝTT Í nettó

DALOON MEATFREE 2 GERÐIR - FROSIÐ
ÁÐUR: ~~499 KR/PK~~
**399 KR PK**

ÓDÝRT PIPARKÖKUR - 300 G
**269 KR PK**

CADBURY FINGERS MJÓLK SÚKKULAÐI 114 G
ÁÐUR: ~~198 KR/PK~~
**149 KR PK**

KINDER BUENO 3 PK 129 G
ÁÐUR: ~~399 KR/PK~~
**299 KR PK**

NESTLE KIT KAT 4PK 4X41. 5 GR
ÁÐUR: ~~299 KR/PK~~
**199 KR PK**

ANNA'S PIPARKÖKUR - 375 G
**498 KR PK**

ANNAS PIPARKÖKUHÚS 300 G
**599 KR PK**

**Tilboðin gilda 10. – 13. nóvember 2016**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



LAMBABÓGUR KYLFA
2 STK. FROSINN
ÁÐUR: ~~998 KR/KG~~
**848 KR/KG**

-15%

KJARNAFÆÐI



-30%

SÚPUKJÖT
FROSIÐ
ÁÐUR: ~~998 KR/KG~~
**699 KR/KG**

Sparaðu um helgina!



GÆSABRINGUR
FROSNAR
ÁÐUR: ~~3.498 KR/KG~~
**2.798 KR/KG**

-20%



NAUTALUNDIR ERLENDAR
FROSNAR
ÁÐUR: ~~3.998 KR/KG~~
**3.398 KR/KG**

Gott með kaffinu




FLÓRIDANA ENGIFER 1 L
ÁÐUR: ~~399 KR/STK~~
**339 KR/STK**



-36%

BAKE OFF
GULRÓTARBRAUÐ
ÁÐUR: ~~598 KR/STK~~
**395 KR/STK**



-36%

BAKE OFF
MAPLE PECAN MIDI 77 G
ÁÐUR: ~~199 KR/STK~~
**79 KR/STK**

Epli á tilboði

EPLA-DAGAR netto

RAUÐ 321 KR/KG / ~~459 KR/KG~~
GRÆN 181 KR/KG / ~~259 KR/KG~~
GUL 181 KR/KG / ~~259 KR/KG~~
JÓNAGOLD KG. 132 KR/KG / ~~189 KR/KG~~
PINK-LADY KG. 349 KR/KG / ~~498 KR/KG~~
MACINTOSH POKAEPLI 1,36 KG
349 KR/PK / ~~498 KR/KG~~
BREBURN EPLI 750 G
279 KR/PK / ~~398 KR/KG~~
HONEY CRUNCH 4STK Í PK
419 KR/PK / ~~598 KR/PK~~



-30%

Jóladagatölin komin




SÚKKULAÐI DAGATÖL
VERÐ FRÁ:
**199-598 KR/STK**




Leikfangadagatöl í úrvali



✝

Elskulegur unnusti minn,
stjúpfaðir, sonur og bróðir,

**Friðjón Fannar Hermannsson**
Laugateig 54, Reykjavík,

varð bráðkvaddur á heimili sínu
30. október sl. Útförin fer fram frá
Hallgrímskirkju föstudaginn 11. nóvember nk. kl. 13.00.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja
styrkja er bent á reikning: 0301-26-200004, kt. 2208524749.

**Margrét Gígja Þórðardóttir**
**Þórunn, Eysteinn, Emil og Sóla**
**Hermann Jóhannesson og Elísa Friðjónsdóttir**
**Hermann og Hjörvar**



✝

Elskulegur eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Þorfinnur Óli Tryggvason**
Réttarheiði 12,
Hveragerði,

lést á Sjúkrahúsi Suðurlands
28. október sl. Útförin hefur farið fram
í kyrrþey að ósk hins látna. Sérstakar þakkir til lækna
og starfsfólks krabbameinsdeildar Landspítala.

**Alda Berg Óskarsdóttir**
**Steinunn Þorfinnsdóttir** **Sigurður Kristófersson**
**Anna Margrét Þorfinnsdóttir** **Ásgeir Andrason**
**Tryggvi Óli Þorfinnsson**
**Margrét Guðmundsdóttir** **Björn Ingi Sverrisson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir,
afi og sonur,

**Kristþór Halldórsson**
Moldhaugum,

lést á lyflækningadeild Sjúkrahússins
á Akureyri, þriðjudaginn 8. nóvember.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Ása Björk Þorsteinsdóttir**
**Sigríður Kristín Kristþórsdóttir** **Gunnar Reynisson**
**Elmar Freyr Kristþórsson**
**Agnes Þóra Kristþórsdóttir** **Andri Már Sigurðsson**
**Halldór Árnason**
**og barnabörn.**



✝

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Erla Ásgeirsdóttir**
Borgarhrauni 10,
Hveragerði,

sem lést á Sjúkrahúsi Selfoss
þann 3. nóvember, verður jarðsungin frá
Kotstrandarkirkju laugardaginn 12. nóvember kl. 14.00.
Þeim sem vilja minnast hennar er bent
á Krabbameinsfélagið.

**Ólafur Pétursson**
**Magnús K. Bjarkason** **Guðlaug Pálmadóttir**
**Hólmfríður Bjarkadóttir** **Páll Eggert Ólason**
**Anna Elín Bjarkadóttir**
**Pétur Már Ólafsson** **Aðalheiður Lára Guðmundsd.**
**Eva María Ólafsdóttir** **Bragi Konráðsson**
**ömmubörn og langömmubörn.**



✝

Okkar ástkæri faðir, tengdafaðir,
afi, langafi og okkar besti vinur,

**Hilmar Vilhjálmsson**
fyrrverandi forstjóri,

lést á sjúkrahúsi í Bad Reichenhall
20. október. Minningarathöfn verður
föstudaginn 11. nóvember kl. 16.30
í Hjallakirkju.

**Hallgrímur Kr. Hilmarsson** **Nijole Hilmarsson**
**Hafdís Hilmarsdóttir** **Baldvin Baldvinsson**
**Berglind Hilmarsdóttir** **Óskar Borg**
**Elín Brynja Hilmarsdóttir** **Eyjólfur Kr. Kolbeins**
**barnabörn og langafabörn.**

# Á heima á listasafni

**Barnasýningin Hvítt verður tekin aftur til sýninga í takmarkaðan tíma í Listasafni Reykjavíkur. Á laugardag verður sérstök opnunarsýning þar sem allar tekjur fara til UNICEF á Íslandi.**

Opnunarsýningin á barnasýningunni Hvítt í Listasafni Reykjavíkur verður styrktarsýning fyrir UNICEF. Sýningin verður aftur tekin til sýninga á laugardaginn og hefur forseti landsins, Guðni TH. Jóhannesson, þegar boðað komu sína.

Barnasýningin Hvítt fékk magnaða dóma þegar hún var sýnd í Hafnarborg og fékk meðal annars fjórar stjörnur í Fréttablaðinu. Draumur þeirra sem bjuggu sýninguna til var að hún væri sýnd í listasöfnum og það tókst hér á Íslandi. Gunnar Helgason, leikstjóri sýningarinnar, segir að sýningar hafi gengið svo vel að enginn hafi verið við því búinn. „Sýningin fékk svo góða dóma að maður fór bara hjá sér. Þess vegna var tilvalið að fara inn í Listasafn Reykjavíkur þegar það var til í að hýsa sýninguna.

Það er nefnilega erfitt að sýna þessa sýningu í leikhúsi því leikhús eru í eðli sínu svört en listasöfn hvít þannig það sparar vinnu að fara á listasafn. Hún á heima á listasafni vegna litanna og það var draumur þeirra sem bjuggu til sýninguna að hún ætti heima þar.“

Aðstandendum sýningarinnar langaði að vekja athygli á því góða starfi sem UNICEF vinnur og sérstaklega neyðarsöfnuninni fyrir börn í Sýrlandi. Á opnunarsýningunni á laugardag klukkan 13 er tækifæri fyrir almenning til að leggja sitt af mörkum með því að kaupa leikhúsmiða.

Hvítt er heildræn leikhúsupplifun sérstaklega gerð fyrir börn á aldrinum 2-6 ára. Hvítt er heimur án lita, fullur af fuglasöng og fuglahúsum. Tveir vinir, Bómull og Krumpa, annast heiminn sem er bjartur, skipulagður og hvítur. Hins vegar kemur í ljós að ekki er allt hvítt.

Hvítt var fyrst frumsýnt í Edinborg 2010 af skoska barnaleikhúsinu Catherine Wheels Theatre Company og hefur sýningin hlotið fjölda viðurkenninga.

„Tengingin við UNICEF er að við bjóðum alla liti í heiminum velkomna, ekki bara hvíta. Það er hin djúpa merking verksins. Það var alveg dásamlegt að sjá Íslendinga af erlendu bergi brotna koma á sýninguna og sjá hvernig þeir upplifðu hana. Þeir tengdu við verkið alveg rosalega sterkt og öðruvísi en hinn upplýsti leikhúsunnandi.

Þess vegna er svo frábært að tengja sýninguna við forsetann því forsetafrúin okkar, hin frábæra Eliza, er af erlendu bergi brotin og þetta syngur allt saman,“ segir Gunnar. **benediktboas@365.is**



**Guðni Th., forseti Íslands, hefur nú þegar boðað komu sína á sýninguna. Í Listasafni Reykjavíkur verður hægt að láta taka mynd af sér með Bómull og Krumpu og verða myndirnar hengdar upp í safninu undir yfirskriftinni „Ég elska alla liti!“ Guðni hefur þegar tryggt sér mynd.**

✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Guðrún Sigbjörnsdóttir**
Akureyri,

er látin.

**Kristín Gunnarsdóttir** **Gunnar Kristinsson**
**Gunnar Gunnarsson**
**Guðbjörg Þorvaldsdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**



✝

Ástkær eiginkona mín,
móðir okkar og systir,

**Guðríður Ósk Jóhannesdóttir**
Þorrasölum 2, Kópavogi,

f. 18. nóvember 1967, lést á líknardeild
Landspítalans Kópavogi, þann 4. nóvember
síðastliðinn. Jarðarförin fer fram frá Fossvogskirkju
föstudaginn 11. nóvember kl. 15.00.

**Jaap de Wagt, Sientje Sólbjört Nína de Wagt,**
**Alex Matthías Dagur de Wagt, Sigurður Ingvar Geirsson,**
**Viðar Geirsson, Hannes Geirsson, Anton Jóhannesson,**
**Guðjón Jóhannesson**



✝

Elskulegur eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Baldur Gunnarsson**
Víðilundi 24, Akureyri,

sem lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri
2. nóvember, verður jarðsunginn
frá Akureyrarkirkju mánudaginn
14. nóvember kl. 13.30.

**Ásta Hallgrímsdóttir**
**María Baldursdóttir** **Helgi Helgason**
**Guðrún Baldursdóttir** **Halldór Viðir Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda
samúð og vinarhug vegna fráfalls

**Þorkels Bergssonar**
Haukshólum 3.

**Ásta Aðalheiður Ingólfsdóttir**
**Bergur Þorkelsson** **Sigríður Ósk Halldórsdóttir**
**Þórey Þorkelsdóttir** **Anton Lundberg**
**Kristi Jo Jóhannsdóttir** **Nancy Lyn Jóhannsdóttir**
**Laufey Anna Guðmundsdóttir**
**Birna Bergsdóttir** **Björgvin Bergsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Innilegar þakkir fyrir samúð
og hlýhug vegna andláts og útfarar
elskulegs eiginmanns míns, föður,
tengdaföður og afa,

**Guðmundar Viggóssonar**
frá Ísafirði,
Skipalóni 10, Hafnarfirði.

Við þökkum starfsfólki Drafnarhúss og hjúkrunarheimilisins Ísafoldar fyrir góða umönnun og kærleika.

**Alda Garðarsdóttir**
**Helga Björk Guðmundsdóttir** **Einar Már Jóhannesson**
**Kristín Þorbj. Guðmundsdóttir** **Sigurður B. Sigurðsson**
**Sæmundur G. Guðmundsson** **Íris Hrund Sigurðardóttir**
**Hafdís Erla Guðmundsdóttir**
**og barnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.


ÁSKRIFENDA
LOTTERÍ 365
Dregið föstudaginn 16. desember
3X
Tælandsferð
fyrir 2
ALLIR SEM ERU ÁSKRIFENDUR AÐ SJÓNVARPSPÖKKUM 365 Í NÓVEMBER OG DESEMBER EIGA MÖGULEIKA Á AÐ VINNA GLÆSILEGA VINNINGA Í ÁSKRIFENDALOTTERÍI 365.
ÚRVAL ÚTSÝN
FYRSTI VINNINGUR ER ÓTRÚLEG ÆVINTÝRAFERÐ FYRIR TVO TIL TÆLANDS AÐ HEILDARVERÐMÆTI 658.000 KR.
50 x HAGKAUP Skemmtilegast að versla
40.000 kr. gjafabréf í Hagkaup
2 x ICELANDAIR
100.000 kr. gjafabréf hjá Icelandair
200 x N1
10.000 kr. gjafabréf hjá N1
Skemmtipakkinn
Stóripakkinn
Sportpakkinn
Hvaða sjónvarpspakki hentar þér?
ÍSSKÁPASTRÍÐ
movies
tv shows
365
Tryggðu þér áskrift á 365.is eða í síma 1817 og þú ert komin/n í pottinn!
365
PIPAR\TBWA / SÍA

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Fimmtudagur




Hæg sunnanátt og úrkomulítið í dag, en hvessir og fer að rigna vestan til seinni partinn. Hiti 1 til 6 stig.

## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 7° | 3° | 3° |
| ←9 | ↖5 | ↖6 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 5° | 7° | 2° |
| ↖16 | ←10 | ↖18 |

## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 3° | -0° | -1° |
| →12 | →13 | →17 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 1° | 1° | -5° |
| →12 | ↘16 | →13 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. kássa
6. úr hófi
8. angra
9. ögn
11. hlutafélag
12. skrá
14. gimsteinn
16. hvað
17. röst
18. geislahjúpur
20. frá
21. skrifa

**LÓÐRÉTT**
1. hróss
3. samtök
4. umstafla
5. kóf
7. fitlari
10. sæ
13. spendýr
15. vökvi
16. ull
19. ólæti



**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** mauk, **6.** of, **8.** ama, **9.** fis, **11.** hf, **12.** skjal, **14.** tópas, **16.** ha, **17.** iða, **18.** ára, **20.** af, **21.** rita.
**LÓÐRÉTT: 1.** lofs, **3.** aa, **4.** umhlaða, **5.** kaf, **7.** fiktari, **10.** sjó, **13.** api, **15.** safi, **16.** hár, **19.** at.

### Skák Gunnar Björnsson



Hilmar Þorsteinsson (1.800) átti leik gegn Davíð Stefánssyni (1.595) á U-2000 móti TR fyrir skemmstu.

**Hvítur á leik**

**34. Hxe6! 1-0. 34. Hff7!** er önnur vinningsleið. Þriðja umferð U-2000 mótsins fór fram í gærkvöldi. Sex skákmenn voru efstir fyrir hana með fullt hús.

**www.skak.is:** Heimsmeistaraeinvígið hefst á morgun.




## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 6 | 1 | | 7 | | 3 | 8 |
| | | | | 2 | | | | |
| 8 | 4 | | | | | | 5 | |
| | | | | 7 | | | | |
| 5 | | | 3 | 6 | 1 | 9 | 4 | |
| 2 | | 1 | | 8 | | | | 7 |
| | | 5 | 2 | | 4 | 3 | | 9 |
| 1 | 2 | | 6 | | | 4 | 8 | 5 |
| | | | | | | 1 | 2 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 1 | | 3 | | | 8 | 9 | |
| | 3 | | | 7 | | | | 2 |
| | 4 | 9 | 8 | | | | | 6 |
| | | 7 | | | 1 | | | 8 |
| 8 | | 3 | | 6 | | | | |
| | | | | | | 4 | 2 | |
| 1 | | 6 | | | | 9 | | |
| | 8 | | | | | | 3 | |
| | | | | | 5 | | 7 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 3 | 8 | | 7 | | 5 |
| 9 | | 4 | | 1 | | | 2 | |
| | | 8 | | | 2 | | | |
| 2 | | | | | | 9 | | 1 |
| 7 | | 6 | | | | | 5 | |
| 1 | | | 4 | | | | | |
| | 9 | 5 | | | | | 6 | 3 |
| 4 | 6 | | | | | | | |
| | | | | 4 | 8 | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku →

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 3 | 5 | 4 | 6 | 1 | 8 | 9 | 7 |
| 6 | 7 | 4 | 9 | 8 | 2 | 1 | 3 | 5 |
| 8 | 9 | 1 | 3 | 5 | 7 | 4 | 2 | 6 |
| 7 | 2 | 6 | 1 | 3 | 5 | 9 | 8 | 4 |
| 9 | 5 | 3 | 7 | 4 | 8 | 2 | 6 | 1 |
| 4 | 1 | 8 | 2 | 9 | 6 | 5 | 7 | 3 |
| 3 | 4 | 2 | 5 | 7 | 9 | 6 | 1 | 8 |
| 5 | 6 | 9 | 8 | 1 | 3 | 7 | 4 | 2 |
| 1 | 8 | 7 | 6 | 2 | 4 | 3 | 5 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 6 | 9 | 4 | 8 | 2 | 5 | 1 |
| 4 | 8 | 2 | 5 | 1 | 6 | 3 | 9 | 7 |
| 5 | 9 | 1 | 2 | 7 | 3 | 4 | 8 | 6 |
| 1 | 2 | 7 | 3 | 8 | 9 | 5 | 6 | 4 |
| 8 | 4 | 3 | 1 | 6 | 5 | 7 | 2 | 9 |
| 9 | 6 | 5 | 7 | 2 | 4 | 8 | 1 | 3 |
| 2 | 1 | 4 | 8 | 9 | 7 | 6 | 3 | 5 |
| 7 | 3 | 8 | 6 | 5 | 1 | 9 | 4 | 2 |
| 6 | 5 | 9 | 4 | 3 | 2 | 1 | 7 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 6 | 2 | 8 | 7 | 4 | 9 | 1 | 5 |
| 8 | 7 | 1 | 6 | 9 | 5 | 2 | 4 | 3 |
| 9 | 5 | 4 | 1 | 2 | 3 | 6 | 7 | 8 |
| 4 | 2 | 6 | 5 | 1 | 8 | 7 | 3 | 9 |
| 5 | 9 | 3 | 7 | 4 | 6 | 8 | 2 | 1 |
| 7 | 1 | 8 | 9 | 3 | 2 | 4 | 5 | 6 |
| 6 | 4 | 9 | 3 | 5 | 7 | 1 | 8 | 2 |
| 1 | 3 | 7 | 2 | 8 | 9 | 5 | 6 | 4 |
| 2 | 8 | 5 | 4 | 6 | 1 | 3 | 9 | 7 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






## Jólatónleikar KK & Ellenar á aðventunni

Að margra mati koma jólin ekki fyrr en að afstaðinni árlegri tónleikaröð systkinanna KK og Ellenar. Þetta er einn af þessum föstu punktum í tilverunni og árið í ár verður engin undantekning. Þessi söngelsku og sívinsælu systkini flytja sín eigin lög í bland við sígildar jólaperlur sem koma öllum í rétta skapið. Þeim til halds og trausts verður úrvalssveit tónlistarmanna undir stjórn hljómborðsleikarans Jóns Ólafssonar. Gleðilega hátíð!

09.12. Fríkirkjan í Reykjavík

10.12. Bæjarbíó, Hafnarfirði

11.12. Salurinn, Kópavogi

16.12. Vídalínskirkja, Garðabæ

17.12. Hlégarður, Mosfellsbær

18.12. Grafarvogskirkja

19.12. Háskólabíó

**Tónleikarnir hefjast kl. 21:00.**
**Miðasala á midi.is.**
**Miðasala á tónleika í Salnum á salurinn.is.**

DÆGURFLUGAN



Einar Kárason rithöfundur segir að Danir virðist hafa misst áhugann á því að bjóða honum á bókmenntahátíðir eftir að Stormur leit dagsins ljós. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Þessi ómótstæðilega og óþolandi landeyða

**Einar Kárason hefur sent frá sér aðra bók um hinn eftirminnilega Storm, úr samnefndri bók frá 2003. Af því tilefni tók Jakob Bjarnar Grétarsson, blaðamaður og aðdáandi Einars, skáldið tali.**

Jakob Bjarnar Grétarsson
jakob@frettabladid.is



Bókajólin verða góð. Þó ekki sé nema fyrir eina bók. Einar Kárason hefur skrifað aðra bók um Eyvind Storm. „Það sem dró mig að þessu söguefni í upphafi var kannski … ég segi ekki aðdáun heldur einhvers konar fasinasjón; mér fannst eitthvað svakalega spennandi við manngerðina sem ég var að skrifa um í Stormi. Mér fannst alltaf, þó ég væri ánægður með bókina, að það væri eitthvað ósagt, að það þyrfti að skoða manninn dýpra og frá fleiri hliðum. Og jafnvel láta hann lenda í nýjum ævintýrum. Þetta er ástæðan,“ segir Einar Kárason rithöfundur þar sem við reynum að koma okkur fyrir á Reykjavík Roasters við Brautarholt, aðspurður af hverju hann hafi ákveðið að taka upp þráðinn með Eyvind Storm mörgum árum síðar.

Einar er líkast til frægastur fyrir Eyjabókatrílógíu sína. Þá hefur síðasti sagnabálkur hans, sem telur fjórar bækur, þar sem sögusviðið er Sturlungaöld, hlotið mikið og verðskuldað lof. En uppáhaldið mitt er hins vegar Heimskra manna ráð og svo þessi einstaka bók sem er Stormur. Og nú er komið óbeint framhald af þeirri bók. Passíusálmarnir. Hvar enn er fjallað um Eyvind Jónsson sem kallaður er Stormur.

Best að það komi fram strax að ég hef lengi verið einlægur aðdáandi Einars. Ég tel hann með mestu sagnameisturum þjóðarinnar frá upphafi og skemmst er frá því að segja að nýútkomin bók Einars, Passíusálmarnir, er brakandi snilld.

## Metnaðarfull persónusköpun

„Þessar verða bara tvær,“ segir Einar þegar ég spyr hann hvort hann ætli þá ekki að henda í trílógíu með Storminn. „Ég held nú að þetta sé mín metnaðarfyllsta persónusköpun á ferlinum. Sú sem ég hef farið hvað dýpst í. Framan af og mikið af mínu hafa verið kollektívar sögur, það er að segja með mörgum persónum. Og jafnvel kannski ekki einu sinni neinni klárri aðalpersónu. En ég hef kannski farið aðeins meira út í það eftir því sem á hefur liðið, eins og Þórður kakali. Það er týpa sem mér fannst voðalega spennandi. Reyndar held ég að hann og Stormur eigi sitthvað sameiginlegt. En, svo á öðrum sviðum eru þeir gjörólíkir.“

## Yfirgengilega dóminerandi

Í þessari bók er rækilega snúið upp á skáldskaparformið. Þetta er að mörgu leyti flókinn snúningur ef maður sökkvir sér niður í hann og varla að sjáist til botns.

„Jájá, ég læt lesandann um að skilja þetta almennilega. Því auðvitað kom þetta einhvers staðar frá. Þetta varnarskjal sem er svona þriðjungur bókarinnar. Einhvern veginn finnst mér það koma frá Stormi sjálfum. Hann talar auðvitað mest þar og er að senda mér sem höfundi tóninn.“

Já, og ekki bara að hann tali heldur leggja ýmsar persónur orð í belg auk athugasemda höfundar. En, maður heyrir í Stormi í gegnum aðrar raddir svo sem konu hans sem reyndar fæst við að skrifa ýmis bréf fyrir hans hönd.

„Jújú, þetta er náttúrlega maður sem er mjög dóminerandi. Og ég þekki svona menn. Þeir hafa mikil áhrif á alla í kringum sig. Þeirra rödd verður svo yfirgnæfandi. Maður kemur inn í stofu þar sem einn slíkur hefur setið um hríð og dóserað og þá fattar maður að allir eru farnir að tala eins og hann.“

## Formið sérstaklega fyrir Storm

Já, það eru nokkur dæmi um slíkt í bókinni.

„Já, þess vegna hentar þetta margradda form. Ég notaði þetta margradda form í fyrsta sinn þegar ég skrifaði Þórð kakala. En, ég fann þetta form vegna Storms. Eða, vegna þess söguefnis. Málið er að ég var búinn að hugsa þetta nokkuð lengi, að mig langaði til að skrifa um þessa týpu. Svona mann. Og hafði hann algerlega í huga. Og ég var í miklum vafa um það þá hvort ég ætti að hafa þá bók í fyrstu persónu, það er að láta hann tala allan tímann eða í þriðju persónu. Ef ég er með hann í fyrstu persónu verður þetta svo yfirþyrmandi. Menn munu þurfa að halda fyrir eyrun. Það er ekki hægt að hlusta endalaust á þessa rödd. Það verður að hvíla sig á henni. Hins vegar ef ég hefði þetta í þriðju persónu, það er að lýsa þessari persónu utan frá, þá hefði ég ekki hans rödd, hans sjónarmið, hans fordóma og hans sérkennilega húmor og sýn á annað fólk og alls konar hluti. Það var þá sem ég datt um þetta margradda form. Það er að skipta, hafa hann stundum og svo einhverjar aðrar raddir sem segja kannski frá sömu atburðum en frá öðru sjónarhorni.“

## Danir sárir út í Storm

Ég verð að fá að spyrja þig út í eitt atriði. Og enn slær saman veruleika og skáldskap. Þú varst tilnefndur fyrir Storm til bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs 2005, þá fyrir Storm. Ég taldi víst að þú yrðir fyrir valinu. En það var samt eitthvað við það veðmál sem truflaði mig, einhver bakþanki. Ég var sem sagt búinn að láta mér detta í hug að það kynni að verða þér að fótakefli á þeirri leið að óneitanlega er sósjalsystemið í Danmörku haft að háði og spotti öðrum þræði í Stormi. Þó heldur hljóti það nú að teljast smá hugsun að láta það ráða afstöðu sinni til bókmenntaverks. Niðurstaðan varð svo sú að Sjón hlaut verðlaunin og allt gott og blessað með það, með fullri virðingu og allt það en þú kemur aðeins inn á þetta í Passíusálmunum.

„Danir virðast alveg hafa misst áhugann á að bjóða mér í upplestra eða á bókmenntahátíðir eftir að bókin „Stormur“ kom út þar í landi, en samkvæmt því sem mátti lesa hjá sumum gagnrýnendum virðist ekki öllum falla í geð að Íslendingar væru að hlæja upp úr skáldsögum um samlanda sína sem nýttu sér til hins ýtrasta velferðarkerfi Dana.“ (bls. 201)

Sko, er virkilega fótur fyrir þessu? „Það er sannleikskorn í þessu. Bæði náttúrlega kom út gagnrýni og bókin fékk svo sem ágætis viðtökur. En víða, ef það hafa komið út 15 til 20 ritdómar, þá var að minnsta kosti helmingur þeirra litaður af einhverjum sárindum. Bókin var að koma út um svipað leyti og Íslendingar voru að eignast allt í Danmörku: Magasín du Nord og þóttust ætla að kaupa Tívolí.“

Já, Danir voru orðnir verulega pirraðir á Íslendingum á þessum tíma. „Já. Svo fór ég í upplestrarferð og þar stóð fólk upp og sagði: Finnst Íslendingum þetta fyndið? Það var nokkuð magnað. Reyndar, það fyrsta sem ég heyrði um þetta var rétt eftir að bókin kom út. Haustið 2003, þann vetur löngu áður en bókin hafði verið þýdd, þá er ég einhvers staðar niðri bæ og þá svífur á mig einhver sem ég kannaðist við og vann í Ráðhúsinu. Hvort hann var í borgarstjórn, eða eitthvað. Og segir: Heyrðu, það var norrænn fundur, félagsmálastjórafundur frá norrænu höfuðborgunum, einhverjir félagsmálafrömuðir saman komnir. Og í dinnernum eftir ráðstefnuna segir einhver Íslendingur: Heyrðu, ein alvinsælasta bókin sem kom út í fyrra fjallar um sósjalinn í Danmörku. Og mann sem vefur þar öllum um fingur sér. Og þá datt brosið af Dönunum og einn þeirra hvæsti: Okkur er vel kunnugt um það. Við höfum sett fólk í að gefa okkur skýrslu um þessa bók.“

## Tillitslaus skíthæll

Sko, nú vill maður ekki segja of mikið, því þetta er spennandi bók, en Stormur er sörvævor; alger landeyða en útsjónarsamur? „Já, já, já. Til að byrja með upplifir hann sig svikinn og sniðgenginn. Svo er allri fjölskyldunni hreinlega sparkað úr landi Dana. Og í þeirri stöðu þarft þú að gera eitthvað algjörlega brilljant. Sem reyndar kostar hans nánustu fórnir. En hann situr eftir sem sigurvegari. Á þessum merkilega stað, í Gellerup-hverfinu sem hann hefur úthúðað alla tíð. Konungur í ríki sínu.

Menn geta í aðra röndina sagt að þetta sé svindlari og að einhverju leyti tillitslaus skíthæll, en í aðra röndina brilljant maður. Einn vinur minn sagði að þetta væri svona svindlarasaga og einn yfirlesari sagði að þetta væri metasaga: Skáldsaga sem talar við sjálfa sig.“

En, þú ert þá búinn að skilja við Eyvind Storm? „Já, ég lít svo á. Hann er kominn í örugga höfn. Á 8. hæð í sinni blokk í Gellerup-hverfinu. Og varðandi titilinn, Passíusálmarnir, þetta er hans orðatiltæki um það sem hann vill helst ekki tala um: Ég nenni ekki að fara út í þá passíusálma. En, þá er bókin einmitt tilraun til að fara út í þá passíusálma sem hann vill helst breiða yfir. En, án þessara passíusálma sem hann vill ekki fara út í þá skilur maður ekki allt.“

**visir.is** Á vísir.is finnur þú lengri útgáfu af viðtalinu.


BJARTMAR
ÞANNIG TÝNIST TÍMINN
ÚTGÁFUHÓF Í EYMUNDSSON SKÓLAVÖRÐUSTÍG Í DAG KL. 17.
BJARTMAR LES OG TEKUR LAGIÐ.
ALLIR VELKOMNIR!
sögur
ÚTGÁFA

# Sálumessa sungin í minningu Jóns Stefánssonar organista

Óperukórinn í Reykjavík syngur Sálumessu Verdis – Verdi Requiem í Langholtskirkju á morgun, föstudaginn 11. nóvember klukkan 20, ásamt einsöngvurunum Þóru Einarsdóttur, Sesselju Kristjánsdóttur, Gissuri Páli Gissurarsyni og Viðari Gunnarssyni. Félagar úr Sinfóníuhljómsveit Íslands leika og stjórnandi er Garðar Cortes. Viðburðurinn er í minningu Jóns Stefánssonar organista en á morgun er ár liðið frá síðasta heila deginum í lífi hans, því 12. nóvember í fyrra lenti hann í bílslysi og náði aldrei meðvitund aftur.



**„Jón fékk mig oft til að syngja og vinátta okkar entist þar til hann fór," segir Garðar Cortes söngvari og stjórnandi Óperukórsins.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**ÞÁ TÖKUM VIÐ LÍKA ÞÁTT Í ÞVÍ AÐ AFLA FJÁR Í MINNINGARSJÓÐINN SEM STOFNAÐUR HEFUR VERIÐ UM HANN OG ER Í VÖRSLU LISTAFÉLAGS LANGHOLTSKIRKJU.**

„Við Jón vorum samferðamenn og þegar Jón var með allar sínar Bach-kantötur og Händel-stykki, fékk hann mig til að syngja fyrir sig. Þannig hófst okkar samstarf og vináttan entist þangað til hann fór.

Við sem stöndum að þessum flutningi nú, um 130 manns, áttum sálumessuna í handraðanum, við fluttum hana árið 2013 í tilefni af 200 ára afmæli Verdis. Vorum beðin um að fara með hana til Rússlands en það slóst af og okkur fannst við hæfi að minnast Jóns með því að flytja hana núna. Þá tökum við líka þátt í því að afla fjár í minningarsjóðinn sem stofnaður hefur verið um hann og er í vörslu Listafélags Langholtskirkju, ágóði af tónleikunum mun renna í þann sjóð."

**– gun**




# Hvað ef og hefði

**BÆKUR**

**Þættir af séra Þórarinum og fleirum**

★★★☆☆

**Þórarinn Eldjárn**

**Útgefandi:** Vaka-Helgafell
**Fjöldi síðna:** 147 bls.
**Kápa:** Sigurður Oddsson
**Prentun:** Oddi

Þættir af séra Þórarinum og fleirum, eftir Þórarin Eldjárn, er áttunda smásagnasafn höfundar. Yfirlætislausar smásögur, eða öllu heldur þættir, sem láta lítið yfir sér og sækja sögusvið sitt í hversdaginn sem er auðvitað borinn uppi af venjulegu fólki, við venjulegar aðstæður en á stundum eilítið á skjön við veruleikann. Tekst á við þennan alltumlykjandi hversdag í lífi okkar sem okkur er helst gerlegt að brjótast undan með ímyndunaraflið að vopni. Enda geta hugrenningar, hugmyndir og ímyndunarafl reynst allt eins mikilvægar ef ekki mikilvægari en eiginleg framvinda eða atburðir í þáttum Þórarins. Persónur þáttanna láta sig dreyma, rifja upp liðna tíð, velta vöngum yfir framtíðinni og óttast jafnvel það sem hún ber í skauti sér þegar verst lætur.

Upphafssetning fyrstu sögunnar, Hans heilagleiki, gefur tóninn: „Þegar Hans vaknaði morgun einn draumstola í rúmi sínu fann hann undireins að eitthvað mikið og merkilegt hafði gerst með hann um nóttina." (Bls. 7) Persónan Hans heldur draumstola til móts við nýjan dag sem heilagur maður og lifir þann draum sem eflaust hefur blundað með honum lengi. Og er það ekki einmitt það sem við þráum og óttumst í senn; að lifa drauminn og upplifa martröðina?

Þessi draumsins þrá og hugsunin um hvað ef og hefði er rauði þráðurinn í þessum þáttum Þórarins. Flestar eru sögurnar einfaldar í byggingu og yfirlætislausar en þær leyna á sér. Þegar maður skoðar þær í samhengi og heild öðlast þær aukið vægi og vídd og því rétt að hvetja lesendur til þess að gefa sér góðan tíma. Meiri tíma en sögurnar kalla á við fyrsta lestur.

Listin að segja sögur af misvenjulegu fólki í óvenjulegum aðstæðum er Þórarni líka hugleikin. Skáldið skilgreinir líka verk sitt inn í þessa íslensku hefð þáttanna fremur en að vísa til smásögunnar og hann virðist jafnvel vera heillaður af þessum sagnabrunni. Ákveðna vísbendingu þess efnis er til að mynda að finna í Músin sem æðir, ákaflega einfaldri en skemmtilegri frásögn og hugrenningum aðalpersónunnar úr biðröðinni í Elko.

„Þetta lagaðist auðvitað mikið þegar ég söðlaði um og yfirgaf listferilinn, sótti um myndmenntakennsluna á Ýsufirði og settist þar að. Þá kynntist ég fyrst ýmsum ættingjum mínum föðurmegin, fékk þannig beinan aðgang að talsverðum sagnasjóði af einkennilegum mönnum á þeim slóðum og gat með nokkrum rétti sagt eftir það að ég ætti mér þrátt fyrir allt mína purpurakápu." (Bls. 92)

Yfirvegaður lestur gefur líka

# Heimildarverk sem yljar fólki um hjartarætur

Leikverkið Elska – ástarsögur Norðlendinga verður frumsýnt á morgun, 11. nóvember, í Hofi á Akureyri. Jenný Lára Arnórsdóttir er annar tveggja leikenda á sviðinu og upphafsmaður að sýningunni því árið 2013 flutti hún forleik að þessu stykki. Nú hefur hún fengið til liðs við sig Jóhann Axel Ingólfsson leikara sem einnig sér um tónlistina, Agnesi Wild leikstjóra og Evu Björgu Harðardóttur búningahönnuð.

„Þetta er eiginlega nýtt verk,“ segir Jenný Lára. „Skemmtilegt heimildarverk sem yljar fólki um hjartarætur.“ Hún segir leikhópinn hafa í sumar og haust hafa safnað saman raunverulegum ástarsögum para víða af Norðausturlandi. „Handritið er unnið orðrétt upp úr viðtölum sem tekin voru við pör og tónlist notuð til að magna sögurnar upp. Þetta er því sýning sem er sprottin upp úr okkar umhverfi á norðurhjara veraldar.“

**OKKUR LANGAR LÍKA AÐ FÁ SETNINGAR FRÁ ÁHORFENDUM OG SKRIFA ÞÆR NIÐUR ÞANNIG AÐ ÞEIR FÁ AÐ VERA SMÁ ÞÁTTTAKENDUR Í SÝNINGUNNI.**

Við sem vinnum í þessu erum öll trúlofuð eða gift og notum setningar úr okkar samböndum inn á milli. Okkur langar líka að fá setningar frá áhorfendum og skrifa þær niður þannig að þeir fá að vera smá þátttakendur í sýningunni.“

Sýningar verða einungis á morgun og laugardag, 11. og 12. nóvember, og hefjast klukkan 20 bæði kvöldin. **– gun**


Jenný Lára og Jóhann Ágúst á einni af fyrstu æfingunum á Elska.




lesandanum tækifæri til þess að njóta til fulls hvernig íslenskan leikur í höndum Þórarins. Stíllinn er afdráttarlaus og laus við allar óþarfar krúsidúllur, hrein og bein frásögn af fólki, minningum þess, væntingum og draumum. Fyrir vikið verða aukapersónur þáttanna kannski helst til litlausar og óeftirminnilegar en það má líka líta svo á sem það sé með vilja gert að halda kjarna hverrar aðalpersónu í skörpum fókus út í gegnum hvern og einn þátt.

Helsti vandi verksins í heild sinni er að þættirnir eru helst til misjafnir að styrkleika. Í þremur, þó einkum tveimur, síðustu þáttunum er eins og reikað sé af spori heildarmyndarinnar. Persóna skáldsins virðist dragast inn í þættina með þeim afleiðingum að þessi almenni og hversdagslegi tónn rjátlast aðeins af heildarmyndinni og er það miður. Þátturinn Ólán klárað, er líkast til skýrasta dæmið um þetta, enda efni og efnistök í hrópandi ósamræmi við það sem tekist er á við í öðrum þáttum bókarinnar. Hið sama má segja um lokaþátt bókarinnar, Ósagt best, sem þrátt fyrir að vera tilfinningaríkt og sterk frásögn á einhvern veginn ekki alveg heima þarna á meðal þessara léttari þátta.

Frásagnargleði og færni Þórarins nýtur sín nefnilega best þegar hann tekur sér stöðu sögumannsins í fermingarveislunni eða við kaffiborðið fjarri því lífi sem sagt er frá. Frásögn hans og stíll nýtur sín best í knöppum einfaldleika í sögum á borð við Jónatan, um miðbik þáttanna.

„Þannig var því háttað með Jónatan Vilhelmsson að hann var árangursheftur eða árangursblindur, naut aldrei neins sem áunnist hafði. Ekkert dugði honum alveg og aldrei gat honum fundist neitt vera nema rétt í áttina.“ (Bls. 45)

Einmitt þarna, í hugmyndum og nálgun á borð við þá sem hér er vísað til, finnur lesandi líka ólgandi en í senn lúmskan og hlýlegan húmorinn. Þessa sagnagleði og leiftrandi húmor sem einkennir svo margt af því besta sem er að finna í höfundarverki Þórarins.

**Magnús Guðmundsson**

**NIÐURSTAÐA:** Skemmtilegir, en helst til missterkir, þættir Þórarins reynast góð lesning.



# Frá Westworld til Donalds Trump

Hvað eiga HBO-þættirnir Westworld, samnefnd kvikmynd frá 1973, tæplega tuttugu og tveggja ára gamall Simpsons-þáttur og Donald Trump, verðandi forseti Bandaríkjanna, sameiginlegt?




Westworld er einn vinsælasti þátturinn í dag og hérna má sjá aðalleikarana saman komna undir merkjum HBO þar sem þættirnir eru sýndir. NORDIC PHOTOS/GETTY

HBO-þáttaröðin Westworld er í fullum gangi og hafa sumir gengið svo langt að tala um að þættirnir séu arftaki Game of Thrones-þáttaraðarinnar – hér verður þó ekkert fullyrt um það en Westworld hefur samt vakið mikla athygli enda eru þættirnir uppfullir af spennu, forvitnilegum spurningum, ofbeldi og nekt – allt það sem fólk vill fá út úr HBO-þáttaröð í raun og veru.

Árið 1973 kom út kvikmyndin Westworld og eru þættirnir byggðir á henni. Þetta var fyrsta kvikmyndin sem Michael Crichton leikstýrði og hann skrifaði einnig handritið. Michael Crichton er kannski þekktastur fyrir Jurrasic Park-myndirnar sem eru byggðar á skáldsögu Crichtons og mögulega líka þekktur fyrir ofsahræðslu sína við tækni og vísindi, enda virðast allar sögurnar hans fjallar um stórkostleg tækniafrek sem enda svo með að verða algjört stórslys þar sem slatti af fólki fellur í valinn.

Westworld er þar engin undantekning. Myndin fjallar um tvo félaga í nálægri framtíð sem skreppa í frí í skemmtigarðinn Delos þar sem vélmenni í mannsmynd eru til í alls konar sprell með gestum garðsins. Garðurinn skiptist í þrennt – heim villta vestursins, miðaldir og Róm til forna. Líkt og í þáttunum er hægt að misþyrma mennsku vélmennunum á margs konar hátt, þar á meðal er hægt að skjóta þau í spað og í Vestragarðinum er til að mynda eitt aðalatriðið Byssumaðurinn (The Gunslinger), sem er leikinn er af Yul Brynner, sem er sérstaklega gerður til að fara í einvígi við gesti sem hann tapar svo auðvitað alltaf. Það er nefnilega þannig að vélmennin í garðinum eru vopnuð byssum sem geta ekki skotið á lífverur með heitt blóð enda eru þær með innbyggðan hitaskynjara.

Eins og við er að búast fer auðvitað allt í háaloft í Delos og röð bilana gerir vélmennin gjörsamlega sturluð og þau ganga berserksgang. Margir sem eru að lesa þetta kannast mögulega við þennan söguþráð úr æsku sinni. Það er nú líka út af því að þessi söguþráður hefur verið nýttur í annan vinsælan sjónvarpsþátt. Við erum auðvitað að tala um The Simpsons, en í fjórða þætti í sjöttu seríu The Simpsons er nefnilega þátturinn Itchy & Scratchy Land – þar fer Simpson-fjölskyldan í frí í skemmtigarðinn Itchy & Scratchy Land þar sem Itchy- og Scratchy-róbótarnir sem skemmta gestum þar gjörsamlega sturlast og ganga berserksgang.

**WESTWORLD HEFUR SAMT VAKIÐ MIKLA ATHYGLI ENDA ERU ÞÆTTIRNIR UPPFULLIR AF SPENNU, FORVITNILEGUM SPURNINGUM, OFBELDI OG NEKT – ALLT ÞAÐ SEM FÓLK VILL FÁ ÚTÚR HBO-ÞÁTTARÖÐ Í RAUN OG VERU.**

Punkturinn hér er auðvitað bara einfaldur – allt hefur verið gert í The Simpsons áður. Allar mögulegar tilvísanir í kvikmyndir og sjónvarpsþætti, bókmenntir og viðburði í mannkynssögunni – þetta hefur allt verið notað sem efniviður í þessum ótrúlega langlífa og, leyfist mér að segja, besta sjónvarpsþætti allra tíma. The Simpsons hafa verið í gangi síðan árið 1989 og þættirnir eru orðnir yfir 600. Í viðtali sagði sjálfur Matt Groening að það erfiðasta við að búa til nýja þætti væri að fá hugmyndir sem hafa ekki verið notaðar í The Simpsons áður en það er spurning hvort atburðir í raunheiminum séu ekki farnir að verða full líkir söguþræði einhvers þáttar The Simpsons og hvort það sé í raun eitthvað eftir sem hefur ekki komið þar fram – í þættinum Bart to the Future var Donald Trump forseti Bandaríkjanna og setti þjóðina á hausinn. **stefanthor@frettabladid.is**




Westworld frá 1973 var stórskemmtileg mynd og um margt framúrstefnuleg þegar hún kom í bíó á sínum tíma.



Simpson-fjölskyldan flýr undan biluðum vélmennum.

Eign við **sjávarsíðuna** með góðum anda

Vorum að fá í einkasölu einstaklega fallega, nýuppgerða eign við Sæbraut. Glæsilegt útsýni yfir Faxaflóa. Hluti eignarinnar er undir súð og því er gólfflötur töluvert stærri en uppgefnir fermetrar. **Tengi fyrir þvottavél innan íbúðar.**




Ekki kaupa hvað sem er af hverjum sem er. **Spurðu um skilríki.**

FÉLAG FASTEIGNASALA

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Fréttablaðið eykur þjónustu sína við lesendur á landsbyggðinni.**

Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu á
eftirfarandi sölustöðum víðsvegar um landið:

N1 olís Samkaup BÓNUS




FRÉTTABLAÐIÐ
mest lesna dagblað landsins.

LAUGARÁS BÍÓ
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| HACKSAW RIDGE | 5.30, 8, 10.45 (P) |
| DR. STRANGE 3D | 8, 10.30 |
| TRÖLL 2D ÍSL.TAL | 6 |
| BRIDGET JONES'S BABY | 5.30, 8, 10.25 |

SAMBÍÓIN SAMbio.is




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| THE ACCOUNTANT | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| THE ACCOUNTANT VIP | KL. 10:40 |
| SJÖUNDI DVERGURINN ÍSL TAL | KL. 6 |
| DOCTOR STRANGE 3D | KL. 6:30 - 9 |
| DOCTOR STRANGE 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:40 |
| DOCTOR STRANGE 2D VIP | KL. 5:30 - 8 |
| JACK REACHER 2 | KL. 8 - 10:30 |
| THE GIRL ON THE TRAIN | KL. 8 |
| STORKAR ÍSL TAL | KL. 6 |
| SULLY | KL. 10:40 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
|---|---|
| THE ACCOUNTANT | KL. 8 - 10:40 |
| SJÖUNDI DVERGURINN ÍSL TAL | KL. 6 |
| DOCTOR STRANGE 3D | KL. 8 |
| DOCTOR STRANGE 2D | KL. 5:30 - 10:40 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| THE ACCOUNTANT | KL. 5:30 - 8 - 10:40 |
| SJÖUNDI DVERGURINN ÍSL TAL | KL. 5:30 |
| DOCTOR STRANGE 3D | KL. 8 - 10:30 |
| DOCTOR STRANGE 2D | KL. 5:30 - 7 - 10 |
| JACK REACHER 2 | KL. 8 - 10:30 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| THE ACCOUNTANT | KL. 6 - 9 |
| SJÖUNDI DVERGURINN ÍSL TAL | KL. 6 |
| DOCTOR STRANGE 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| DOCTOR STRANGE 2D | KL. 8 |
| JACK REACHER 2 | KL. 10:30 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
|---|---|
| THE ACCOUNTANT | KL. 8 - 10:40 |
| HACKSAW RIDGE | KL. 10:40 |
| DOCTOR STRANGE 3D | KL. 8 |




SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 10. NÓVEMBER 2016

### Tónlist

**Hvað?** Brantelid leikur Dvorák
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Eldborg, Hörpu
Sænsk-danski sellóleikarinn Andreas Brantelid er kornungur og eftirsóttur í sínu fagi. Hann er margverðlaunaður í bak og fyrir og er mættur til landsins til að spila sellókonsert Dvoráks, en konsertinn er eitt vinsælasta verk sinnar gerðar og fullt af eftirminnilegum stefjum. Miðaverð er 2.500 til 7.200 krónur.

**Hvað?** Af fingrum fram – Páll Óskar
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Salurinn, Kópavogi
Þeir Jón Ólafsson og Páll Óskar mætast í Salnum í Kópavogi sem boðar mikla skemmtun. Þarna verður í boði bæði frábær tónlist og síðan munu þeir rabba saman inn á milli laga. Palli er auðvitað sneisafullur af skemmtilegum sögum eftir langan feril fyrir utan auðvitað öll lögin sem hann hefur hent í á þessum tíma. Þetta eru þrennir tónleikar og miðaverð á þá alla er 11.700.




Palli og Jón Ólafs verða hressir í Salnum í Kópavogi að spila lög og segja sögur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**Hvað?** Níubíó í nóvember
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Café Rosenberg, Klapparstíg
Hljómsveitin Mandólín spilar kvikmyndatónlist á Rosenberg með sérstakri áherslu á lög Henris Manchini og Astors Piazzolla. Þó verður líka tekið sitthvað eftir aðra höfunda. Aðgangseyrir er 2.000 krónur.

**Hvað?** Axel O og Co
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Grundarfjarðarkirkja, Grundarfjarðarbæ
Kántrítónlist verður í algleymingi þegar Axel O & Co stíga á svið í Grundarfjarðarkirkju í kvöld. Það er að sjálfsögðu hann Axel Omarsson sem er drifkrafturinn þarna en hann er einn helsti kántrísöngvari landsins. Axel er nýlega búinn að gefa út plötuna Open Road og verður dagskráin á tónleikunum mikið til lög af þessari plötu en auðvitað verður líka tekinn góður slatti af kántrístandördum eftir Johnny Cash, Merle Haggard og Buck Owens svo fáeinir séu nefndir. Hljómsveit Axels er skipuð einvalaliði hljóðfæraleikara en það eru þeir Jóhann Ásmundsson á bassa, Magnús Kjartansson á píanó auk þess sem hann syngur, Sigfús Örn Óttarsson á trommum og Sigurgeir Sigmundsson á gítar og pedal steel gítar.

**Hvað?** Elísabet Ólafs
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Græna herbergið, Lækjargötu
Elísabet Ólafs ætlar að flytja nokkrar af perlum tónlistarinnar, hvorki meira né minna, þegar hún mætir í Græna herbergið í kvöld. Henni til halds og trausts verða þeir Hlynur Þór Agnarsson píanóleikari og Egill Guðmundur Egilsson á kontrabassa. Aðgangseyrir er 2.000 krónur við hurð en enginn posi er á staðnum.

**Hvað?** Arnaldur Arnarson – gítartónleikar
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Berg, Hljómahöll, Reykjanesbæ
Tónlistarskóli Reykjanesbæjar og Tónlistarfélag Reykjanesbæjar standa saman að tónleikum þar sem gítarleikarinn Arnaldur Arnarson leikur nokkrar af fegurstu perlum klassískrar gítartónlistar, m.a. verk eftir Johann Sebastian Bach, Heitor Villa-Lobos og Isaac Albéniz. Aðgangur er ókeypis.

### Sýningar

**Hvað?** Suss
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Tjarnarbíó, Tjarnargötu
Leikhópurinn RaTaTam sýnir verkið Suss í sjötta sinn í Tjarnarleikhúsinu nú í kvöld.

**Hvað?** Mýrarskuggar – Listamannaspjall
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Hverfisgallerí, Hverfisgötu
Ragna Sigurðardóttir, rithöfundur og gagnrýnandi, spjallar við Sigtrygg Bjarna Baldvinsson um sýninguna hans, Mýrarskugga, sem stendur nú yfir. Þetta er önnur einkasýning Sigtryggs Bjarna og á henni má finna olíumálverk, vatnslitamyndir og gvassverk þar sem listamaðurinn túlkar dulúð og fegurð hins íslenska mýrarlands.

### Málþing

**Hvað?** Ferðamannastaðir 360° – Málþing í víðu samhengi
**Hvenær?** 12.30
**Hvar?** Fyrirlestrarsalur Íslenskrar erfðagreiningar, Sturlugötu
Það eru Arkitektafélag Íslands og

LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland
Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.




BIO ★ PARADIS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| The Girl With All The Gifts | 17:30 |
| Innsæi / The Sea Within | 18:00 |
| Ransacked | 18:00 |
| Neon Demon | 20:00 |
| Can't Walk Away | 20:00 |
| Child Eater | 22:00 |
| Captain Fantastic | 22:00 |
| Embrace Of The Serpen | 22:00 |





**Sellóið verður í hávegum haft í Hörpunni í kvöld en sellóleikarinn Andreas Brantelid heldur þar tónleika.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Félag íslenskra landslagsarkitekta sem standa að þessu málþingi um ferðamannastaði, en á því verða skoðaðir þessir staði út frá sjónarhorni meðal annars hönnuða, fræðslufulltrúa, verkefnastjóra, ferðamanns, leiðsögumanns og bæjarstjóra. Markmið málþingsins er að hvetja til umræðu um hönnun ferðamannastaða í víðu samhengi. Tveir hollenskir arkitektar flytja erindi auk ótal margra annarra. Þátttökugjald er 7.000 krónur og hægt er að skrá sig á tix.is.

## Viðburðir

**Hvað?** Alþjóðadagur Háskóla Íslands
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Háskólatorg, Háskóla Íslands
Gestum gefst kostur á að kynna sér skiptinám, nám á eigin vegum, starfsnám og kennara- og starfsmannaskipti. Þá býðst þeim að ræða við erlenda skiptinema, fyrrverandi skiptinema, fulltrúa sendiráða og ræðisskrifstofa og fulltrúa fjölmargra íslenskra stofnana og félaga. Á Háskólatorgi verður mikið um að vera. Salsa Iceland stígur dans, hljómsveitin Belleville kallar fram franska stemningu, veglegt happdrætti verður í boði, alþjóðlegt matar- og drykkjasmakk og fleira. Valgerður Anna Einarsdóttir kynnir dagskrá.

**Hvað?** Opnun hermiseturs Hjúkrunarfræðideildar
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Eirberg, Eiríksgötu
Kennsluaðstaða í heilbrigðisvísindum í Háskóla Íslands hefur verið stórbætt með tilkomu Færniseturs í Eirbergi. Færnisetrið er um 300 m² að stærð og búið fullkomnum tækjabúnaði, meðal annars tölvustýrðum sýndarsjúklingum, fjölda hlutherma, auk margvíslegra möguleika til gagnvirkrar kennslu með fullkomnum tækjabúnaði.

**Hvað?** Pop-up markaður vefverslana
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Háskólabíó, Hagatorgi
Nokkrar vefverslanir munu birtast í efnisheimum og selja vörur sínar í Háskólabíói. Í boði verða léttar veitingar og fá 25 fyrstu gjafapoka.

**Hvað?** Friðarfundur: SGI mannúðar- og friðarsamtök búddista
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hafnarhús, Tryggvagötu
Næstkomandi fimmtudagskvöld hefjast vikulegir Friðarfundir í Listasafni Reykjavíkur, en þeir verða haldnir í sex skipti. Þeir tengjast sýningadagskrá haustsins í Hafnarhúsi þar sem listamenn fjalla um frið, stríð og afleiðingar þess. Á Friðarfundum kynna ólík samtök áherslur sínar í friðar- og mannúðarmálum og er fyrsta kvöldið tileinkað SGI á Íslandi. Eyrún Ósk Jónsdóttir mun fjalla um friðarheimspeki SGI, friðar- og mannúðarsamtaka búddista. Hún mun ræða um hugmyndina um helgi lífsins í kenningum búddismans, um að friður hefst á jákvæðri umbreytingu í hjarta einstaklingsins og að leiðin að þessu marki eru einlægar samræður. Í kjölfar erindisins munu fundarstjórar stýra umræðum um frið.

# Katy Perry viðurkennir að foreldrar hennar kusu Trump

Katy Perry mætti og hélt ræðu í kosningagleðskap Hillary Clinton aðfaranótt miðvikudags þegar kosningar í Bandaríkjunum voru í algleymingi.

Perry hefur lengi stutt Hillary og að sama skapi hefur Hillary verið dugleg að fá tónlistarmenn með sér í lið í kosningabaráttunni svo að það var kannski ekki óvænt að Katy stigi í pontu þetta kvöld.

Í ræðunni viðurkenndi hún að fjölskylda sín væri ekki stuðningsfólk Hillary, enda harðir stuðningsmenn Repúblikanaflokksins auk þess að vera sannkristnir íhaldsmenn.

Eftir að hafa sagt salnum frá því að foreldrar hennar hefðu kosið Donald Trump sagði Perry: „En vitið þið hvað? Við munum öll sitja saman á þakkargjörðarhátíðinni og það er akkúrat á þessu augnabliki sem við þurfum að muna að við elskum öll foreldra okkar og að við elskum öll börnin okkar.“

Þarna var farið að verða ljóst að Hillary mundi ekki vinna kosningarnar og stemmingin því ekki góð, en spurning hvort að Katy Perry hafi náð að sefa sorg stuðningsmanna Hillary. – **sþh**



**Katy Perry reynir að stappa stálinu í stuðningsmenn Hillary Clinton.**



# DAGSKRÁ

## Fimmtudagur

### STÖÐ 2

**07.00** Simpson-fjölskyldan
**07.25** Kalli kanína og félagar
**07.50** Tommi og Jenni
**08.10** The Middle
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.20** Jamie's 30 Minute Meals
**10.45** The World's Strictest Parents
**11.45** Marry Me
**12.10** Léttir sprettir
**12.35** Nágrannar
**13.00** Almost Famous
**15.05** Ég og 70 mínútur
**15.45** The Detour
**16.05** Tommi og Jenni
**16.30** Simpson-fjölskyldan
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2 Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá
**18.55** Íþróttir
**19.05** Fréttir Stöðvar 2 Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna
**19.20** Jólastjarnan 2016
**19.45** Masterchef USA Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsey í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar yfir á sitt band. Ýmsar þrautir eru lagðar fram í eldamennskunni og þar reynir á hugmyndaflug, úrræði og færni þátttakenda. Að lokum eru það þó alltaf dómararnir sem kveða upp sinn dóm og ákveða hverjir fá að halda áfram og eiga möguleika á að standa uppi sem Meistarakokkurinn.
**20.30** NCIS
**21.15** The Blacklist
**22.00** StartUp Nýir og magnaðir þættir með Martin Freeman og Adam Brody í aðalhlutverkum um bankastarfsmann, foringja skipulagðrar glæpastarfsemi og tölvuþrjót sem snúa bökum saman og freista þess að reka fyrirtæki með órekjanlegum og illa fengnum peningum.
**22.45** High Maintenance
**23.15** Borgarstjórinn
**23.45** The Young Pope
**00.30** Gåsmamman
**01.15** Aquarius
**02.00** Scary Movie 5
**03.30** Almost Famous

### STÖÐ 2 SPORT

**08.00** Dominos deild kvenna
**09.40** Premier League
**11.20** Messan
**12.55** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
**13.20** Undankeppni HM 2018
**15.15** Dominos-deild karla
**16.55** Dominos-deild kvenna
**18.35** Premier League World
**19.05** Dominos-deild karla
**21.10** NFL Gameday
**21.40** NBA - Regular Season
**23.35** Dominos-deild karla

### STÖÐ 2 SPORT 2

**09.30** Premier League
**11.15** Premier League
**13.00** Premier League
**14.40** Premier League
**16.20** Premier League Review
**17.15** Undankeppni HM 2018
**19.00** NBA
**20.45** Körfuboltakvöld
**22.30** Premier League World
**23.00** NFL Gameday
**23.30** Messan

### STÖÐ 3

**17.50** Mike & Molly
**18.10** The League
**18.40** New Girl
**19.00** Modern Family
**19.25** Fóstbræður
**19.55** Léttir sprettir
**20.20** Veistu hver ég var?
**21.05** Supergirl
**21.50** Gotham
**22.35** Arrow
**23.20** Klovn
**23.45** Fóstbræður
**00.15** Léttir sprettir
**00.35** Veistu hver ég var?
**01.20** NCIS. New Orleans
**02.00** Supergirl
**02.45** Tónlist

### KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Zigby
**07.10** Ævintýraferðin
**07.25** Latibær
**07.47** Mæja býfluga
**08.00** Dóra könnuður
**08.24** Mörgæsirnar
**08.47** Doddi litli og Eyrnastór
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveinsson
**09.49** Lalli
**09.55** Rasmus Klumpur
**10.00** Lína Langsokkur
**10.25** Gulla og grænjaxlarnir
**10.37** Stóri og litli
**10.49** Hvellur keppnisbíll
**11.00** Zigby
**11.10** Ævintýraferðin
**11.25** Latibær
**11.47** Mæja býfluga
**12.00** Dóra könnuður
**12.24** Mörgæsirnar
**12.47** Doddi litli og Eyrnastór
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveinsson
**13.49** Lalli
**13.55** Rasmus Klumpur
**14.00** Lína Langsokkur
**14.25** Gulla og grænjaxlarnir
**14.35** Stóri og litli
**14.47** Hvellur keppnisbíll
**15.00** Zigby
**15.10** Ævintýraferðin
**15.25** Latibær
**15.47** Mæja býfluga
**16.00** Dóra könnuður
**16.24** Mörgæsirnar
**16.47** Doddi litli og Eyrnastór
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveinsson
**17.49** Lalli
**17.55** Rasmus Klumpur
**18.00** Lína langsokkur
**18.25** Gulla og grænjaxlarnir
**18.35** Stóri og litli
**18.47** Hvellur keppnisbíll
**19.00** Ástríkur á Goðabakka



Svampur Sveinsson kl. 09.24, 13.24 og 17.24 18.05

### GOLFSTÖÐIN

**08.00** Fatima Bint Mubarak Ladies Open
**11.45** Ladies European Tour - Highlights
**12.35** Turkish Airlines Open
**15.05** Shriners Hospitals for Children Open
**17.35** Inside The PGA Tour
**18.00** OHL Classic
**21.00** Champions Tour Highlights
**21.55** Inside The PGA Tour
**22.20** Golfing World
**23.10** PGA Tour 2016 - Highlights

### BÍÓSTÖÐIN

**11.00** Eat Pray Love
**13.20** Beethoven's Treasure Tail
**14.55** Earth to Echo
**16.25** Eat Pray Love
**18.45** Beethoven's Treasure Tail
**20.20** Earth to Echo Frábær fjölskyldumynd sem fjallar um ungan vinahóp sem fer að fá dularfull skilaboð í símana sína. Það kemur í ljós að skilaboðin koma frá litilli geimveru sem þarfnast aðstoðar.
**22.00** Get Hard
**23.45** That Awkward Moment Kærastan er nýbúin að segja Jason upp. Á sama tíma hefur eiginkona Mikey beðið um skilnað og hinn eilíflega einhleypi Daniel er enn einhleypur. Vinirnir ákveða að vera einhleypir saman og skemmta sér vel. En þá hittir Jason Ellie sem gæti verið sú eina rétta og Daniel fer að átta sig á að Chelsea vinkona hans gæti verið sú rétta fyrir hann. Mikey er þó enn sannfærður um að sú eina rétta fyrir hann sé fyrrverandi eiginkonan. Vinirnir þrír þurfa því að sinna öllu á sama tíma, bæði piparsveinalífinu og samböndum við konurnar og það getur valdið misskilningi.
**01.20** Pride and Glory
**03.30** Get Hard

### RÚV

**17.00** Last Tango in Halifax
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Stundin okkar
**18.26** Eðlukrúttin
**18.37** Vinabær Danna tígurs
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.05** Reimleikar
**20.35** Best í Brooklyn
**21.00** Versalir
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.25** Lögregluvaktin
**23.10** Baráttan um þunga vatnið
**23.55** Kastljós
**00.20** Dagskrárlok

### SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Pepsi MAX tónlist
